

Vísindin
efla alla dáð

Vala Kristín
Einarsdóttir
reynir að
sjá heiminn
með augum
persónunnar
sem hún
leikur
hverju
sinni 2



88 ára íþróttagarpur



Sigurður Haraldson er fjórfaldur heims-
meistari í kastgreinum og er ekki hættur 34

6
gómsætar
uppskriftir

Góðgæti fyrir letilegan
helgarmorgunverð 20



Fallvalt fjórða valc




Treystir fólk
ekki fjölmiðlur
til að veita
aðhald? 20

5. FEBRÚAR 2017

SUNNUDAGUR

Morgunblaðið



Hjartans pakkir!

Gautur Hansen var hætt kominn fyrir
skömmu vegna hjartasjúkdóms. Hann er nú
á batavegi eftir kransæðahjáveituaðgerð á
Landspítalanum sem Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir framkvæmdi ásamt teymi
sínu. Gautur leyfði Sunnudagsblaði Morgun-
blaðsins að fylgjast með aðgerðinni. 12

Í FÓKUS

SPURNING DAGSINS

Hvað er verstí matur sem þú hefur smakkað?



Þorgerður Hafsteinsdóttir
Það eru lambahjörtu. Ógeðslegt bragð!



Stefán Þór Halldórsson
Einhvers konar þorramatur, eitt-hvað af þessu ógeðslega. Annars borða ég allt.



Bryndís Sighvatsdóttir
Lifur.



Gunnar Jónsson
Ætli það sé ekki kæst skata.

Morgunblaðið/Ásdís



Morgunblaðið/Þorkell

Sukkað út á sjálf-gefið heilbrigði

Þær eru magnaðar síðurnar sem bíða lesanda í blaðinu þar sem Ragnar Axelsson ljósmyndari og Orri Páll Ormarsson fylgjast með, mynda og skrásetja kransæðahjáveituaðgerð á Landspítalanum. Þessar aðgerðir eru með stærstu og flóknustu hjartaaðgerðum sem gerðar eru, en sú fyrsta var framkvæmd fyrir rétt rúmum 30 árum. Þá var talið að íslenskir læknar réðu ekki við slíkar aðgerðir en annað kom á daginn.

Vísindin hafa gefið okkur mikið forskot á forfeður okkar og -mæður, tækifæri til að njóta lífsins lengur en þau gátu. Væri ég formóðir mín gæti ég svo vel hafa látist fyrir 10-15 árum úr berklum, barnsförum eða bara hreinum þrældómi.

En þakklætið, maður minn! Það er hætt við að því meira sem maður á, þeim mun meira eyði maður í stað þess að safna í sjóð. Stundum heldur maður að heilbrigði hljóti að vera orðið hálf átómatískt, þökk sé læknavísindunum. Þótt ég hafi ekki svo mikið sem blakað litlu tá síðan fyrir jól þykist ég ekki hafa neinar áhyggjur af hreyfingarleysi. Þótt ég leggist upp í rúm á kvöldin, breiði yfir mig sængina, taki upp bók og dreifi svo sælgætismolum yfir alla sængina til að tína upp í mig meðan ég les (til að þurfa ekki að teygja mig yfir á náttborðið) – hef ég þá áhyggjur af því að þetta líferni stytti líf mitt? Ekkert svakalega.

Ef ég væri formóðir mín og hefði ekki látist úr berklum eða barnsförum hefði þetta ekki verið í boði. Júlíana langalangamma mín átti 18 börn og ég dreg í efa að hún hafi stráð kandís yfir sængina sína á kvöldin. Hennar lífsstíll bauð heldur ekki upp á það að hún gæti farið í gegnum daginn án þess að haggast úr sporunum. Með krakkaströllu á eftir sér að sækja vatn og mjólka.

Svo hlær maður að þessum letiblóðum sem Rómarkeisasar voru. Hvernig þeir nenntu varla að teygja sig eftir vínberjunum til að láta þau detta ofan í kok. Of latir til að standa upp. Þegar það er varla neinn munur á slyttislegum lífsstíl í hornsófum og þessum letihlössum á legubekkjum sem enduðu á því að rústa rómverska heimsveldinu því þeir nenntu ekki einu sinni lengur að berjast sjálfir.

Ég ákvað að sýna læknavísindunum virðingu og borðaði því ekki sælgæti í gærkvöldi heldur ótrúlega leiðinlegt epli með afar þreytandi bragði. Svo maður sé ekki alltaf að nýta sér framfarir til að geta bara sukkað aðeins meir.

Pistill

Júlía Margrét
Alexandersdóttir
julia@mbl.is



Stundum heldur maður að heilbrigði hljóti að vera orðið hálf átómatískt, þökk sé læknavísindunum.



Morgunblaðið/ Kristinn Magnússon

VALA KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR SITUR FYRIR SVÖRUM

Gaman að kljást við tilraunir

Hvað finnst þér áhugavert við vísindi?

Vísindi eru áhugaverð fyrir þeirra hluta sakir að þau rannsaka eðli hlutanna. Af hverju heimurinn er eins og hann er bæði í stóra samhenginu og hinu smáa. Með því að skilja eðli hlutanna er síðan hægt að spá fyrir um atburði og ögra lögmálum. Fljúga, kveikja ljós, keyra, lækna sjúkdóma o.s.frv. Nánast allt í hversdegi okkar er til komið vegna vísindanna og þar leynast mörg undrin ef við opnum bara augun.

Hefur eitthvað óvænt og skemmtilegt komið upp á á æfingum fyrir sýninguna?

Það hefur gengið á ýmsu þegar kemur að tilraununum sem eru í sýningunni. Á æfingaferlinu þurftum við að sjálfsgöðu að prófa þær margoft og ein þeirra reyndist ekki eins auðveld og á horfðist. Í rauninni var hún bara röð vonbrigða. En það var gaman að kljást við hana og reyna þar til hún tókst að lokum, þegar við höfðum engar væntingar. Það var frábært.

Áttu þér eftirlætis vísindatilraun?

Þessi umrædda tilraun er ein af uppáhalds. Enda fer manni oft að þykja vænt um það sem maður þarf að hafa fyrir. Hún er síðasta tilraunin í sýningunni og því vil ég ekki gefa upp hvernig hún er. En annað finnst mér ótrúlega fallegt og það er að hella heitu vatni yfir þurrís. En þá skiptir hann um ham og verður strax að gasi. Eins og þungur reykur, nornagufa eins og ég kalla hana. Mjög gæjalegt.

Nú kannast margir við þig úr sketsapáttunum Þær tvær, hvernig á grínið við þig?

Mér finnst alltaf hálf skrítið að svara þessari spurningu. Þá liður mér eins og það sé verið að aðskilja húmor frá leiklist. En þetta er ekki aðskilið, húmor eða „kómedia“ er ein leið og mjög góð leið til að miðla sögum. Ef við getum hlegið að sögum slaknar á okkur og við erum meira tilbúin að hlusta. Best finnst mér til takast þegar ég get hlegið og grátið að einu og sama verkinu, því lífið er ekki bara fyndið eða hræðilegt, það er grátbroslegt. Í Þær tvær vorum við svo sem ekki að reyna að fá fólk til að gráta en með húmornum gefst leyfi til að hlæja að annars mjög alvarlegum málum. Þannig er hægt að vekja fólk til umhugsunar um mikilvæg mál án þess að drepa það úr leiðindum. En svo er aftur á móti mjög mikilvægt að taka sér pásu frá alvarleika og hlæja að vitleysu. Eins og ég segi, þetta er allt í bland.

Hvaða hlutverk eru skemmtilegust?

Öll hlutverk geta verið skemmtileg. Verkefnið er að spyrja nógu margra spurninga. Reyna að sjá heiminn með augum persónunnar og láta hana kenna sér eitthvað.

Hvað er síðan í vændum hjá þér?

Vísindasýning Villa er frumsýnd á laugardaginn. Mamma Mia verður á sínum stað út febrúar og vonandi áfram í vor. Ég er spunaleikari hjá Improv Ísland, sem er að hefja nýtt tímabil. Á miðvikudagskvöldum í Þjóðleikhúskjallaranum sýnum við gamansýningar sem eru allar spunnar á staðnum. Get ekki mælt nógu mikið með því, frábær skemmtun.

Ég stend í mínum fyrstu íbúðarkaupum og dauðlangar í langt ferðalag og ætla að koma því að við fyrsta tækifæri. Annars er ég bara að lifa lífinu mínu og reyna að gera það betur í dag en í gær.

Vala Kristín Eiríksdóttir fer með eitt af aðalhlutverkunum í sýningunni Vísindasýning Villa sem verður frumsýnd laugardaginn 4. febrúar í Borgarleikhúsinu.

Morgunblaðið

Ritstjórn

Árni Matthíasson amim@mbl.is Ásdís Ásgeirsdóttir asdis@mbl.is Einar Falur Ingólfsson efi@mbl.is Gunnþórunn Jónsdóttir gunnthorunn@mbl.is Inga Rún Sigurðardóttir ingarun@mbl.is Júlía Margrét Alexandersdóttir julia@mbl.is Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is Sigurborg Selma Karlsdóttir sigurborg@mbl.is Silja Björk Huldudóttir silja@mbl.is Skapti Hallgrímsson skapti@mbl.is

Hádegismóum 2,
110 Reykjavík.
Sími 5691 100

Útgáfufélag
Árvakur hf.,
Reykjavík.

Ritstjóri Davíð Oddsson
Ritstjóri og framkvæmdastjóri Haraldur Johannessen
Aðstoðarritstjóri Karl Blöndal

Umsjón
Eyrún Magnúsdóttir,
eyrun@mbl.is

Prentun
Landsprent ehf.

Forsíðumyndina tók
RAX

GÖTU- MARKAÐUR

LOKASPRETTUR ÚTSÖLUNNAR



ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM
OPIÐ TIL 18 Í DAG

INNLENT

SKAPTÍ HALLGRÍMSSON
skapti@mbl.is



Bygging tveggja hótela á Akureyri á næstu misserum, á vegum Íslandshótela og KEA, verður mikil búþót fyrir iðnaðarmenn. Þegar hótelin verða bæði komin í fullan rekstur verða síðan til mörg ný störf; gera má ráð fyrir að alls verði til hátt í 100 stöðugildi.



Sjallinn verður rífinn. Útlínur nýs Fosshótels gætu orðið um það bil eins og hér er sýnt.

Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Hótelherbergjum fjölgar verulega

Tvö ný hótél verða byggð á Akureyri á næstu misserum. Íslandshótel reisa allt að 120 herbergja hótél undir merkjum Fosshótela þar sem Sjallinn er nú og KEA hyggur á byggingu hótels, einnig í miðbænum, þar sem gætu orðið 150 herbergi

Tvö ný hótél verða væntanlega tekin í notkun á Akureyri innan tveggja ára. Annars vegar hafa forráðamenn Íslandshótela ákveðið að byggja hótél þar sem skemmtistaðurinn Sjallinn stendur, á horni Gránufélagsgötu og Glerárgötu, hins vegar hefur fjárfestingafélagið KEA í hyggju að reisa hótél á lóð sem félagið hefur tryggt sér annars staðar í miðbænum, á flötinni neðan við Akureyrarkirkju; á horni Drottningarbrautar og götuspotta sem kallast Austurbrú, skammt norðan gamla Samkomuhússins.

270 ný herbergi?

Nú eru 376 hótélherbergi í boði á Akureyri allt árið, en 580 yfir sumarið þegar Hótel Edda starfar í heimavist framhaldsskólanna, MA og VMA. Aukningin verður því veruleg: Íslandshótel hafa í hyggju að 120 herbergi verði í boði á nýju Fosshótelinu á Sjallareitnum og KEA hefur leyfi fyrir allt að 150 herbergjum á sínu hóteli. Reyndar er ekki ákveðið hve stórt það hótél verður en líkur eru á að KEA tilkynni það á allra næstu dögum, einnig hvort samið verður við hótélkeðju um að sjá um reksturinn eða KEA sér um þá hlíð mála sjálf.

Ólafur Torfason, stjórnarformaður Íslandshótela, segir nýtt Fosshótel á Sjallareitnum verða byggt í tveimur áföngum. Stefnt sé að því að taka fyrri hlutann í notkun á næsta ári en þann seinni árið 2019.

Byrjað verður á því að byggja meðfram Glerárgötu til suðurs, sem nú er óbyggt svæði, en þegar leigusamningur við Tónabúðina, sem er á

jarðhæð Sjallans, rennur út árið 2018, verður Sjallinn rífinn og uppbygging síðari hluta nýs hótels hefst.

Bílagemysla verður undir Fosshótelinu og ekki loku fyrir það skotið að á hluta jarðhæðarinnar verði verslanir.

Hið nýja Fosshótel verður álíka hátt og Ráðhús Akureyrar, sem er handan götunnar; fimm hæðir og sú efsta inndregin.

Íslandshótel reka Fosshótel víða um land, m.a. á Húsavík og Dalvík og verið er að leggja lokahönd á nýtt hótél við Mývatn.

„Við höfum góða trú á Norðurlandi sem ferðamannasvæði,“ segir Ólafur Torfason við Sunnudagsblað Morgunblaðsins. Mikill ferðamannstraumur sé um Suðurland og „höfuðborgarsvæðið orðið dálítið stappað,“ eins og hann orðaði það. Þess vegna sé nauðsynlegt að ferðamenn dreifist frekar um landið en verið hefur og hann er bjartsýnn á að svo verði.

Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, tekur í sama streng. „Á Mid Atlantic-ráðstefnu sem nýlega var haldin kom fram að öll merki séu um að suðvesturhornið sé hreinlega sprungið og nýrra leiða sé leitað til að markaðssetja önnur svæði. Ég held að á næstu tveimur árum verði eðlisbreyting á því hvernig ferðamenn dreifast um landið og tel að framtíðin sé björt hér fyrir norðan. Hér er flott vara í boði en allir þurfa að standa saman í þessu, ferðahjónustufyrirtæki á svæðinu, stjórnvöld og flugfélagið. Á það hefur skort svolítið hingað til en



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Nýtt hótél fjárfestingafélagsins KEA verður byggt á flötinni á horni Drottningarbrautar og Austurbrúar. Útlínur gætu orðið um það bil eins og hér er sýnt.

Rúmpláss fyrir 2.678

Nýju hótelin tvö á Akureyri verða þau stærstu í bænum.

Þegar allt er talið er nú rúmpláss fyrir 2.678 á hótélum og gistiheimilum í bænum og næstu sveitum að sumri.

Að vetrinum, þegar Edduhótelinu er ekki rekið á heimavist framhaldsskólanna, geta 418 færri gestir gengið til hvílu á sömu stöðum – 2.260 manns. Á Edduhótelinu eru sem sagt 418 rúm, í 204 herbergjum.

Sé aðeins miðað við hótél innan bæjarmarka eru 708 rúm (í 376 herbergjum) í boði yfir vetrartímann en 1.126 rúm (í 580 herbergjum) yfir sumarið.

Hótel KEA og Icelandair hótelinu eru þau stærstu á Akureyri; á KEA eru 104 herbergi og rúm fyrir 198 gesti, á Icelandair rúm fyrir jafn marga, í 99 herbergjum. Næst koma Hótel Kjarnalundur í Kjarnaskógi þar sem eru 59 herbergi og svefnpláss fyrir 109 manns, í Sæluhúsum, sem flokkast sem hótél, er rúmpláss fyrir 80 manns og á Hótel Norðurlandi er rými fyrir 74 gesti, í 41 herbergi.

Við þetta bætist gistirými í fjölmörgum íbúðum verkafélaga og íbúðum sem leigðar eru út í gegnum Airbnb. Ekki er ljóst hve margar þær eru.

ég á von að það breytist,“ segir framkvæmdastjóri KEA. Halldór nefnir í þessu sambandi að fróðlegt verði að sjá hvernig flug Flugfélags Íslands til Akureyrar frá Keflavík gengur en ferðamenn frá útlöndum munu geta flogið þaðan norður strax eftir komuna til landsins.

KEA hefur haft hótelið við Drottningarbraut í undirbúningi í nokkur ár. Halldór bendir á að framboð á hótélherbergjum í bænum hafi verið nánast óbreytt í fjögur til fimm ár en fjöldi ferðamanna á svæðinu hins vegar þrefaldast.

Markaðurinn breytist hratt

Samkvæmt skipulagi má KEA byggja hótél með allt að 150 herbergjum, ekki liggur ljóst fyrir hve stórt það verður en vænta má ákvörðunar fljótlega. Halldór segir markaðinn breytast hratt og krefjandi verkefni sé að finna formúlu fyrir ferðamann framtíðarinnar á Íslandi. Allt sé dýrara en áður vegna sterkari krónu og eitt af því sem KEA-menn velti nú fyrir sér sé hve íbúðir verði mikill á hótelinu, hver meðalstærð herbergja verði og þar fram eftir götunum.

Ekki er endanlega ljóst hvort KEA rekur hótelið eða semur við einhvern annan um það. Það skýrist fljótlega. Miðað er við að framkvæmdir við hótelið hefjist snemma í vor þannig að starfsemi gæti hafist vorið 2019.

Mikill vaxtarbroddur hefur verið í ferðamennsku á Norðurlandi undanfarið og spáð hefur verið allt að 20% fjölgun ferðamanna í landshlutanum á þessu ári.



Mazda bílar eru hannaðir af ástríðu, hvert einasta smáatriði vel ígrundað og úthugsað. Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi.

ELSKAÐU AÐ KEYRA



MAZDA CX-5 AWD



Brimborg

Bíldshöfða 8
110 Reykjavík

S. 515 7000

Tryggvabraut 5
600 Akureyri

S. 515 7050

mazda.is

ERLENT

ORRI PÁLL ORMARSSON
ormi@mbli.is

Jesus minn góður!

Brasilíski ungframherjinn Gabriel Jesus hefur fengið fljúgandi start hjá Manchester City í ensku knattspyrnunni. Hann er eini leikmaðurinn sem sex efstu liðin bættu við sig í janúarglugganum.

Éf frá eru taldir fyrstu sex leikirnir hefur fyrsti vetur Peps Guardiola í ensku úrvalsdeildinni ekki verið neinn dans á rós-um. Gengi Manchester City hefur verið upp og ofan og þegar fimmtán umferðir eru óleiknar er liðið heilum tíu stigum á eftir meistaraefnum Chelsea, sem líka lúta stjórn nýliða, Antonios Conte.

Eftir 4:0-tap gegn Everton á úti-velli um miðjan janúar fóru menn hreinlega að velta fyrir sér hvort Katalóninn, sem staflað hefur upp bikurum hjá sínum fyrri liðum, væri hreinlega búinn að tapa töframættinum. Í seinni tíð á City því ekki að venjast að vera á röngum enda þegar slík ósköp dýnja yfir.

Lái hver sem vill Guardiola fyrir að leggjast á bæn við þessi afleitu skilyrði og snúa sér beint til Jesú. Þá erum við raunar ekki að tala um þann fornfræga frá Nasaret, heldur nafna hans, Gabriel Jesus, brasilískan táning sem gekk í raðir City á dögnum. Hermt er að kært sé með þeim nöfnum og mun Jesus yngri hafa valið númer sitt hjá City, 33, Jesús eldri til heiðurs, en sagan segir að það hafi verið aldur frelsarans þegar hann dó á krossinum forðum daga.

Jesus yngri byrjaði í fyrsta skipti

inni á í deildarleik gegn West Ham United á útivelli í vikunni og gerði sér lítið fyrir og skoraði eitt mark og skóp annað fyrir Kevin De Bruyne í dísætum 4:0 sigri. Það hefur enginn leikmaður City gert í sögu úrvalsdeildarinnar, það er skorað og lagt upp mark í fyrsta byrjunarliðsleik sínum. Jesus var maður leiksins í flestum fjölmiðlum enda lék hann vörn West Ham ítrekað grátt með leikni sinni, leikskilningi og hraða. Þá þykir hann með afbrigðum vinnu-samur.

„Standi hann undir væntingum verður þetta fyrsta markið af mörgum,“ sagði breski lýsandinn þegar knötturinn söng í netinu.

Skilvirkur og fyrir augað Stuðningsmenn City höfðu raunar fengið forsmekkinn í bikarnum fáeinum dögum áður, þegar Jesus hóf leikinn og lagði upp mark fyrir Raheem Sterling.

Það er gömul saga og ný að leikstíll brasilískra framherja sé fyrir augað en ekki er sjálfgefið að hann sé að sama skapi skilvirkur. Jesus lofar strax virkilega góðu en gleymum því ekki að enginn verður kóngur krýndur á níutíu mínútum – eða 98 mínútum, ef við teljum með fyrsta deildarleikinn, gegn Totten-

Ég hef fundið Jesus!

Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Manchester City.



Gabriel Jesus fagnar fyrsta marki sínu fyrir Manchester City, gegn West Ham United í vikunni. Það fyrsta af mörgum! AFP

Víti að varast

Gabriel Jesus er ekki fyrsti brasilíski framherjinn sem kemur til Manchester City með bólgna væntingar á bakinu. Hver man ekki eftir Robson de Souza, Robinho? Hann var fyrsta stóra nafnið sem kom eftir að arabískir auðkíringar tóku félagið upp á sína arma 2008. Hann tók reyndar flugið í fyrstu en magalenti á öðru tímabili og kvaddi ekki beinlínis með kurt og pí. Hann leikur nú heima í Brasilíu. Víti að varast fyrir okkar mann, Jesus.



Robinho

ham Hotspur, en þá fékk Jesus að hlaupa af sér hornin undir lokin. Var þá strax mjög líflegur og kom tuðrunni í netið en var flaggaður rangstæður.

Eftir þann leik ræddi hann stuttlega við fjölmiðla og sagði framhaldið leggjast ljómandi vel í sig. „Þessar fyrstu vikur hafa verið frábærar; þvílíkur hópur leikmanna hérna. Liðsfélagarnir og aðrir starfsmenn félagsins hafa tekið mér opnum örmum og það skiptir höfuðmáli. Með hjálp annarra hefur mér þegar tekist að laga mig vel að þessu nýja lífi. Ég er hingað kominn til að hjálpa til og þiggja hjálp.“

Eins og svo margir ungir leikmenn hafði Jesus móður sína með sér til Manchester, auk eldri bróður og tveggja vina. Að sögn vildi kappinn helst hafa allt hverfið með sér að heiman en það var

víst ekki í boði. Hvað sem síðar verður.

Manchester City tryggði sér Jesus síðasta sumar en ekki var gengið endanlega frá viðskiptunum fyrr en nú í janúar. Kaupverðið var 27 milljónir sterlingspunda.

Jesus, sem verður tvítugur í apríl, hóf feril sinn hjá Palmeiras í heimalandinu fyrir tæpum tveimur árum, í mars 2015, og var valinn efnilegasti leikmaður deildarinnar það tímabilið. Hann var svo allt í öllu hjá liðinu á síðasta ári þegar Palmeiras vann fyrsta meistaratitil sinn í 22 ár og var valinn leikmaður ársins. Alls skoraði Jesus 28 mörk í 83 leikjum fyrir Palmeiras.

Jesus varð ólympíumeistari með brasilíska landsliðinu seinasta sumar og var í kjölfarið valinn í A-landslið Brasilíu. Hann skoraði strax í fyrsta leik, gegn Ekvador, og hefur þegar skorað fjögur mörk í sex landsleikjum. Miklar vonir eru bundnar við hann þar syðra og eitt er víst; herðist ekki í honum í Englandi gerist það hvergi.

FRAKKLAND

PARÍS Fréttamaður nokkur hefur kvartað undan því að sér hafi verið hent út af blaðamannafundi Marine Le Pen vegna þess að hann þótti ganga of nærri forsetaframbjóðandanum með spurningum sínum. Þegar hann spurði hvort það væri rétt að Le Pen hefði notað fé úr sjóðum Evrópuþingsins til að greiða starfsfólki sínu laun stígu tveir öryggisverðir fram og ýttu honum út úr salnum.



PÓLLAND

WROCLAW Bíl með risastórt auglýsingaskilti í eftirdragi verður ekið frá Póllandi til Bretlands, gegnum Þýskaland og Belgíu, til að minna á að útrýmingarbúðirnar í seinni heimsstyrjöldinni voru ekki pólskar, eins og gjarnan kemur fram í fjölmiðlum, heldur alfarið á ábyrgð Adolfs Hitlers og þýska nasistaflokksins. Rétt skal vera rétt.



BANDARÍKIN

WASHINGTON Kellyanne Conway, ráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, varð að athlægi í sjónvarpsviðtali í vikunni þegar hún kenndi tveimur íröskum ríkisborgurum um fjöldamorð í Bandaríkjunum árið 2011 sem aldrei átti sér stað. Mennirnir voru sannarlega fangelsaðir en það var fyrir að reyna að smygla vopnum úr landi en ekki fyrir að leggja á ráðin um hryðjuverk, hvað þá að fremja fjöldamorð.



TÜRKMENISTAN

ASHGABAT Forseti landsins, Gurbanguly Berdimukhamedov, hefur hafið kosningabaráttu sína en gengið verður að kjörborðinu síðar í þessum mánuði. Fáir reikna með því að hann nái ekki kjöri en þeim mun meiri spennu er fyrir því hverju hann tekur upp á á nýju kjörtímabili. Í vikunni flutti hann t.a.m. frumsamið lag fyrir hóp verkamanna.





**Egill
Arnason**™

HARÐPARKET

PERGO®

Í PRÓFÍL

Óskarsverð- launahafi mótmælir

ASGHAR FARHADI var mikið í fréttum í vikunni en þessi íranski leikstjóri tilkynnti að hann myndi ekki vera viðstaddur Óskarsverðlaunaafhendinguna í næsta mánuði, jafnvel þótt hann fengi undantekningu frá tilskipun Donalds Trumps Bandaríkjaforseta. Mynd Farhadi, *Sölumaðurinn* (*Forushande*), er tilnefnd til Óskarsins sem besta erlenda myndin. Farhadi hreppti Óskarinn í sama flokki fyrir kvikmyndina *Skilnaður Nader og Simin* (*Jodaeiye Nader az Simin*) árið 2012. Tilskipun Bandaríkjaforseta meinar fólki frá Íran, Írak, Líbíu, Sómalíu, Súdan, Sýrlandi og Jemen að koma til Bandaríkjanna næstu 90 daga. Hún bannar jafnframt öllum flóttamönnum að koma til landsins næstu 120 daga og sýr-lenskum flóttamönnum er bannað að koma ótímabundið.

Farhadi sendi frá sér yfirlýsingu um málið þar sem hann segist hafa ætlað að mæta en um leið mótmæla ástandinu. „Ég vildi ekki sniðganga viðburðinn í mótmælaskyni þar sem ég veit að margir í bandaríska kvikmyndaiðnaðnum og í Akademiunni eru á móti þessum öfgum,“ sagði hann. „Núna hefur komið í ljós að það er mikil óvissa sem ég get ekki sætt mig við, þó að það yrði gerði undantekning fyrir ferðalag mitt,“ sagði hann.

Farhadi er fæddur árið 1972. Fyrir utan að vera Óskarsverðlaunahafi er hann líka handhafi Golden Globe-verðlauna. Hann var valinn einn af 100 áhrifamestu mönnum í heimi af tímaritinu *Time* árið 2012. Hann er með BA-próf í leiklist frá Háskólanum í Teheran og MA-gráðu í leikstjórn frá Tarbiat Modares-háskóla. Hann gerði margar 8 mm og 16 mm myndir þegar hann var ungur en sneri sér svo að því að skrifa leikrit og kvikmynda-handrit.

Fyrsta kvikmynd hans sem vann til verðlauna utan heimalandsins var þriðja mynd hans *Flugeldar á miðvikudögum* (*Chaharshanbe-soori*) en hún fékk verðlaun á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Chicago. Fjórða mynd hans *Um Elly* (*Darbareye Elly*) fékk síðan Silfurbjörnninn á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín auk þess að vera valin besta myndin á Tribeca-kvikmyndahátíðinni. Hinn þekkti kvikmyndafræðingur og gagnrýnandi David Bordwell segir myndina vera meistaraverk.

Myndir Farhadi hafa allar hlotið sérstaklega góða dóma og þann 26. febrúar næstkomandi kemur síðan í ljós hvort hann bæti við sig öðrum Óskarsverðlaunum. ingarun@mbl.is



Leila Hatami og Peyman Moaadi í hlutverkum hjónanna Simin og Nader.

Tekist á við erfiðar spurningar

ÓSKARSVERÐLAUNIN

Myndin *Skilnaður Nader og Simin* (*Jodaeiye Nader az Simin*) segir frá hjónum sem þurfa að taka erfiða ákvörðun. Þau geta aukið lífsgæði barns síns með því að flytja til annars lands eða orðið eftir í Íran til þess að hugsa um foreldri sem glímir við heilsubrest og er með Alzheimers-sjúkdóminn.

Myndir Farhadi hafa allar hlotið sérstaklega góða dóma og þann 26. febrúar næstkomandi kemur síðan í ljós hvort hann bæti við sig öðrum Óskarsverðlaunum.



AFP

Með Óskarinn árið 2012.



Kiera Knightley styður Farhadi.

Mótmæli í London

STUÐNINGUR Einhver af stærstu nöfnunum í breska kvikmyndaheiminum eru nú að leita leyfis til þess að fá að sýna nýjustu mynd Farhadi fyrir utan bandaríska sendiráðið í London sama kvöld og Óskarsverðlaunahátíðin fer fram. Þetta er gert til stuðnings Farhadi og til að mótmæla stefnu Trumps. Guardian greinir frá þessu.

Í hópnum eru leikarar og kvikmyndagerðarfolk á borð við Julie Christie, Kevin Macdonald, Kieru Knightley og Terry Gilliam. Bréf þessa efnis var sent til Hugh Grosvenor, hertogans af Westminster, en einnig skrifuðu Andrew Arnold, Joshua Oppenheimer, Glenn Close og Mike Leigh undir bréfið.


Taraneh Alidoosti og Shahab Hosseini eru í aðalhlutverkum í *Forushande*. Myndin segir frá pari en samband þeirra versnar á meðan þau taka þátt í uppfærslu á Sölumaður deyr.



Farhadi ætlar ekki að sækja Óskarsverðlaunahátíðina.

AFP

VANTAR
ÞIG
PÍPARA?



Íslensku
þjónustufyrirtækin
eru á **finna.is**

FINNA ÞÚ FINNUR ALLT Á **FINNA.IS**

Harðlínumenn eru allir eins

PÓLÍTÍSKUR Farhadi var pólitískur í yfirlýsingunni sem hann sendi út í tilefni af Óskarnum. „Harðlínumenn, alveg sama af hvaða þjóðerni þeir eru, hvaða pólitísku rökum þeir beita eða hvaða stríð þeir heyja, líta á og skilja heiminn eins. Til þess að skilja heiminn skipta þeir honum upp í „okkur og þá“ og búa til skelfilega mynd af „þeim“ sem þeir nota til að hræða fólk í sínu eigin landi. Þetta á ekki bara við um Bandaríkin heldur einnig harðlínumenn í mínu eigin landi,“ sagði Farhadi sem trúir því að fólk í heiminum eigi miklu meira sameiginlegt en það sem skilji það að.

„Að niðurlægja eina þjóð undir því yfirsíni að það sé gert til að tryggja öryggi hjá annarri er ekki nýtt fyrirbæri í sögunni og hefur alltaf skapað frekari sundrunu. Hér með fordæmi ég þessa ósanngirni,“ sagði hann um tilskipun Trumps.



AFP

Farhadi tók þátt í að heiðra kvikmyndaleikstjórnann Abbas Kiarostami í Teheran í fyrra.

ÚTSÖLULOK
30-40%

AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM

CINTAMANI
dress code iceland

bankastræti • aðalstræti • austurhraun • smáralind • kringlan • akureyri • www.cintamani.is

VETTVANGUR

AF NETINU

Enn einu sinni fara af stað fjörugar umræður á Facebook um áfengi í verslanir. Sitt sýnist hverjum um málið.



Andrés Magnússon blaðamaður leggur orð í belg í umræðunni. „Ég sé að ýmsir af afturhaldssamari vinum mínum leggjast enn sem fyrr á móti þessu máli og sumir þeirra spyrja fússandi hvort þetta sé eina forgangsmálið hjá þessum þingmönnum, gjarnan með hnussi um frelsið. En ég spyr á móti, hvort þessum vinum mínum finnist það í alvöru vera forgangsmál að ríkisvaldið reki vínubúðir, í stað þess að það einbeiti sér að brynna verkefnum þar sem hlutverk hins opinbera er skýrara, jafnvel einstakt.

Um frelsið er þetta helst: Fólk sem vill aðeins eftirláta samborgurum sínum sumt frelsi, það er á móti frelsi.“

Fjalar Sigurðarson, markaðs- stjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð og



fyrrverandi fjölmiðlamaður, svarar þessari færslu svona: „Fólk sem vill aðeins eftirláta samborgurum sínum sumt frelsi, það er á móti frelsi.“ Klár maður eins og þú Andrés Magnússon átt ekki að láta gripa þig í svona rök-blindgötum. Það eru svo margar leiðir til þess að leiða þessa hendingu þínu fram af bjargi. Þó maður segi ekki annað en ökuljós, skoðun ökutækja, bílbelti, leyfi til að starfa sem tannlæknir, matargerð í atvinnuskyni, og svona gæti ég lengi, lengi haldið áfram. Vegna þess að ég vil ekki að

Taugaveikis-María selji rjómaþollur upp úr skúringarfötu á gangstéttinni án leyfis yfirvalda – þá er ég bara á móti FRELSI! Það er ekkert flóknara.“

Birgittu Jónsdóttur, Pírata og þingmanni, finnst að önnur mál ættu að vera í forgangi. Hún tjáir sig á Facebook og segir: „Setjum áfengisfrumvarpið í þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða sveitarstjórnarkosningum og einbeitem okkur að því að



ræða lausnir á þeirri staðreynd að fullt af fólki býr við enn þrengri kjör eftir breytingar á lögum um almannatryggingar. Þeirri staðreynd að lög um húsa-leigubætur hafa skert kjör fjölda landsmanna. Þeirri staðreynd að við erum í baráttu um frekari einkarekstur í heilbrigðiskerfinu. Fullt af börnum fara svöng að sofa. Fullt af fólki hefur ekki efni á að leysa út lyfin sín. Það líður ekki sá dagur sem ég hugsa ekki um það en alltaf skal það vera fyrsta afvega-leiðingin að ræða endalaust um sama frumvarp Sjálfstæðisflokksins um bús í búðir. Ég legg til að einhver skelli í undirskriftalista til þingmanna um að skella þessu bara í þjóðaratkvæði.“

Lára G. Sigurðardóttir, lækni-ir og fræðslustjóri hjá Krabba-meinsfélaginu, er algjörlega á móti áfengi í verslunum og tjáir sig á Facebook og vísar í grein sem hún skrifar á vísir.is. Þar segir hún meðal annars: „Ég vík ekki frá skoðun minni. Það er algjörlega óásættanlegt þegar þingmenn taka eigin hagsmuni og hagsmuni matvöruverslanaeigenda fram yfir hagsmuni samfélagsins og hagsmuni æskunnar.“



Morgunblaðið/Ómar

Á hlaupabretti íslenskunnar

Úr ólíkum áttum

Ögmundur Jónasson
ogmundur@althingi.is



Nýr framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Halldór Benjamín Þorbergsson, lýsti því yfir fyrir skömmu að nú yrði kapp lagt á það af hálfu samtakanna að brjóta íslenskunni leið inn í hinn tölvuvædda og stafræna heim. Ég skildi það svo að krossferð væri í þann veginn að hefjast.

Og viti menn, í vikunni var blásið til sóknar. Tilefnið var svokallaður menntadagur SA. Mér var boðið og ákvað ég að mæta. Aldrei þessu vant því ekki hef ég verið tíður gestur á fundum samtaka atvinnurekenda.

Þetta var þrumufundur. Í tvo klukkutíma hlýddi troðfullur salur á hvert erindið á fætur öðru þar sem tvennt var sagt í senn, að viðfangsefnið væri illviðráðanlegt ef þá yfirleitt hægt væri að ráða við það, en svo einnig að menn væru staðráðnir í að gera sitt besta. Bjartskýnan baráttutón var að heyra úr Stjórnarráði, háskólum, atvinnulífi og frá ýmsum meisturum tungutaksins sem kallaðir voru á svið.

Allt var túlkað íslenskunni í vil. Íslenskumælandi menn væru ekki ýkja margir, en latínan sem lifði góðu lífi og enginn vildi feiga, væri þó enn smærri á mælistiku hins talaða orðs. Nákvæmlega enginn hefði latínu að móðurmáli, og vita menn ekki, spurði Þórarinn Eldjárn og vitnaði m.a. til Sigurðar Pálssonar, skálds, sem á Degi íslenskrar tungu hafði sagt að í því væri fólgin styrkur að eiga að móðurmáli tungumál sem fáir töluðu; já, vita menn ekki, spurði Þórarinn að í hinu smáa getur verið fólgin styrkur? Menn legðu þeim mun meiri rækt við það sem þeir ættu gott en leituðu jafnframt inn í framan- lendum, og fyrir vikið opnuðust nýjar víddir og straumar víðs vegar að.

Sjálfur hef ég vikið að stærð smæðarinnar hér á þessum stað, í helgarblaði Morgunblaðsins, og þá jafnframt hve gagnlegt það getur verið að þurfa að hafa ögn fyrir hlutunum. Það ættu allir að geta skilið sem borga stórfé fyrir að fá að hlaupa á bretti án þess þó að færast úr stað. Áreynsla til hugar og handar færir okkur nefnilega úr stað þegar allt kemur til alls:

Sagt hefur verið að hugsunin tengist tungumálinu, blæbrigða-

munur tungumála feli í sér ólíka áferð hugsunar. Það getur verið kostur að þurfa að flytja sig á milli tungumála, eins og smáþjóðin þarf að gera. Það krefst umhugsunar um merkingu þess sem sagt er; hver sé munurinn á hugsun á einu máli og öðru. Þannig auðgar og frjóvgar margbreytileikinn og skerpir hugsun.

Sumir hafa lag á að segja hlutina á þann hátt að hreyfir við mönnum. Á fundinum góða hafði Þórarinn Eldjárn á takteinum öll rök sem hugsanlega er hægt að tefla fram íslenskunni til varnar og sóknar. Meira að segja af því bara var nefnt við fögnuð viðstaddra en þegar huldumeyjan var kölluð til vitnis skildi ég hve íslenskur salurinn var

þrátt fyrir enskumælandi snjallsím- ana og stafrænuna alla sem flestir viðstaddra kunnu uppá tíu fingur.

Þórarinn var ekki kominn langt í Völuvísu Guðmundar Böðvarssonar þegar allir voru með á nótnum. Eitt verð ég að segja þér áður en ég dey, /enda skalt þú börnum þínum kenna fræði mín, /sögðu mér það álfarnir í Suðurey, /sögðu mér það dvergarnir í Norðurey, /sögðu mér það gullinnmura og gleymmérei/ og gleymdu því ei: /að hefnist þeim er svikur sína huldumey, /honum verður erfíður dauðinn.

Út af þessum ljóðlinum lagði Þórarinn með hárfinni blöndu af gamni og alvöru en salurinn hlustaði. Greinilegt var að þar inni ætlaði enginn að fara að deyja frá ókláruðu verki, hvað þá að lenda uppá kant við sína huldumey. Það gera menn ekki. Svo mikið skilja Íslendingar enn.

Áreynsla til hugar og handar færir okkur nefnilega úr stað þegar allt kemur til alls

KAWAI
PIANOS

Japanskt
meistaraverk


Landsins mesta
úrval af píanóum
í öllum verðflokkum.
Hjá okkur færðu
faglega þjónustu,
byggða á þekkingu
og áratuga reynslu.



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

ÁNÆGJA EFLING
AFKÖST



JAKKAFATA JÓGA
jakkafatajoga.is

REYKJANESBÆR | SELFOSS | AKUREYRI | REYKJAVÍK

PEUGEOT 2008

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX



KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT

VERÐ FRÁ:
2.590.000 kr.
Eyðsla frá 3,5 l/100 | CO₂ losun frá 90 g/km

FRELSI TIL AÐ FARA

Gæði Peugeot 2008 heilla þig strax. Draumabíllinn þinn sem vilt sparneytinn, snaggaralegan bíl með mikla veghæð og háa sætisstöðu. Bíllinn sem veitir þér frelsi til að fara þangað sem þú vilt. Peugeot 2008 er glæsilegur bíll með mjúkum línum sem hentar við fjölbreyttar aðstæður. Peugeot 2008 er framdrifinn, duglegur í snjónum og með stórt farangursrými, 16,5 cm veghæð og innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Puretech vélarnar eru þekktar fyrir sparneytni og fánlegar bæði beinskiptar og sjálfskiptar.

PEUGEOT 2008

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

HJARTAADGERÐ

Eilíbbð, eilíbbð

Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér!
Hjónin Gautur Hansen og Anna A. Ingvadóttir í fjörunni heima í Ólafsvík.

Um 250 opnar hjartaaðgerðir eru framkvæmdar á Landspítalanum á ári hverju og eru kransæðahjáveituaðgerðir um tveir þriðju aðgerðanna. 98% sjúklinga lifa aðgerðina af, og eru þá taldir með þeir sem koma á spítalann í hjartaáfalli, og lífslíkur þessara sjúklinga og lífs-gæði hafa aukist til muna. Blaðamaður og ljósmyndari Sunnudagsblaðs Morgunblaðsins voru viðstaddir eina slíka aðgerð fyrir skemmstu. Hún heppnaðist vel en sjúklingurinn, Gautur Hansen frá Ólafsvík, hafði bæði fyrir og eftir aðgerðina góðfúslega samþykkt að segja lesendum sögu sína.

Myndir: Ragnar Axelsson rax@mbl.is
Texti: Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is

Sjáði! Þetta er auðvitað fallegasta líffærið. Um það verður ekki deilt,“ segir Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og gefur okkur merki um að gægjast niður í brjóst sjúklingsins á skurðarborðinu. Gollurshúsið hefur verið opnað og sjálft hjartað blasir við; slær berskjaldað í þéttum takti, eins og stofuklukkan í Brekkukotsannál sem sagði sællar minningar „eilíbbð, eilíbbð“. Ekki svo að skilja að tilgangurinn sé að færa sjúklingnum eilíft líf en gangi allt að óskum munu lífslíkur hans aukast umtalsvert. Kransæðarnar voru nefnilega orðnar verulega stíflaðar og án inngrips í formi kransæðahjáveituaðgerðar væri hann í bráðri lífshættu.

„Við skurðlæknar erum auðvitað alltaf að metast og ég segi gjarnan við ristil- og þvagfæraskurðlæknana að það að krúka í hjörta sé eins og að vera flugstjóri hjá Austrian Airlines og hafa Alpna fyrir augunum á hverjum degi,“ heldur Tómas áfram.

Já, því er misskipt, útsýni sérgreinanna, nú eða stéttanna yfir höfuð!

Batinn varanlegri

Hálfrí annarri klukkustund áður liggur sjúklingurinn tilbúinn á skurðarborðinu á skurðstofu 5 á Landspítalanum. Hann hefur verið svæfður og bíður þess æðrulaus er verða vill. Aðgerðarteymið er að koma sér fyrir, hver hlekkur hefur sínu hlutverki að gegna í keðjunni. Frammi á gangi eru hjartaskurðlækarnir Tómas Guðbjartsson og nafni hans Tómas Þór Kristjánsson að þvo sér vel og vandlega með sótthreinsandi sápu. Framundan er opin hjartaaðgerð, nánar tiltekið kransæðahjáveituaðgerð, og í slíkum aðgerðum eru skurðlæknarnir alltaf tveir. Kransæðahjáveituaðgerð er mun flóknari aðgerð en kransæðavíkkun, sem oft dugar til, en ekki ef þrengslin eru í helstu kransæðagreinum eða þegar

kransæðar eru alveg stíflaðar. Og þótt opin hjartaaðgerð sé mun umfangsmeiri en kransæðavíkkun þá er árangurinn til lengri tíma alla jafna betri. Batinn er varanlegri og minni líkur á að sjúklingurinn þurfi að koma aftur á sjúkrahús vegna hjartavandamála.

Læknarnir eru færðir í þar til gerða sloppa, setja á sig tvöfalda gúmmihanska og bera grímu fyrir vitum. Allt er í mannlegu valdi gert til að draga úr hættu á sýkingu. Skurðlæknarnir bera sérstök gleraugu með stækkunarglerjum sem gera þeim kleift að sjá betur smæstu kransæðar. Ekki veitir af, sumt sem býr í brjóstinu er svo smátt að það blasir ekki við beru auganu.

Þegar skurðlæknarnir hafa komið sér fyrir er gátlistinn dreginn fram; hver er sjúklingurinn, hvað amar að honum, hvaða aðgerð á að framkvæma og þar fram eftir götunum. Sjálf-sagt ekkert ólíkt því sem á sér stað í flugstjórnarklefa breiðbotu fyrir flugtak. Allt stemmir og Tómas Guðbjartsson tekur af skarið: „Jæja, þá heffumst við handa!“

Í hæfilegri fjarlægð

Slettirekunum úr Hádegismóum, sem ekki hafa í annan tíma orðið vitni að opinni hjartaaðgerð, eru gefin skýr fyrirmæli og holl ráð; ekkert í nágreinni sjúklingsins má snerta og halda þarf sig í hæfilegri fjarlægð frá sjúklingnum og aðgerðinni sjálfri. Þó megu við koma mun nær en maður hafði fyrirfram gert sér í hugarlund. Það sem við sjáum ekki með berum augum getum við skoðað á sjónvarps-skjá til hliðar.

Útsýnið er best að ofanverðu, frá sjónarhorni svæfingalæknisins, Felix Valssonar. Hann reynist hinn greiðvinkasti, hleypir okkur ítrekað fram fyrir sig og fræðir okkur um sitt-hvað tengt aðgerðinni meðan á henni stendur.

Hér er engin áhætta tekin, ef á reyni yrði gestunum að sjálfsgöðu vikið snarlega til hlið-

ar. Þess utan er skurðaðgerðarteymið vant því að hafa gesti á stofunni, einkum lækna- og hjúkrunarnema en í sérstökum tilvikum aðra. Þannig fylgdist Baltasar Kormákur, leikari og kvikmyndaleikstjóri, vandlega með hverju handtaki í aðgerð sem þessari meðan hann bjó sig undir hlutverk Finns hjartaskurðlæknis í Eišnum, einni vinsælustu kvikmynd síðasta árs hér á landi.

„Balti var upphaflega að gæla við að láta Finn vera heilaskurðlækni en ég taldi hann á að gera hann frekar að hjartaskurðlækni, það væri miklu myndrænna,“ segir Tómas Guðbjartsson, sem gegndi hlutverki ráðgjafa við myndina, en áhersla var lögð á að hafa atriðin á skurðstofunni sem raunverulegust. „Ég vona að vinir mínir, heilaskurðlæknarnir, fyrirgefi mér þetta, en við erum auðvitað í sífellndri keppni um það hvorir séu klárastir og skemmtilegastir, heila- eða hjartaskurðlæknar.“

Ferðu ekki bara í lækninn?

Leiklistin á raunar sinn fulltrúa í þessari aðgerð líka, Maríu Thelmu Smáradóttur, sem brautskráðist sem leikkona frá Listaháskóla Íslands á síðasta ári og fer nú með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Föngum á RÚV. Hún starfar um þessar mundir á Landspítalanum og fær í fyrsta skipti tækifæri til að fylgjast með opinni hjartaskurðaðgerð. „Ferðu ekki bara í lækninn í framhaldinu?“ spyr Tómas, þegar hann sér áhugann stafa frá Maríu.

„Nei, ætli ég haldi mig ekki bara við leiklistina,“ svarar hún.

„Jæja, en þú getur þá sérhæft þig í því að leika hjartaskurðlækni, en íslenskur kvenlæknir, Ragnheiður Marta Jóhannesdóttir, er einmitt nýbryrjuð í sérnámi í hjartaskurðlækningum í Svíþjóð, fyrst íslenskra kvenna,“ segir Tómas. Honum þykir það afar ánægjulegt, enda fyrrverandi nemandi hans.



Tómas Guðbjartsson er mikill útivistarmaður og ver frítíma sínum gjarnan á fjöllum.

Tómas og Tómas taka sér stöðu hvor á sínum staðnum til að byrja með. Guðbjartsson við brjóst sjúklingsins og hefst handa við að spretta því upp; Kristjánsson við vinstri fótlegginn til að sækja bláæðina sem notuð verður við hjáveituna. Sem betur fer er tvöfalt bláæðakerfi í hvorum fótlegg, þannig að læknana munar ekki um að stela annarri í hjáveituna. „Annað hvort er þetta ótrúleg tilviljun eða þá að almættið hefur beinlínis hugsað fyrir þessu; gert ráð fyrir varahlutum,“ segir Tómas Guðbjartsson en báðir njóta læknarnir dyggrar aðstoðar skurðhjúkrunarfræðinga, Matthildar Guðmannsdóttur, Vigdísar Árnadóttur og Öldu Jörundsdóttur, í aðgerðinni. Sjúklingurinn er skorinn nánast frá ökkla upp að nára og æðin fiskuð upp. Magnað er að fylgjast með því handverki. Þegar æðin er klár, eftir um það bil klukkustund, er hún lögð í bleyti í bolla á skurðstofunni meðan hún bíður nánari skoðunar og þess að vera tengd á kransæð sjúklingsins. Æðin minnir þessi leikmannsaugu einna helst á ánamaðk. Nema hvað hún er auðvitað hol að innan. Innra mál hennar er hálfur til einn sentimetrí.

Sviðalykt berst snemma að vitum á skurðstofunni enda brenna skurðlæknarnir jafnóðum fyrir og hefta æðar, þar sem þurfa þykir; annars myndi sjúklingnum blæða hratt út.

Grófasti hluti aðgerðarinnar
Við kransæðahjáveitu er bringubein opnað endilangt og þannig komist að hjartanu. Þegar Tómas hefur skorið sig niður að beininu og spennnt frá dregur hann upp litla og huggulega vélsög. „Mörgum þykir það grófasti hluti aðgerðarinnar þegar beinið er sagað,“ varar hann okkur við. „Það kemur alveg fyrir að það líði yfir nema þegar við byrjum að saga, en þá gætum við þess að þeir detti ekki í sárið og að einhver grípi þá.“ Síðan ræsir Tómas sögina og andartaki síðar er bringubeinið galopið.



Hjartaskurðlæknarnir Tómas Þór Kristjánsson og Tómas Guðbjartsson búnir að þvo sér vel og vandlega með sótthreinsandi sápu og tilbúnir að hefja aðgerðina á skurðeild Landspítalans.

Fyrsta kransæðahjáveituaðgerðin var framkvæmd í Bandaríkjunum fyrir rúmlega hálfri öld og hafa aðgerðirnar í raun breyst sáralítið síðan; þóttu strax mjög árangursrík meðferð við lífshættulegum sjúkdómi sem alvarlegur kransæðasjúkdómur getur verið.

Fyrsta aðgerðin á Landspítalanum var gerð sumarið 1986 en áður höfðu sjúklingar farið utan í hjáveituaðgerðir, einkum til Bretlands en líka til Bandaríkjanna. Fyrstu íslensku hjartaskurðlæknarnir og skurðstofuhjúkrunarfræðingarnir hlutu þjálfun í Uppsölum í Svíþjóð.

Tómas Guðbjartsson segir það að þurfa að fara utan hafa haft óhagræði og óþægindi í för með sér fyrir sjúklingana, auk þess sem sýkingarhætta var allnokkur. Frægasta dæmið um það er Karvel heitinn Pálmason alþingismaður sem sýktist illa í hjáveituaðgerð í

„Við skurðlæknar erum auðvitað alltaf að metast og ég segi gjarnan við ristil- og þvagfæraskurðlæknana að það að krukka í hjörtu sé eins og að vera flugstjóri hjá Austrian Airlines og hafa Alpana fyrir augunum á hverjum degi.“

Lundúnum. Ljósmyndir sem birtust í fjölmíðlum af bringu hans eru öllum sem þær sáu ógleymanlegar. Á þeim árum var hreinlæti mjög ábótavant á breskum sjúkrahúsum.

Undir enn meira álagi
Tómas segir fyrstu hjáveituaðgerðina héraendis hafa farið fram í sérstöku og frekar nei-

kvæðu andrúmslofti en málsmetandi menn í samfélaginu höfðu lýst því yfir að þeir myndu aldrei gangast undir hjartaaðgerð hér heima. Traustið í garð íslenskra lækna var ekki meira.

Fyrir vikið voru læknarnir undir enn meira álagi en þeir hefðu þurft að vera þegar þeir framkvæmdu fyrstu aðgerðina á Valgeiri Vilhjálmssyni þann 14. júní 1986. „Það var erfitt fyrir teymið og spítalann að byrja í þessum mótvindi en ætli það sé ekki dæmigert fyrir íslenska læknisfræði,“ segir Tómas.

Aðgerðin heppnaðist ljómandi vel og Valgeir, sem þá var 62 ára, náði fljótt góðri heilsu og lifði í 26 ár til viðbótar. Upp frá því var hann aldrei kallaður annað en Valgeir fyrsti. „Valgeir var merkilegur maður sem lifði miklu lengur en flestir stjórnmálamennirnir sem voru að þræta um ágæti aðgerðanna,“ segir Tómas.

Síðan hafa hátt í sjö þúsund opnar hjartaaðgerðir verið framkvæmdar á Landspítalanum og eru kransæðahjáveituaðgerðirnar um tveir þriðju aðgerðanna. Rúmlega 98% sjúklunga lifa aðgerðina af, og eru þá taldir með þeir sem koma á spítalann í lífshættulegu hjartaáfalli. Eðli málsins samkvæmt eru það flóknustu tilföllin.

Um 250 opnar hjartaaðgerðir eru framkvæmdar á spítalanum á ári hverju af fjórum hjartaskurðlæknum sem þar starfa. Hjartaskurðlæknarnir hafa allir langa sérfræðimenntun að baki, flestir í Svíþjóð en líka í Bandaríkjunum, en eftir sex ára læknánám, ár sem kándídat og tvö ár sem deildarlæknir tekur sjálft sérnámið í hjartaskurðlækningum við, oft hátt í átta til tíu ár. „Þetta er með lengsta námi sem þekkest og menn toppa sig yfirleitt ekki fyrr en eftir miðjan aldur,“ segir Tómas.

25% eldri en 75 ára
Athygli vekur að 25% þeirra sem fara í kransæðahjáveituaðgerð eru eldri en 75 ára. Fyrstu

HJARTAADGERÐ



Aðgerðin hefst; húðin opnuð með skurðhníf.



Fitulagið opnað með sérstökum rafhníf.



Vélsög klýfur bringubeinið í tvennt.



Gollurshúsið opnað að framanverðu.



Hjartað kælt með klaka meðan það er stopp.



Bláæðargræðlingur tengdur við hjartað.



Innri brjóstholsslagæð saumuð á kransæð.



Fingri potað í hjartað sem fer aftur af stað.

Tómas Guðbjartsson tekur niður slagæðagræðling á innanverðum brjóstvegg á sama tíma og nafni hans Kristjánsson leitar uppi bláæðagræðling til fóta. Þeir eru notaðir til að tengja framhjá stífl-uðum kransæðum.



Hjartaskurðlæknarnir Tómas Þór Kristjánsson og Tómas Guðbjartsson takast í hendur og kasta mæðinni eftir vel heppnaða aðgerð.



Skurðlæknarnir ræða við Öldu Jörunds-dóttur, skurðstofu-hjúkrunarfræðing.



Búið að opna gollurshúsið og hjartað knúsað.



Bláæðagræðlingurinn tekinn úr ganglim.



Búið að koma fyrir slöngu fyrir hjartavélina.



Bláæðin úr fætinum lekaprófuð með saltvatni.



Startkaplar tengdir til að hraða á hjartanu.



Bringubeini lokað með tóngum og stálvír.



Sárið saumað og fitulagi yfir bringubeini lokað.



Húðin saumuð með saumi sem eyðist.

HJARTAADGERÐ

árin sem aðgerðin var gerð hér á landi var sjaldgæft að fólk á þeim aldri væri skorið upp enda þótti það upp til hópa ekki nægilega hraust til að þola aðgerðina.

Langtímaávinningur af aðgerðinni er mjög góður og að sögn Tómasar eru lífslíkur sjúklinganna eftir hana svipaðar og lífslíkur jafnaldra þeirra sem aldrei hafa kennt sér meins. Við fæðingu geta íslenskar konur sem kunnugt er vænst þess að verða rúmlega 83 ára en karlarnir 81, sem er með því besta sem þekkest í heiminum.

Fékk ekki að spila Sigur Rós

Andrúmsloftið á skurðstofunni er notalegt; teymið þekkest vel og vinnur sem einn maður. Einbeitingin er aðdáunarverð en inn á milli gefst tóm til að spjalla og jafnvel slá á léttu strengi. Hér eru vanir menn á ferð.

Tómas Guðbjartsson upplýsir að stundum sé leikin tónlist á skurðstofunni meðan á aðgerð stendur. Einn kollegi þeirra vildi bara hlusta á Sigur Rós og gerðist sú angurværa tónlist teyminu á endanum hvímeið. „Þannig að hann hraktist aftur til Bandaríkjanna,“ segir Tómas glettinn. „Sjálfur er ég mikill aðdáandi Sigur Rósar en líka mikill djassgeggjari en sú tónlist mælist af einhverjum ástæðum ekki vel fyrir hjá öðrum á skurðstofunni. Það verður að spila músík sem allir kunna við og bætir afköstin. Annars er betra að sleppa henni.“

Komið er að því að tengja svokallaða innri vinstri brjóstholsslagæð (LIMA) á vinstri framveggsgrein hjartans (LAD) og tengja bláæð úr fótlegg frá ósæð til annarra kransæðagreina sem eru þrengdar og þurfa hjáveitu. Þannig er súrefnisríku blóði veitt til hjartavöðvans framhjá kransæðþrengslunum.

Af græðlingum sem notaðir eru við þessar aðgerðir endist innri brjóstholsslagæðin best, en rúmlega 95% þeirra eru opin eftir tíu ár, að því er fram kemur í grein Tómasar Guðbjartssonar og Arnars Geirssonar í Kransæðabókinni sem kom út fyrir jólin. Til samanburðar er áætlað að um 60-70% bláæðagræðinga séu opin eftir tíu ár, sem þýkir gott. Árangurinn er sífellt að batna því sjúklingarnir eru látnir taka barnamagnýl og kólesteróllækkandi lyf ævilangt sem heldur æðunum betur opnum. Það eru því örfáir sem þurfa að fara aftur í hjáveituaðgerð en sumir geta stundum þurft að láta vikka þrengsli í nýju æðunum.

Pegar allt er klárt fyrir hjáveituna sjálfa taka þeir Tómasar bláæðina til ræklegrar skoðunar; sprauta til að mynda saltvatni gegnum hana til að ganga úr skugga um að hún leki ekki. Bestu búturnir eru valdir og er hver þeirra um 20 sentimetrar. Í þessu tilfelli lítur „varahluturinn“ bara ljómandi vel út en þó er þörf fyrir smávægilegar lagfæringar. Og hér þarf hvert einasta spor að sitja því nýja æðin má ekki leka; hún kemur framvegis til með að veita blóði til hjartavöðvans. Æðin er eins og bakraddasöngvari í hljómsveit sem skyndilega er falið að „fronta“ bandið.

Stífla breytist í foss

Tómas Guðbjartsson sýnir okkur stífluna í kransæðunum með því að þræða nál í gegn um 2 mm gat á kransæðinni; hún nemur hreinlega staðar. Svo þétt er stíflan. Horfandi á vatnið renna áreynslulaust gegnum nýju æðina er auðvelt að skilja hvílikur munur þetta verður fyrir sjúklinginn. Stífla breytist í foss.


Kransæðahjáveitu er hægt að framkvæma á sláandi hjarta en það er sjaldan gert í dag. Hitt er algengara að aðgerðin sé gerð með aðstoð hjarta- og lungnavélar, eins og í þessu tilviki, sem mettar blóð sjúklingsins utan líkamans og heldur uppi blóðrás og blóðþrýstingi við aðgerðina.

Blóðið er þynnt viljandi með heparíni svo það storkni ekki í hjarta- og lungnavélinni. Vélin gerir læknum kleift að stöðva hjartað, um leið og hún sér um að dæla blóði fyrir hjartað og súrefnismetta blóðið fyrir lungun. Þannig getur skurðlæknirinn unnið með kyrrt hjarta og jafnvel opnað það.

Það var bandaríski skurðlæknirinn John Heysham Gibbon sem hannaði fyrstu hjarta- og lungnavélin á sjötta áratugnum, en tilkoma hennar gerði mönnum kleift að gera



Gautur á gjörgæslu klukkustund eftir aðgerð. Tómas fylgist með ásamt Maríönnu Magnúsdóttur.



Gautur á göngudeild viku frá aðgerð með deildarlæknum Einari Teiti Björnssyni.

flóknari hjartaaðgerðir, til dæmis opna hjartað og skipta um hjartalokur. Það er kaldhæðni örlaganna að Gibbon lést sjálfur af völdum hjartaáfalls, þegar hann var að spila tennis árið 1973.

Það er magnað að fylgjast með blóðinu renna um slöngur á skurðstofunni. Vélin er líflína sjúklingsins meðan á aðgerðinni stendur og ekkert má út af bera við tenginguna við hjartað. Þá deyr sjúklingurinn. Tómas er mjög skýr hvað þetta varðar og við höldum niðri í okkur andanum meðan á þessu stendur. Hvorki dettur hins vegar né drýpur af Tómasi enda stendur hann ekki að þessu nákvæmnisverki í fyrsta skipti. Allt blóðið er endurnýtt með því að saga það aftur inn í hjarta- og lungnavélinu og ekkert fer til spillis. Fyrir vikið er ekki þörf á blóðgjöf.

Nú setur Tómas töng á ósæðina og stöðvar hjartað með því að dæla inn í það kaldri kalíumríkra lausn. Þannig er hjartað stöðvað alveg og gerir læknum hægara um vik að sauma æðatengingarnar með fingerðum nælonþræði. Smám saman hættir þetta mikilvæga líffæri að slá og skreppur í framhaldinu saman.

„Sjáði þetta!“ segir Tómas og tekur um hjarta sjúklingsins. „Núna er ég bókstaflega að knúsa hjartað. Svona alvöru hjartaknúsi!“

Segðu!

Því næst eru fingerðir ísmolar bornir að borðinu og Tómas mylur klakann niður í brjósthol sjúklingsins; betra er að halda hjartanu köldu meðan það er ekki að slá, og þá til að minnka súrefnisnotkun hjartans sem liggur í eins konar dvala. Að sögn Tómasar er óhætt

„Það kemur alveg fyrir að það líði yfir nema þegar við byrjum að saga, en þá gætum við þess að þeir detti ekki í sárið og að einhver grípi þá.“

að stöðva hjartað í tvo til fjóra klukkutíma við þessar aðstæður; eftir það getur orðið erfiðara að koma því í gang aftur.

Hér eru menn vel innan tímamarka því hjarta sjúklingsins er ræst aftur að 45 mínútum liðnum. Þá er búið að sauma fjórar nýjar kransæðatengingar og hjartað getur tekið við sínu hlutverki á ný af vélinni góðu.

„Bulldog“ og „Ameríkani“

Læknar og hjúkrunarfræðingar tala vitaskuld sitt eigið tungumál og fjölmörg orð fjúka meðan á aðgerðinni stendur, sem maður ýmist kannast ekki við eða þekkir í allt öðru samhengi. „Distalt“ og „proximalt“ heyrir aftur og aftur en það merkir einfaldlega nær og fjær í læknisfræðilegu samhengi. Þá biðja lækarnir um „startkapla“, „bulldog“ og „Ameríkana“. „Bulldog“ er hundsleg klemma, flóknara er það ekki, og „Ameríkani“ gleiðmynt töng. Segir sig sjálft, ekki satt?

„Það fer reyndar eftir því hvar maður er,“ upplýsir Tómas. „Þegar maður segir þennan brandara um Ameríkana á skurðstofu í Svíþjóð veltast menn um af hlátri en þegar ég vann í Boston stókk ekki nokkrum manni bros.“

Í ljósi nýjustu aðstæðna er spurning hvort

ekki þurfi að þrengja heitið á tönginni; kalla hana einfaldlega Donald Trump. Varpa þeirri hugmynd hér með fram!

Um þrjár klukkustundir eru liðnar og nú er bara eftir að loka sárinu. Þeir Tómasar hefja saumaskap af slíkri fími að reyndustu saumakonur (nú eða -karlar) myndu finna til smæðar sinnar. Kostulegt er að fylgjast með þeim loka bringubeininu – með stálvír úr ryðfríu þýsku gæðastáli. „Voruð þið ekki í byggingarvinnu í gamla daga, strákar? Þetta eru sömu handtökin,“ segir Tómas og sviptir mér á augabragði aftur á Leirurnar á Akureyri; þar sem ég tók þátt í að reisa heilt nesti á sinni tíð. Það er þá tvennt sem ég er með á hreinu í læknisfræðinni; rithöndin og vírbindingarnar.

Í flestum tilvikum er vírinn varanleg viðbót við líkamann en í einu af hverjum tuttugu tilfellum veldur hann verkjum og þá er sjúklingurinn svæfður og vírinn fjarlægður. Að sögn Tómasar er það stutt aðgerð og menn eru komnir á fulla ferð fáeinum dögum síðar.

Forðast mikinn kulda

Talið berst að höndum skurðlæknanna og Tómas staðfestir að eðli málsins samkvæmt verði þeir að hlúa vel að þeim. Sjálfur er hann mikill fjallagarpur en stundar til dæmis ekki kletta- eða ísklifur, vegna hættu á handa- og fingrameiðslum. Þá forðast hann mikinn kulda vegna hættu á kalsárum. Missi hjartaskurðlæknir mátt í fingri eða fingrum eða hluta af fingri er afar hæpið að hann geti sinnt sínum skyldum í flóknum hjartaaðgerðum. Maður veitir fyrir sér hvort ekki ætti hreinlega að geyma þessar hendur í bómull milli aðgerða – en það væri vitaskuld dálítið ýkt.

„Við erum smá pempíur með hendurnar á okkur og ég er til dæmis ekki þessi týpa sem er með fingurna alla kámuga í smurólíu ofan í húddinu á bílnum. Það yrði ekki vinsælt að koma með skítuga fingur á skurðstofuna,“ segir Tómas.

Enda þótt búið sé að sauma sjúklinginn vel og vandlega saman fellur alltaf eitthvert blóð til í brjóstholinu og það er drenað gegnum slöngur sem standa út úr kviðnum. Hver skurðlæknir hefur sitt lag og Tómas Guðbjartsson gerir þrjú göt. Nafni hans Kristjánsson tvö. „Við gerum þetta hver með sínum hætti hérna á spítalanum sem þýðir að við þekkjum alltaf sjúklingana okkar þegar við förum í sund,“ segir Tómas Guðbjartsson. „Tvö ör þýðir Tommi Krist, þrjú göt Tommi Guð en viðurnefnin eru skírskotun til netfanganga okkar, og okkur er oft strítt á þessum kristilegu skírskotunum, enda sjálfsálit hjarta-skurðlækna alþekkt.“

Hvernig væri þá að kveikja á ryksugunni?

Góðu dagsverki er lokið og teymið gefur sér tíma til að gleðjast yfir vel heppnaðri aðgerð. Ekki ólíkt því sem „strákarnir okkar“ eða „stelpurnar okkar“ gera eftir frækinn sigur á vellinum. Hér er það liðsheildin sem skiptir öllu máli og ekkert teymi er sterkara en veikasti hlekkurinn. Vissulega eru skurðlæknarnir ígildi framherjanna sem setja mörkin og fá mestu athyglina en án allra hinna kæmust þeir aldrei gegnum aðgerð af þessu tagi. Það veit enginn betur en þeir sjálfir.

Og enginn skyldi efast um að þeir séu á réttri hillu í lífinu. Það staðfestir gamansaga sem Tómas Guðbjartsson segir okkur í kveðju-skyni – af sjálfum sér.


Einu sinni var hann veikur heima af inflúensu þegar smiður kom til að sinna viðhaldi á baðherberginu hjá honum. Smiðurinn, sem var með hlussu heyrnarhlífur, þurfti að bora í veggflísar og það Tómas, fyrst hann var á staðnum, að hjálpa sér. Verkefnið var í því fólgið að halda ryksugunni undir bornum þannig að sem minnst ryk félli á gólfið. Eftir stundarkorn hætti smiðurinn að bora, tók af sér heyrnarhlífarnar, og horfði í augun á Tómasi.

„Fyrirgefðu, gæskur. Við hvað starfar þú eiginlega?“

„Ég er hjartaskurðlæknir,“ svaraði Tómas um hæl. Býsna brattur á náttfötunum.

„Einmitt það,“ svaraði smiðurinn vantrúadur. „Hvernig væri þá að kveikja á ryksugunni“

Skurðstofuteymið glatt að loknu góðu dagsverki: Vigdís Árnadóttir skurðstofuhjúkrunarfræðingur, María Thelma Smáradóttir, leikkona og ritari, Matthildur Guðmannsdóttir skurðstofuhjúkrunarfræðingur, Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir, Felix Valsson svæfingalæknir, Tómas Þór Kristjánsson hjartaskurðlæknir, Alda Jörundsdóttir, skurðstofuhjúkrunarfræðingur og Steinunn Snæbjörnsdóttir, svæfingarhjúkrunarfræðingur.



Ókeypis
heymarmæling
síðan 2004

Beltone **Legend™**



Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend™** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is



HJARTAADGERÐ



Tómas Guðbjartsson ræðir við Gaut og Önnu, eiginkonu hans, á spítalanum tveimur dögum eftir aðgerð. Með þeim á myndinni eru tvö af þremur börnum Gauts og Önnu, Jóhanna og Ingvi. Eldri sonurinn, Eiríkur Leifur, var ekki viðstaddur.

„Pabbi, þú ferð ekkert að skilja okkur eftir!“

Gautur Hansen, eigandi bifvéla verkstæðis í Ólafsvík, er á góðum batavegi eftir kransæðahjáveitu- aðgerð á Landspítalanum fyrir skömmu. Lítil aðdragandi var að veikindunum og Gautur er þakk- látur fyrir að ekki fór verr. Hann hlakkar til að endurheimta fyrri styrk og verða „betri en nýr“.

Gautur Hansen er hraustlegur þegar hann tekur á móti blaðamanni og ljósmyndara Morgunblaðsins og ótrúlegt til þess að hugsa að réttum tveimur vikum áður hafi hann gengist undir opna hjartaaðgerð á Landspítalanum. „Mér líður bara ljómandi vel; þetta er allt að koma,“ segir hann, spurður um heilsuna.

Eiginkona hans, Anna A. Ingvadóttir, tekur undir þetta og þykir merkilegt hversu fljótur bóndi hennar hafi verið að komast á ról eftir svo viðamikla aðgerð.

Gautur, sem er 65 ára að aldri, hefur alla tíð verið hraustur og bar veikindin brátt að. „Ég hef reyndar farið í eftirlit hjá hjartalækni tvisvar á ári í meira en fimmtán ár en það er saga um hjartasjúkdóma í báðum mínum ættum,“ segir Gautur en faðir hans lést sextugur úr hjartasjúkdómi og bróðir hans aðeins 38 ára. „Það hefur hins vegar alltaf komið vel út, þannig að mig grunaði ekki að ég væri í neinni yfirvofandi hættu.“

Í algjörrri afneitun

En skjótt skipast veður í lofti. Gautur rekur eigið bifreiðaverkstæði og hjólbarðahjónustu í Ólafsvík og eftir mikla vinnutörn í haust skellti hann sér í stutt frí til Þýskalands, ásamt Önnu eiginkonu sinni. „Strax á fyrsta degi fór ég að finna fyrir miklum brjóstverk sem leiddi út í báða handleggja. Við hjónin vorum á göngu og ég varð hreinlega að nema staðar. Til að byrja með var ég í algjörrri afneitun; þetta hlyti bara að vera vöðvabólga, en þegar verkurinn lagaðist ekki hringdi ég í hjartalækninn minn, Gissur Gottskálksson, og hann sagði mér að leita þegar í stað til læknis.“

Gautur fór á heilsugæslustöð í Þýskalandi og var strax gefið lyf til að lækka blóðþrýstinginn og látinn hafa sprengitöflur sem honum var sagt að nota ef hann fyndi mikið til. Þá var honum ráðlagt að koma strax aftur ágerðist verkurinn.

Gautur fann áfram fyrir verknum og tók það rólega sem eftir lífið ferðar. „Satt best að segja bjóst ég ekki við því að þetta væri alvarlegt; hélt í versta falli að það þyrfti að blása mig þegar ég kæmi heim. Fyrir vikið hafði ég engar sérstakar áhyggjur.“

Hann þurfti þó að taka sprengitöflu á flugvellinum fyrir brottför eftir að hafa rogast inn með ferðatöskurnar – þvert á tilmæli Önnu.

Við komuna heim fór Gautur beint sem leið lá á Hjartagáttina, hjartamiðstöð Landspítalans, þar sem ákveðið var að senda hann í hjartapræðingu fáeinum dögum síðar. Þar kom í ljós að veikindin væru mjög alvarleg; stífla í þremur helstu kransæðum og að Gautur þyrfti að gangast undir opna hjartaaðgerð.

Sambland af sjokki og þakklæti

Þetta var á mánudegi og rétttri viku síðar fór hann undir hnifinn. „Ég var lagður strax inn og tengdur við einhverja vél. Þetta var rosalegt sjokk enda bjóst ég alls ekki við því að ástand mitt væri svona alvarlegt,“ rifjar hann upp.

Anna segir tilfinninguna hafa verið sambland af sjokki og þakklæti; þetta hefði nefnilega getað farið miklu verr. Þau hefðu í raun verið að leika sér óafvitandi að eldinum úti í Þýskalandi. „Það er svakalegt til þess að hugsa,“ segir hún.

Að sögn Gauts var vikan sem hann lá á spítalanum og beið eftir aðgerðinni að vonum lengi að líða. Ekki bætti úr skák að skammt var til jóla og þá vilja menn helst ekki þurfa að liggja á spítala.

Hjónin segja orð Tómasar Guðbjartssonar hjartaskurðlæknis þó hafa róað sig mikið en hann tjáði þeim að enda þótt aðgerðin væri stór og mikil þá væri áhættan í raun lítil; aðgerðir sem þessi tækjust alla jafna mjög vel. „Auðvitað vorum við kvíðin en Tómas var mjög rólegur og yfirvegaður sem var hughreystandi fyrir okkur,“ segir Anna en þau Gautur eiga þrjú börn og fimm barnabörn sem eðli málsins

samkvæmt var líka mjög brugðið vegna þessara skyndilegu veikinda.

„Tómas skýrði þetta allt saman mjög vel út fyrir okkur og á honum var að skilja að líkja mætti þessu við smávægilega bilun í bíl og stefnt væri að því að setja í mig nýja 8 sílindra vél,“ segir Gautur brosandi. Við það róaðist verkstæðismaðurinn.

Þau bera Tómasi afar vel söguna. „Hann kemur vel fyrir og er augljóslega mjög fær á sínu sviði – enda sækir hann annað slagð orku í Snæfellsjökul,“ segir Gautur brosandi en Tómas er mikill fjallagarpur.

Þekkti ekki manninn sinn

Enda þótt aðgerðin hafi reynt duglega á líkamann fékk hugurinn góða hvíld vegna svæfingarinnar. „Blessaður vertu, ég var svæfður snemma um morguninn og man ekkert eftir mér fyrr en um kvöldmatarleytið,“ segir Gautur.

Honum leið strax þrýðilega, þökk sé öflugum verkjalyfjum.

Fljótlega var hann meira að segja orðinn nógu hress til að hringja í spúsu sína.

„Almáttugur,“ segir Anna. „Það var furðulegt símtal.“

Nú?

„Ég þekkti ekki manninn minn.“

Hún hlær.

„Læknirinn hafði látið mig vita strax eftir aðgerðina að hún hefði heppnast vel en ég bjóst ekki við því að heyra í Gauti fyrr en morguninn eftir.“

Símtalið var nokkurn veginn svona:

Sæl!

Sæll!

Hvað segir þú?

Hver er þetta?

Þekkirðu mig ekki?

Nei.

Ég er að selja áskrift að Morgunblaðinu!

Þá fyrst hringdu þjöllur í höfðinu á Önnu.

Þetta var þá eiginmaður hennar að stimpla sig

Gautur og Anna á göngu í fjór- unni við Ólafsvík þremur vik- um eftir aðgerðina. Hann er á góðum batavegi eftir alvarleg veikindi og lífið blasir við á ný.

inn eftir aðgerðina. Augljóslega ekki búinn að glata húmornum.

„Mér til vorkunnar þá var röddin í honum dálítið breytt enda var hann búinn að vera lengi með barkarennu í kokinu,“ bætir Anna við.

Þau hlæja.

Indælt og gott starfsfólk

Gautur braggaðist hratt og örugglega fyrstu dagana og eina bakslagið var lítillsháttar hjart- sláttartruflanir á fimmta degi. Þær liðu hratt hjá en komu þó í veg fyrir að hann gæti borðað jólasteikina heima. Hann útskrifaðist rétttri viku eftir aðgerðina; mánudaginn 26. desember.

Gautur og Anna eiga íbúð í Reykjavík, sem barnabarn þeirra býr í. Þar dvaldist hann fyrstu dagana eftir að hann yfirgaf spítalann og snæddi áramótakvöldverðinn í faðmi sinna nánustu. „Ég gat að vísu ekki skorið kjötið vegna verkja í bringubeininu en geri það bara næst,“ segir hann.

Þrýðilega fór um Gaut á Landspítalanum. „Starfsfólk spítalans er indælt og gott og það var hugsað mjög vel um mig. Ég kann öllu þessu fólki bestu þakkir.“

Nokkuð hefur verið rætt og ritað um þrengsli á spítalanum að undanförmu en Gautur reyndi það ekki á eigin skinni; var allan tíma



Ég var nokkuð bjartsýnn á hana [aðgerðina] eftir útskýringar Tómasar en hugsa meira um það sem hefði getað gerst úti í Þýskalandi. Ég var mun veikari en ég gerði mér grein fyrir og er heppinn að ekki fór verr.



Gautur og Anna í heimsókn á bifreiðaverkstæðinu hjá sonarsyni sínum, Jóhanni Eiríkssyni.

ann á sjúkrastofu. „Það var hins vegar annar maður frammi á gangi í tvo eða þrjá daga meðan ég var þarna og maður fann óneitanlega til með honum.“

Verður betri en nýr

Nú þegar hann er kominn heim hlakkar Gautur til að endurheimta fyrri styrk og hella

sér af fullum krafti aftur út í lífið. „Mér skilst að ég verði betri en nýr,“ segir hann brosandi.

Tíu dögum eftir aðgerð var hann farinn að ganga úti, spölkorn á dag, og finnur hvernig þrekið eykst með hverjum göngutúrnum. Búið er að panta fyrir hann pláss á Reykjalundi, þar sem markviss endurhæfing mun fara fram í

fjórar vikur síðar í vetur. Fram að því mun hann hitta sjúkrapjálfa heima í Ólafsvík. Það tekur bringubeinið átta vikur að gróa að fullu og á meðan þarf Gautur að fara varlega. Hann vonast til að verða kominn aftur til vinnu um það bil þremur mánuðum eftir uppskurðinn. „Ef ég þekki minn mann rétt verður hann byrjaður að kíkja fyrir í vinnuna,“ segir Anna sposk á svipinn og Gautur útilokar það ekki. Hann geti örugglega byrjað að sinna bókhaldiinu áður en hann leggst aftur undir bílana. Jóhann Eiríksson, sonarsonur Gauts og Önnu, sem er bifvélaþvirkir, starfar á verkstæðinu með afa sínum og heldur því gangandi í hans fjarveru. Gautur fæddist í Stykkishólmi en hefur búið í Ólafsvík frá sautján ára aldri. Þaðan er Anna og lesendur geta því lagt tvo og tvo saman. Gautur hefur verið iðjúsamur gegnum tíðina og að mestu unnið fyrir sjálfan sig; fyrst í meira en aldarjórðung í trilluútgerð en bílaverkstæðið keypti hann fyrir níu árum, í félagi við son sinn, Eirík Leif. „Þegar ég hætti í útgerðinni réð ég mig til starfa á bensínstöð en það átti ekki við karlinn, þannig að ég keypti bílaverkstæðið og hef rekið það síðan.“

Dauðinn kom upp í hugann

Anna lýsir honum sem týpunni sem er alltaf í vinnunni og Gautur staðfestir það með svipn-

um. „Það er alltaf nóg að gera. Ég á mótorhjól og snjósleða en það er aldrei tími til að sinna þeim áhugamálum,“ segir hann. Það er helst að hann slaki á erlendis en hjónin gera talsvert af því að ferðast. Þegar mönnum hefur aldrei fallið verk úr hendi gæti endurhæfing eins og sú sem nú stendur fyrir dyrum reynt á þolrifin og hjónin viðurkenna að þau séu undir það búin. „Ég er svolítið kvíðin fyrir því,“ segir Anna og glottir út í annað. Gautur viðurkennir að dauðinn hafi komið upp í hugann eftir að hann veiktist; ekki þó endilega í sambandi við aðgerðina. „Ég var nokkuð bjartsýnn á hana eftir útskýringar Tómasar en hugsa meira um það sem hefði getað gerst úti í Þýskalandi. Ég var mun veikari en ég gerði mér grein fyrir og er heppinn að ekki fór verr.“ Spurður hvaða lærdóm hann dragi af því svarar Gautur: „Tengdasonur minn ráðlagði mér um daginn að vinna minna og ferðast meira og það er alveg til í dæminu að maður fari að þeim ráðum. Svona alvarleg veikindi reyna á aðstandendur, ekkert síður en þann sem veiktist, og mér verður hugsað til orða dóttur minnar meðan ég lá á spítalanum fyrir aðgerðina: Pabbi, sagði hún og horfði í augun á mér, þú ferð ekkert að skilja okkur eftir!“

FRÉTTASKÝRING

Fallvalt fjórða vald: Trump, traust, falskar fréttir og sannlíki

Winston Churchill sagði einu sinni að lygin færi hálfa vegu um heiminn áður en sannleikurinn næði að klæða sig í buxurnar. Hann sagði líka: Allt sem þú lest er lygi.

Anna Marsibil Clausen annamarsy@mbl.is

Hvorug fullyrðinganna hér að ofan er sönn svo vitað sé. Jú, fyrri tilvitnunin er líklegri til að tilheyra Churchill en hún hefur einnig verið eignuð Mark Twain. Nú virðist enginn vita fyrir víst hver var svona klár. Churchill gæti svo vel hafa verið sammála seinni tilvitnuninni en í þetta skiptið var þó vitnað í hljómsveitina Maus.

Trúðirðu lygin? Eða hefðirðu kannski átt að gúgla betur eins og Sveinbjörg Birna um árið? Hugsanlega runnu á þig tvær grímur en kannski treystirðu öllu því sem stendur í þessum mæta miðli. Slíkt traust má kannski rekja til fornrar frægðar miðilsins eða almennt vand- aðra vinnubragða en svo á hann það líka hugsanlega til að staðfesta þína eigin heimssýn.

Síðastnefnda ástæðan er talin ein sú helsta fyrir því að einn hópur Bandaríkjamanna ákvað að kjósa Donald Trump í embætti forseta án þess að hinn hópurinn gerði sér grein fyrir að raunverulegar líkur væru á að svo gæti farið. Báðir hóparnir bjuggu í sínum eigin bergmáls- hölfum og afskrifuðu hinn.

Bandarískt fjölmiðlafólk, innan sem utan meginstraumsins, stendur nú frammi fyrir bergmálshöfnum og veltir fyrir sér hvernig hægt sé að ná í gegn á tímum falskra fréttu (e. fake news), sannlíkis (e. alternative truth) og sí- þverrandi trausts almennings á þeim stofn- unum sem það starfar fyrir. Sérstaklega þegar nýkjörinn forseti gerir allt hvað hann getur til að vinna gegn þeim.

Sigur byggður á vantrausti

Á Íslandi hefur traust til fjölmiðla farið þverrandi síðustu ár samkvæmt könnunum MMR. Sömu sögu er að segja í Bandaríkjunum en þar virðist staðan jafnvel verri.

Árið 2015 treystu 40 prósent Bandaríkja- manna fjölmiðlum „mjög vel“ eða „nokkuð vel“ samkvæmt Gallup. Í könnun sem birtist í sept- ember 2016 höfðu aðeins 32 prósent aðspurðra svo jákvæða afstöðu. Traustid fór þverrandi þvert á flokkslínum milli ára en fallið er þó lang- mest hjá Repúblíkönun; úr 32 í 14 prósent.

Miðað við þá orðræðu sem leiðtogar repú- blíkana hafa haft uppi um hlutdrægni fjölmiðla í kosningunum 2016 koma þær niðurstöður lítið á óvart. Donald Trump og félagar eiga þó ekki alla sökina. Traust Bandaríkjamanna til fjöl- miðla hefur nefnilega verið á stöðugri niðurleið frá 2005 og Trump nýtti sér einfaldlega stöð- una.

Jafnvel áður en Trump var kjörinn forseti vöruðu margir við því að vantraustið væri hans helsta vopn. Þeirra á meðal var Neal Gabler, sem benti á svipaða herkaensku Söruh Palin.

„Fyrir átta árum kallaði hún fram þá hug- mynd að til væru „alvöru Bandaríkjamenn og svo elítan“, skrifaði Gabler fyrir netmiðilinn Moyers & Company. „Að fjölmiðlar væru með- al elítunnar og að þegar fjölmiðlar veittust að henni væru þeir í raun að veitast að þeim raun- verulegu Bandaríkjamönnum sem hún stæði fyrir.“

Gabler sagði Trump veita áhangendum sín- um tvö skotmörk til að hata og ala á reiði þeirra. Með því að láta kosningarnar snúast um fjölmiðla, ekki síður en um Clinton, gæti hann aukið líkur sínar á sigri.

„Það að gagnrýna Trump er þannig hugs- anlega gildra og fjölmiðlar munu annaðhvort ganga beint í hana eða reyna að tipla á tánum framhjá henni.“

Þar sem hlutleysið bregst

Oft er rætt um fjölmiðla sem fjórða valdið, það afl lýðræðisins sem ætlað er að veita fram- kvæmda-, löggjafar- og dómssvaldinu aðhald. En hversu mikið getur aðhaldið verið ef fólkið sem fjölmiðlum er ætlað að vernda treystir þeim ekki til verksins?

„(...) ef þú leggur trúna á hlutleysi í rúst, rústarðu getu fjölmiðla til að rannsaka og gagn- rýna með árangursríkum hætti,“ skrifaði fyrr- nefndur Gabler.

New York Times, Washington Post og Buzz- feed voru á meðal þeirra miðla sem bönnuðu blaðamönnum að taka þátt í kvennagöngum þar síðustu helgi, nema til að fjalla um þær. Slík krafa er samkvæm hefðum og venjum stétt- arinnar síðustu áratugi og byggist á sjónar- miðum um hlutleysi. Eins og Jerry Iannelli benti á í skrifum fyrir Miami New Times þýddi það þó að komið var í veg fyrir „að stór hluti blaðamanna fengi að krefjast þess að þeirra eigin borgaralegu réttindi og jafnræði væru virt af ríkisstjórninni“.

Munu stuðningsmenn Trump ekki alltaf geta sakað alla kvenkyns blaðamenn og þá sem til- heyra minnihlutahópum um hlutdrægni hvort eð er, einfaldlega fyrir þær sakir að stefnumál hans eru þeim fjandsamleg? Er hin áratuga- gamla hlutleysisregla blaðamannastéttarinnar kannski skrifuð af hópi fólks sem hafði sjaldan einhverju persónulegu, sem viðkom daglegu lífi þess, að mótmæla? Svo aftur sé vitnað í Ian- nelli: „Á hvaða tímupunkti mega blaðamenn veita uppgangi einræðisherra mótsöðu?“

Að því sögðu er nauðsynlegt að endurheimta þá skynjun almennings að hlutleysið ráði för.

Í greiningu Pew-rannsóknarmiðstöðvarinnar frá 2013 kom í ljós að algengasta ástæðan fyrir vantrausti gagnvart fjölmiðlum var upplifun lesenda af pólitískri hlutdrægni. 76 prósent svarenda töldu fjölmiðla hampa einni pólitískri hlið yfir aðra og 75 prósent töldu fjölmiðla verða fyrir of miklum utanaðkomandi áhrifum.

Blaðamenn eru manneskjur og manneskjur eru hlutdrægar. En án hlutleysis er ekkert traust og án trausts falla fjölmiðlar.

Lygi, ósannindi eða sannlíki

Áður en Trump var svarinn í embætti sagði Gerard Baker, ritstjóri Wall Street Journal, að miðill hans færi varlega í að nota orðið „lygi“ yf- ir þau ósannindi sem Trump héldi opinberlega fram.

Þó er ljóst að Trump hefur ítrekað end- urtekið ósannindi eftir að þau hafa verið hrakin. Raunar reyndust 70 prósent af þeim fullyrð-



Lygari eða einfaldningur? Donald Trump ræðir við fjölmiðla í Trump turninum gulli slegna í New York. Sannað er að Trump segir reglu- lega ósatt en erfiðara er að stað- festa að það sé með vilja gert.



AFP

Fréttamenn á innsetningarathöfn forsetans 20. janúar. Í vikunni tísti Donald Trump að fjölmiðlar væru „stjórnarandstaðan“ en hann notar Twitter mikið til að koma skoðunum sínum á framfæri.



AFP

Trump er umdeildasti stjórnmálamaður samtímans en einnig er umdeilt hvernig best sé að fjalla um hann í fjölmiðlum. Nýkjörinn forseti virðist gera allt hvað hann getur til að vinna gegn þeim.



Þó er ljóst að Trump hefur ítrekað endurtekið ósannindi eftir að þau hafa verið hrakin. Raunar reyndust 70 prósent af þeim fullyrðingum hans sem Pulitzer-verðlaunamiðillinn PolitiFact rannsakaði á meðan á kosningaherferðinni stóð ekki halda vatni. Aðeins fjögur prósent reyndust rétt og 11 prósent að mestu rétt.

(Ísl. villandi sannindi) sem uppgötvaðist fyrst á áttunda áratugnum og hefur sannað áhrif sín með nýlegum uppgangi falskra fréttu. Falskar fréttir eru ekkert nýtt. Sumar verða til fyrir misskilning eða lélega rannsóknarvinnu og aðrar eru hreinn og beinn uppspuni. Slíkum fréttum fór mjög svo fjölgandi í kringum kosningarnar vestra þegar tækifærissinnar uppgötvuðu að hægt væri að hafa gríðarlegar auglýsingatekjur af því að semja lygasögur í fréttatón um frambjóðendurna. Slíkar fréttir, sem flestar voru og eru miðaðar inn í bergmálshólf íhaldssamra Bandaríkjamanna og annarra stuðningsmanna Trumps, fóru á flug í gegnum samfélagsmiðla. Meðal þeirra voru fregnir af því að páfinn hefði lýst yfir stuðningi við Trump og fullyrðingar þess efnis að Hillary Clinton hefði selt vopn til samtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki. Milljónir Facebook notenda lásu og/eða deildu þessum fréttum.

Fyrir tíma internetsins voru blaða- og fréttamenn eins konar hliðverðir upplýsinga. Almenningur varð einfaldlega að treysta því sem fjölmiðlar settu fram sem sannleika þar sem fáar aðrar leiðir voru færar til upplýsingaöflunar.

Við lifum að flestu leyti á betri tímum. Upplýsingar eru vald og með tilkomu internetsins var fjórða valdið að hluta fært til fólksins sem ekki þarf lengur að treysta í blindni. En það þýðir líka að rangar upplýsingar geta lifað betra lífi en ella, inni í téðum bergmálshólfum, og lítið hefur verið gert til að bæta upplýsingalæsi almennings í því samhengi.

Það sem meira er; stöðugildum fyrir sannreynara innan fjölmiðlafyrirtækja hefur fækkað að gríðarlega á síðustu árum.

Naflaskoðun og skjaldborg almennings
Krafan um hraða og tregða til að bregðast við nýju rekstrarumhverfi hefur sett fjölmiðla í aukna hættu á að birta ósannindi. Meginstraumsmiðlar láta enda reglulega gleppast af fólkskum fréttum gróðabraskaranna og voru hægir til að birta greinargóðar útskýringar á ósannindum Trump-herferðarinnar. Kjör Trumps hefur þó leitt til naflaskoðunar og aukinnar ábyrgðartilfinningar meðal margra sem starfa á, reka og styrkja fjölmiðlafyrirtæki.

Eins og Winston Churchill sagði: Á misjöfnu þrífast börnin best. Gæti verið að í forsetatíð Trumps – sem sigldi inn í embætti á skútu vantrausts og lyga – felist einmitt tækifæri fréttamanna til að hljóta uppreist æru? Gæti verið að með því að sameina einn hóp gegn fjölmiðlum hvetji Trump hinn hópinn til að mynda um þá skjaldborg?

Nú þegar Repúblíkanar eru í meirihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings, Trump situr í Hvíta húsinu og hefur styrkt íhaldssamari væng hæstaréttar leita margir aftur til fjórða valdsins.

Við þurfum á því að halda til að sortera í gegnum sannlíkið sem við getum ekki gúgglað allan daginn út og inn. Við þurfum á því að halda til að veita upplýstrum öruggt svæði til að segja frá glæpum ríkisstjórnar. Við þurfum á því að halda svo að óþægilegar staðreyndir séu ekki þaggaðar niður og til þess að gera stjórnendur hins mannlega heims ábyrga fyrir orðum sínum og gjörðum.

Eða bara til að koma í veg fyrir að við fáum iðrasýkingu af því að gleypa allt hrátt með telexinu.



Talsmaður Hvíta hússins, Sean Spicer, sakaði fjölmiðla um að segja rangt frá fjöldataölum við innsetningarathöfn Trump og krafðist Trump fleiri mynda af innsetningarathöfninni.



Stephen Bannon, aðalráðgjafi forsetans, og fyrrum stjórnarformaður öfga-hægri miðilsins Breitbart News, sagði nýlega í viðtali við New York Times að „fjölmiðlar ættu að halda sér saman“.

ingum hans sem Pulitzer-verðlaunamiðillinn PolitiFact rannsakaði á meðan á kosningaherferðinni stóð ekki halda vatni. Aðeins fjögur prósent reyndust rétt og 11 prósent að mestu rétt. Til samanburðar reyndust 26 prósent fullyrðinga Hillary Clinton rangar.

Eins og Baker benti á er erfitt að vita fyrir víst hverjar af fullyrðingum Trump og undirmanna hans eru lygar. Að baki lygi þarf eftir allt að búa ásetningur, og oft er erfitt að staðhæfa með vissu að einhver sé lygari fremur en einfaldlega illa upplýstur eða í afneitun. Á dögum þjó þó einn af ráðgjöfum forsetans, Kellyanne Conway, óvart til nýtt orðatiltæki: „Alternative truth“, eða „sannlíki“ fyrir ósannindi ríkisstjórnar Trump. Orðið felur í sér þá hugmynd að allt sé afstætt en sú afsannast í flýti þegar þekktustu ósannindum Trump er velt upp.

Barack Obama fæddist í Bandaríkjunum, innsetningarathöfn Trumps í embætti sló ekki áhorfsmet og sigur Hillary í atkvæðum talið kom ekki til fyrir sakir milljóna ólöglegra kjóenda. Allir helstu fjölmiðlar heims hafa hrakið andstæðar fullyrðingar, þær eru ekki afstæðar, en engu að síður trúir stór hluti Bandaríkjamanna þeim enn.

Í grein sinni fyrir Politico bendir Maria Konnikova á að þegar Trump hafi sérstakan áhuga á að dreifa ósannindum endurtaki hann þau einfaldlega. Aftur, og aftur, og aftur.

„Það kemur í ljós að einföld endurtekning sömu lygginnar getur að endingu merkt hana sem sannleika í hugum okkar,“ skrifar Konnikova.

Lygasögur í fréttatón
„Hér eru virkilega slæmu fréttirnar fyrir alla sannreynarana (e. fact-checkers) og þá miðla sem vonast til að svara fólkskum staðhæfingum Trump: Hvers konar endurtekning – jafnvel til að hrekja viðkomandi fullyrðingu – gerir hana aðeins áþreifanlegri.

Þannig verður sannlíki að sannleika fyrir ákveðna hóp, sama hvað fjölmiðlar reyna. Konnikova vísar í fyrirbærið „illusory truth“

HÖNNUN



Gyllt Pantone Wire hilla

Nýverið kynnti Montana, framleiðandi Pantone Wire hillunnar, nýja gyllta hillu sem er fánleg í takmörkuðu upplagi. Hillurnar eru ákaflega fallegar en þær henta sem vegghillur einar og sér eða raðað saman, sem náttborð eða stofuborð.

Habitat
6.950 kr.
Barnabe
þvotta-
karfa.



IKEA
995 kr.
Hvít baðmotta
með munstri.



Línan
18.900 kr.
Round spegill frá
Hübsch Interior.



Fágað baðherbergi á heimili Katrínar Ísfeld.

Morgunblaðið/Eggert


IKEA
12.990 kr.

Ljós sem gefur góða birtu og hentar vel í baðherbergið.



Epál
3.500 kr.

Handklæði frá Marimekko í stærðinni 50 x 100 sm.



Fallett á baðherbergið

Gott skipulag er nauðsynlegt til þess að halda baðherberginu fínu. Þá eru jafnframt fallegir munir sem setja svip sinn á rýmið og gefa því skemmtilega yfirhalningu.

Sigurborg Selma Karlsdóttir sigurborg@mbi.is



BYKO
3.945 kr.
Grátt sturtuhengi.



Snúran
4.400 kr.
Brass snagar frá Nordstjerne.



Fakó
11.900 kr.
Sniðug lítill hilla með áföstum snögum.

Snúran
8.490 kr.
Mette Dittmer Yin Yang klósettbursti úr brass og marmara.



Willamia
18.900 kr.
Svartur bakki úr eik sem er upplagður fyrir fina snyrtidótið í baðherberginu.

Móðern
2.590 kr.
Björktuva handsápa í fallegum umbúðum.



Instagram



@mack_design



@by_bigum



@carhr



@vingap



@elisabeth_heier

Hafsjór af þekkingu

Sérhæfum okkur í sölu:

- Fyrirtækja
- Aflaheimilda
- Skipa og báta

SAFIR

Grunnur að góðum viðskiptum

Mínímalískur stíll í Keflavík

Sandra Smáradóttir er uppalinn KR-ingur sem býr í Keflavík en þar hefur hún komið sér vel fyrir í skemmtilegri íbúð. Sandra kann vel við sig í bæn-um og segist ekkert vera á leiðinni aftur til Reykjavíkur. Þá leynir áhuginn á innanhússhönnun sér ekki á fallega innréttaðu heimilinu.

Sigurborg Selma Karlsdóttir sigurborg@mbl.is

Sandra, sem vinnur í Arion banka á Keflavíkur-flugvelli, segir aðaláhugamál sín vera ferðalög og innanhússhönnun. „Ég stefni á að fara í áframhaldandi nám í innanhússarkitektúr en ég hef verið að taka kúrsa hér og í Kaupmannahöfn í bæði grafískri hönnun og innanhússarkitektúr,“ útskýrir Sandra, sem lýsir stílnum á heimilinu sem mínímalískum og stílhreinum.

Hún segir skipulag skipta mjög miklu máli á heimilinu og þá sérstaklega í litlum rýmum. „Það er góð regla að hver hlutur „eigi“ sinn stað á heimilinu og svo forðast ég að ofraða öllu á sama stað.“

Spurð hvert hún sæki innblástur segist Sandra vera hrifin af smáforritinu Instagram og vefsíðunni Pinterest. „Ég kaupi mér það sem mér finnst fallest hverju sinni en uppáhaldsverslanirnar fyrir heimilið eru Epal, Norr11, Illums Bolighus í Kaupmannahöfn og CB2 í Bandaríkjunum og Kanada.“ Þá segir hún borðstofuna mest notaða rýmið í íbúðinni. Sandra hefur bersýnilega hreiðrað vel um sig. „Mér líður mjög vel hérna enda búin að koma mér ágætlega vel fyrir.“ Spurð hvort eitthvað sé á óskalistanum inn á heimilið segir Söndru sig dreyma um 265-veggglampann frá Flos.



Sandra, sem stefnir á frekara nám í innanhússarkitektúr, segir heimilið stílhreint.



Sandra hefur nostrað við hvern krók og kima á smekklegu heimilinu.



HAF-kertastjaki kemur vel út í borðstofunni ásamt Bourgie-lampanum frá Kartell.

REYKJAVÍK
AKUREYRI
ÍSAFJÖRDUR

ÚTSALA – ALLT AÐ 60%

BOYD

Priggja sæta sófi.
Dökkgrátt slit-
sterkt áklæði.
Stærð:
215 x 87 x 78 cm

79.193 kr.
~~119.990 kr.~~



34%
AFSLÁTTUR

OMAHA

Borðstofu-
stóll.
Turkisblátt
og grátt
áklæði

38%
AFSLÁTTUR

9.914 kr. ~~15.990 kr.~~



Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



Ljósmyndir/Hilmar Bragi Bárðarson



Borðstofan er eftirlætisrými Söndru á heimilinu.



Notknot-púðinn kemur vel út í sófanum.



Grái veggurinn gefur eldhúsinu aukinn hlýleika.



Sandra Smáradóttir.

„Mér líður mjög vel hérna enda búin að koma mér ágætlega vel fyrir.“

AFSLÁTTUR – LOKAHELGIN

FIMON
Tveggja og þriggja sæta sófi.
Grátt, grábrúnt, gult eða
grænt slitsterkt áklæði.

2ja sæta: 150 x 83 x 77 cm
97.494 kr. -149.990 kr.

3ja sæta stærð: 208 x 83 x 77 cm
129.994 kr. -199.990 kr.



35%
AFSLÁTTUR



DETROIT
Hornborð.
Stálgrind.

80%
AFSLÁTTUR

13.998 kr. -69.990 kr.

MATUR



Einfalt gert fallegt

Fallega borinn fram helgarmorgunverður skiptir sköpum. Ef þú ert með einfaldar amerískar pönnukökur geta niðurskornir ávextir og smá flórsykur sigtaður yfir til skrauts gert gæfumuninn.

Gómsætir munnbitar um helgar

Um helgar gefst dýrmætur tími til að útbúa sér eitthvað sérstaklega gómsætt í síðbúinn morgunverð eða hádegisverð. Sætabrauð, ofnrétti, egg, beikon, pönnukökur og það sem hugurinn gírnist.

Júlía Margrét Alexandersdóttir julia@mbl.is



Frittata með geitaosti, skinku og spínati

8 stór egg
¾ bolli rjómi
1/3 bolli skinka, skorin í litla teninga
1 tsk. salt
½ tsk. svartur pipar
400 g spínat
1 msk. smjör
2 hvítlauksrif
4 skalotlaukar, þunnt sneiddir
100 g geitaostur
nokkrir konfektómatar, gróft skornir

Hitið ofninn í 180 °C. Hrærið eggjum og rjóma saman í skál. Bætið skinkunni, skorninni í litla teninga, saman við og saltið og piprið.

Bræðið msk. af smjöri á viðloðunarfrírri pönnu sem má fara inn í ofn og mýkið spínatið við miðlungshita í smjörinu. Fínsaxið hvítlauksrifin ásamt þunnt sneiddum skalotlauknum saman við og mýkið allt grænmetið saman í nokkrar mínútur.

Lækkið hitann undir grænmetinu aðeins og hellið eggjablöndunni saman við, yfir grænmetið og eldið þar til brúnirnar eru orðnar lausar frá pönnunni, í um 3-4 mínútur. Myljið geitaost út í og dreifið jafnt yfir ásamt nokkrum sneiðum af konfektómötum. Setjið inn í ofn og bakið í 15-17 mínútur.



Getty Images/iStockphoto

Steiktur halloumi með spínati og hvítlauk

1 stykki halloumi-ostur (fæst í flestum matvöruverslunum)
2 msk. ólífuolíu
2 msk. jómfrúarolíu
svartur pipar eftir smekk
1 poki spínat
1-2 hvítlauksrif

Best er að nota viðloðunarfría pönnu til að steikja Halloumi en sé veðrið gott má einnig grilla hann úti á svölum.

Saxið hvítlaukinn fínt og mýkið ásamt spínatinu upp úr 2 msk. ólífuolíu eða smjöri. Skerið halloumi-ostinn niður í um það bil 1 sentímetra þykkar sneiðar og steikið á sitt hvorri hliðinni þar til osturinn er fallega gylltur. Setjið ostinn á disk, hellið 2 msk. jómfrúarolíu yfir og piprið. Setjið spínatblönduna ofan á og berið fram.

Steikið hann á sitt hvorri hliðinni í nokkrar mínútur þar til hann er gylltur upp úr 2 msk. ólífuolíu.



Kanilsnúðar með pekanhnetum

DEIGIÐ

½ bolli nýmjólk
½ bolli strásykur
1 tsk. salt
½ bolli mjúkt, ósaltað smjör
2 msk. þungr
½ bolli volgt vatn
2 stór egg
4-5 bollar hveiti

FYLLING

½ bolli bráðið, ósaltað smjör
1 bolli púðursykur
1 msk. kanill
2 bollar pekanhnetur (má líka nota valhnetur), gróft skornar

Hitið mjólkina að suðu en passið að hún sjóði ekki, í litlum potti. Setjið strásykurinn, mjúkt smjörið og salt í skál og hellið mjólkinni yfir. Blandið saman og bíðið eftir að blandan verði volg. Leysið þungrgerið upp í volgu vatni, hrærið vel saman eða þar til gerblandan myndar loftbólur. Blandið þá mjólkurblöndunni saman við gerið og hrær-

ið vel saman. Bætið eggjunum saman við og blandið vel saman. Gott er að nota deigkrókinn á matvinnsluvél til að hnoða deigið meðan hveitinu er bætt smátt og smátt saman við. Þegar deigið hefur verið hnoðað vel saman og það er mjúkt en klístrast ekki skal setja það í skál, hylja með viskastykki og láta það hefa sig í um 45 mínútur.


Hitið ofninn í 180°C.

Fletjið deigið út þannig að það myndi rétthyrning, um 40x55 cm að stærð.

Blandið saman í aðra skál bráðnu smjöri og púðursykri og dreifið því yfir deigið með sleikju. Stráið kanilsykrinum jafnt yfir og pekanhnetum. Rúllið deiginu upp og skerið rúlluna niður í 12 jafnstóra búta. Stillið snúðunum ofan á bókunarpappir þannig að ágætt bil sé á milli þeirra því þeir eiga eftir að lyfta sér enn meira. Setjið plastfilmu yfir þá og látið þá lyfta sér í 15 mínútur til viðbótar. Fallegt er að stinga nokkrum pekanhnetum inn á milli snúðafellinganna að lokum áður en þeir eru settir inn í ofninn. Bakið í 20-30 mínútur, eða þar til þeir eru fallega gylltir.

NUTRI LENK

HOLLRÁÐ VIÐ LIÐKVILLUM
NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA



Öðlaðist nýtt líf – verkirnir voru hreint helvíti á jörð



„Ég starfa sem leikskólakennari og vinn mikið á gólfinu með börnunum. Ég þarf þar af leiðandi sífellt að vera að setjast og standa upp aftur. Ég var greind með slitgigt og hef fundið fyrir verkjum í hægri mjöðminni um árabil.

Á tímabili varð ég svo slæm að ég þurfti að fá sprautur og sterk verkjalyf fyrir mjöðmina. Ég skánaði við það en var alltaf með seyðing og verki. Suma daga var ég þokkaleg en aðrir voru hreint helvíti á jörð. Nætumar hafa líka í gegnum árin verið mér erfiðar. Ég var með eilífan seyðing í mjöðminni og niður í tá og gat ómögulega

legið á hægri hliðinni. Ég var farin að haltra. Eftir að ég fór að taka **NUTRI LENK** öðlaðist ég hreinlega nýtt líf. Ég hef notað **NUTRI LENK GOLD** síðan í september 2012 með frábærum árangri, og þá meina ég ÁRANGRI. Í byrjun tók ég 6 töflur á dag í 2 mánuði en í dag tek ég 3 töflur á dag. Núna sef ég allar nætur og get beygt mig án alls sársauka. Ég þurfti orðið aðstoð við að klæða mig í skó og sokka á morgnana, svo slæm var ég orðin. Í dag get ég bókstaflega allt! Ykkur finnst þetta kannski vera ýkt saga ... en hún er sönn. Ég öðlaðist nýtt líf með **NUTRI LENK GOLD**.”

Ragnheiður Garðarsdóttir
leikskólakennari

Losnaði við verki vegna slitgigtar með **NUTRI LENK GOLD**



„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hnjám og mjóðbaki í fjölmörg ár og prófað marga, bæði lyf og náttúruleg sem dugað hafa skammt, auk þess að hafa farið í liðþófaaðgerðir. Fyrir rúmum þremur árum gat ég varla beygt mig, var með bólgu í liðum og hreyfigetan

takmörkuð. Þá pantaði ég tíma hjá bæklunarlækni sem benti mér á að huga betur að lífstílnum og

taka inn **NUTRI LENK GOLD**. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hnjónum og get hreyft mig óhindrað. Ég er einnig mjög meðvitaður um mataræðið og stunda sjóböð sem eru allra meina bót. Ef ég sleppi því að taka inn **NUTRI LENK GOLD** þá finn ég verkina koma aftur. Ég er því bjartsýnn á að þurfa ekki að heimsækja lækinn aftur fyrr en í fyrsta lagi 75 ára. Ég mæli heilshugar með **NUTRI LENK GOLD**.”


Hinrik Ólafsson leikari,
kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

Hvað getur **NUTRI LENK** gert fyrir þig?

Við mikið álag of eftir því sem árin færast yfir getur brjóskefufurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Mjög margir finna fyrir óþægindum og verkjum þegar liðfletirnir núast saman, sérstaklega í liðamótunum í mjöðmum, hrygg og hnjám. Þess vegna er til mikils að vinna að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður



Liður með slitnum brjóskvef

Hefur hjálpað fjölmörgum

Nutrilenk Gold inniheldur brjósk úr fiski- og hákarlabeinum sem er öflugt byggingarefni fyrir bein og brjósk, enda ríkt af konditríni, mangani, kollageni og kalki. Nutrilenk hefur hjálpað fjölmörgum sem þjást af liðverkjum.

Prófið sjálf – finnið breytinguna!



Nutrilenk fæst í flestum apótekum,
heilsubúðum og heilsuhillum verslana

MATUR



Getty Images/iStockphoto

Blinis með chorizo-pylsu og kotasælu

250 g chorizo-pylsa
eða önnur sterk og góð tegund af pylsu
1 bolli hveiti
1 og ½ tsk. lyftiduft
sjávarsalt
svartur pipar
1 bolli gróft rifnar gulrætur
½ bolli súrmjólk eða ab-mjólk
1 stórt egg
½ bolli pilsner eða bjór
1 msk. ólífulífa
1 stór dós kotasæla
1-2 msk. safi úr límónu

Skerið chorizo-pylsuna í smáa bita og hitið á pönnu við miðlungshita í 6-8 mínútur, kælið svo við stofuhita.
Hrærið saman hveiti, lyftidufti, ¾ tsk. af sjávarsalti og ½ tsk. af svörtum pipar í skál. Blandið chorizo-

pylsubitunum og rifnu gulrótunum saman við.
Hrærið saman í annarri skál súrmjólk eða ab-mjólk og pilsner (eða bjór) og blandið saman við þurrefnin og pylsuna, hrærið þar til blandan er jöfn og mjúk. Hitið 1 msk. af ólífulífu á viðloðunarfrírri pönnu og notið msk. til að hella deiginu á pönnuna og steikja litlar pönnukökur við miðlungshita. Snúið pönnukökunum við þegar loftbólur hafa myndast yfir alla kökuna og kantarnir virðast þurrir, 2-3 mínútur, og steikið hinum megin í um 1-2 mínútur. Uppskriftin dugar í um 30 litlar blinis.
Berið fram með kotasælu, gott er að hræra 1-2 msk. af límónusafa saman við kotasæluna og smakka til með salti og pipar. Sé ætlunin að bera blinis ekki fram strax er hægt að halda þeim heitum í ofni við mjög lágan hita.



Brushetta með túnfisksalati

1 dós túnfiskur í vatni
½ skalottlaukur eða ¼ rauðlaukur, fínt skorinn
1 og ½ msk. majónes
1 msk. sýrður rjómi
½ tsk. jómfrúarolífa
½ tsk. eplaedik eða sítrónusafi
1 msk. fjallasteinselja, fínt skorin
örflítið af salti
svartur pipar eftir smekk
4 sneiðar af snittubrauði, súrdeigsbrauði eða öðru góðu brauði að eigin vali
franskt sinnep
Salatblöð að eigin vali
svartar ólífur

Hitið ofninn og hafið hann á grillinu.
Hellið vatninu af túnfisknum og setjið í skál, blandið majónesinu, sýrða rjómanum, ólífulíunni, edikinu eða sítrónusafanum saman ásamt steinseljuni og lauknum. Saltið og piprið eftir smekk og smakkið salatið til, stundum þarf að bæta við meiri sítrónusafa.
Skerið brauðið niður í 2-3 sentimetra þykkar sneiðar og setjið inn í ofn og hafið í 3-4 mínútur. Takið brauðið út, léttsmyrjið sneiðarnar með frönsku sinnepi, raðið salatblöðum ofan á, þá túnfisksalati og skreytið með svörtum ólífum.



Bakað haframjöl með banönum og jarðarberjum

Fyrir 8
2 bollar haframjöl
1/3 bolli púðursykur
1 tsk. lyftiduft
1 tsk. kanill
½ tsk. salt
½ bolli suðusúkkulaðispænis (má sleppa)
1 bolli jarðarber, skorin í þunnar sneiðar
1 vel þroskaður banani, skorinn í þunnar sneiðar
2 bollar mjólk
1 stórt egg
1 msk. smjör
1 tsk. vanilludropar

Hitið ofninn í 190 °C og smyrjið eldfast mót vel. Blandið saman í stóra skál höfrum, púðursykri, lyftiduft, kanil, salti og helmingnum af súkkulaðispæninum

ásamt helmingnum af jarðarberjunum. Hrærið vel saman og hellið blöndunni út í eldfasta mótið. Stráið afganginum af súkkulaðispæninum yfir og raðið því sem eftir er af jarðarberjunum yfir. Skerið niður þunnar bananasneiðar og setjið ofan á.
Blandið saman í aðra skál eggjum, mjólk, smjóri og vanilludropum. Hrærið vel saman og hellið jafnt yfir haframjölublönduna og passið að það blotni alls staðar í gegn. Bakið í um 30 mínútur, takið þá mótið út og stráið msk. af púðursykri yfir, setjið aftur inn í ofn og bakið áfram í 5-10 mínútur eða þar til rétturinn er fallega gylltur.
Gott er að bera þetta fram með grískri jógúrt eða þeyttum alvöru rjóma ef fólk vill gera sérlega vel við sig.



Leigjum og seljum steypumót frá

doka HUNNEBECK **meva**
MARCEGAGLIA **RINGER**

Sorpkvarnir í eldhúsvaska



Kvarna-tengi
70 kr stk m/vsk.

Kvarnir/Brimrás/Pallar ehf | Álfhella 9 | 221 Hafnarfjörður
Sími 564 6070 | kvarnir@kvarnir.is | www.kvarnir.is | www.pallar.is

KVARNIR 1999 20 ÁR 2019
www.kvarnir.is

HEILSA



Byrjaðu daginn á prótínum

Gott er að byrja daginn á prótínum og fitu. Egg, smjör, avókadó, grænmeti, kjöt eða fiskur er frábær byrjun á deginum. Einnig er gott að skella í einn prótínsjeik með ávöxtum og berjum.

„Það liggur ekkert á að hrörna!“

Sigurður Haraldsson fór að æfa íþróttir af kappi um sjötugt eftir fjörutíu ára hlé. Nú er hann 88 ára, margfaldur heimsmeistari og hvergi nærri hættur. Hann þakkar hreyfingunni góða heilsu.

Ásdís Ásgeirsdóttir asdis@mbl.is

Það er engin lyfta í húsi Sigurðar en það kemur ekki að sök þegar menn eru heimsmeistarar í íþróttum. Líklega sprettur hann upp tröppurnar léttur á fæti þrátt fyrir árin 88. Það er ekki að sjá á honum að hann sé að nálga-tírræðisaldur; Sigurður er grannur og beinn í baki og röddin eins og í ungum manni. Við tyllum okkur í eldhúsinu og spjöllum um lífið og hreyfinguna, sem hann telur allra meina bót.

Íþróttappeldi í æsku

Sigurður fæddist í Reykjavík 17. janúar 1929. Hann ólst upp í Reykjavík til níu ára aldurs en flutti þá með fjölskyldu sinni til Danmerkur, þar sem faðir hans nam læknisfræði. „Þetta var í ársbyrjun 1939 og eftir nokkra mánaða viðveru í Danmörku skellur á heimsstyrjöldin. Svoleiðis að við áttum þann kost að fara heim með Petsamoförðinni. Það var mikil og fræg ferð á þessum tíma. Þá var pabbi búinn að fá skipun sem héraðslæknir á Fáskrúðsfirði og við komum þangað 23. október 1940, á fertugsafmæli pabba. Þar þjónaði hann sem héraðslæknir í 33 ár,“ segir Sigurður og segist hafa unað hag sínum vel fyrir austan. Þar kynntist hann bæði íþróttum og félagsstarfi þeim tengdu. „Það var mikil gróska á þessum árum í svona litlu byggðarlagi. Við vorum svo heppin að þarna var kennari sem var mikill leiðtogi og lagði allt af mörkum til að gera okkur að áhrifaríkum íþróttamönnum og félagsmönnum, þannig að við fengum þarna mjög gott uppeldi,“ segir Sigurður og útskýrir að hann hafi búið að þessari reynslu síðar meir á ævinni.

Alla æskuna og fram á þrítugsaldur stundaði Sigurður íþróttir af ýmsu tagi. „Ég byrjaði sem krakki í fótbolta hjá Val, sjö, átta ára gamall,“ segir hann. Á Fáskrúðsfirði stundaði Sigurður allar þær íþróttir sem í boði voru. „Við æfðum mikið fimleika á veturna og svo skíðaíþróttir. Við unglingarnir byggðum skíðaskála. Við bárum efnid á bakinu upp í 600 metra hæð. Heilan bragga. Eins og maurar. Allir krakkarnir tóku þátt í þessu. Svo á sumrin voru það frjálssar íþróttir og knattspyrna. Maður var í öllu sem tiltækt var,“ segir hann.

Og varstu alltaf efnilegur?

„Já, ég tel mig hafa verið alveg vel í meðallagi. Ég byrjaði mjög snemma að þjálfa og æfa,“ segir hann.

Fjörtíu ára hlé

Fullorðinsárin tóku við og það var í nógu að snúast hjá Sigurði. Vinna og fjölskyldan tóku allan hans tíma. „Svo er ég í íþróttum til 26 ára aldurs en þá flyt ég suður. Þá kemur hlé á íþróttaiðkun, maður var að brjótast um á atvinnumarkaðinum og lítill tími gafst til íþróttar.“

Sigurður stundaði nám við Samvinnuskólann hjá Jónasi frá Hriflu og útskrifaðist þaðan árið 1950. Þaðan lá leiðin á Fáskrúðsfjörð á ný, þar sem hann starfaði sem gjaldkeri hjá kaupfélaginu og frystihúsinu. Þar bjó hann í 5-6 ár og flutti þá suður og gerðist bæjargjaldkeri á Akranesi. Eftir 5-6 ár þar í starfi flutti hann til Stykkishólms, þar sem hann gerðist kaupfélagsstjóri í nokkur ár. Að því loknu fór Sigurður í útgerð og starfaði við það næstu 27 árin. „Ég er búinn að vera víða þótt ungur sé,“ segir þessi ungi öldungur.

Þegar Sigurður fór á eftirlaun varð hann að finna sér áhugamál til þess að hafa eitthvað fyrir stafni.

„Þegar ég hætti að vinna um sjötugt byrjaði ég af fullum krafti aftur í íþróttum.“

Margfaldur heimsmeistari

Sigurður hafði þá tekið fjörutíu ára hlé frá öllum íþróttum og hreyfingu. „Ég frétti af eldri mönnum sem voru að þjálfa og komst inn í hópinn. Síðan varð ekki aftur snúið en það eru tuttugu ár síðan.“

Hópurinn æfir saman 4-5 sinnum í viku, utandyra á sumrin en inni á veturna. Þeir æfa frjálssar íþróttir og sérhæfir Sigurður sig í köstum. „Á mínum yngri árum var ég aðallega í hlaupum og stökkum en ég fór yfir í köstin þegar ég byrjaði aftur. Það eru þá fimm greinar, sleggja, kúla, kringla, spjót og lóð,“ útskýrir Sigurður, sem er jafnvígur í öllum fimm greinunum.


Þannig að þú uppgötvar á efri árum að þú ert efnilegur í köstum?

„Já, ég nýt mín bara ágætlega í þessu. Og við erum búnir að fara til útlanda, og keppum þá á Norðurlanda- og Evrópumótum. Ég hef



Morgunblaðið/Ásdís

Sigurður Haraldsson er 88 ára íþróttakappi og margfaldur heimsmeistari í kastgreinum. Hann hyggst æfa og keppa lengi enn, enda segir hann hreyfinguna koma í veg fyrir að leggjast í kór. Sigurður telur mjög mikilvægt að eldra fólk hreyfi sig.



Sigurður á fjöldan allan af verðlaunapeningum og bikurum frá ferlinum sem hófst eftir sjötugt. Hann rakar inn gull- og silfurpeningum í kastgreinum.

„Þegar ég hætti að vinna um sjötugt byrjaði ég af fullum krafti aftur í íþróttum.“

orðið Norðurlandameistari þrettán sinnum í kastgreinum. Einu sinni Evrópumeistari, en ég hef ekki farið á nema tvö Evrópumeistaramót. Og svo er ég heimsmeistari fjórum sinnum. Svoleiðis að ég er bara þokkalega ánægður,“ segir Sigurður. „Ég fór til Búdapest þegar ég var 85 ára og keppti þar í fimm greinum. Varð heimsmeistari í þremur og fékk silfur í tveimur,“ segir Sigurður og afsakar sig hógvæð fyrir það sem hann kallar „karlagrobb“. Blaðamaður bendir á að þetta sé alls ekki grobb heldur einungis staðreyndir sem hver maður myndi vera stoltur af. Hvernig er að verða heimsmeistari?

„Þetta venst,“ segir hann og hlær. „Jú, jú, það er mikill metnaður í mönnum. Þú sérð það að á svona mótum eru allt upp í 6.500 keppendur,“ segir hann og segir að keppendur séu allt upp í níu og jafnvel eldri.

Ferðast víða um heiminn

Sigurður segir mótin vera mikla upplifun. Bæði kynnist hann keppendum frá ýmsum heimshornum og fái að ferðast og sjá heiminn í leiðinni. „Ég er enn að keppa við menn sem ég var að keppa við þegar ég var sjötugur. Það myndast tengsl og sambönd og við hittumst á stórmót-



„Eigum við að hafa Ingibjörgu með á myndinni?“ Ljósmyndari skímar eftir Ingibjörgu sem reynist svo vera spjótíð! Sigurður bregður á leik með spjótíð sem leikur í höndum hans, enda er hér heimsmeistari á ferð.

Morgunblaðið/Ásdís



Þeir voru hressir „ungu“ mennirnir, Sigurður Þ. Jónsson, Sigurður Haraldsson, Árni Einarsson og Jón A. Magnússon sem æfa saman 4-5 sinnum í viku.

um víða um heiminn,“ segir Sigurður, sem hefur eignast erlenda vini í gegnum íþróttirnar. „Maður óskar að þeim vegni vel. En ekki of vel,“ segir hann og brosir.

„Þetta er mikil upplifun, ég held ég sé búinn að fara í tuttugu ferðir til útlanda síðan ég var sjötugur. Og ætla að halda áfram mikið lengur,“ segir Sigurður, sem lætur aldurinn

ekki stöðva sig enda eldhress og sprækur eftir næstum tuttugu ára endurkomu í íþróttirnar. Hann þakkar góða heilsu þessari miklu hreyfingu. „Við skuldum líkamanum

alltaf hreyfingu. Það þýðir ekkert að leggjast fyrir, þá byrjar hrörnunin. Og það liggur ekkert á að hrörna!“ segir hann. „Þetta er voða gott og skemmti-

legt líf, ég kvarta ekki að vera á þessum stað í ellinni.“

Þú værir líklega ekki svona hress í dag ef þú hefðir ekki byrjað aftur að stunda íþróttir?

„Nei, ég væri ábyggilega kominn í keng.“

Hreyfing eldra fólks

Sigurði finnst mikilvægt að vekja athygli á hreyfingu eldra fólks. „Við höfum verið að reyna að vekja athygli á þessu, þessari starfsemi okkar. Því úti í þjóðfélaginu eru þúsundir manna sem hafa iðkað íþróttir á yngri árum. Það er mjög auðvelt fyrir fólk sem er hætt að vinna að koma inn í svona hreyfingu. Mér finnst að forysta íþróttafélaga og íþróttasambanda ætti að gera meira til að vekja athygli á þessu.“

Íþróttagenið ekki áfram

Sigurður á fimm börn og fjölmarga afkomendur og er orðinn langafi. „Ég er nú að biðja þetta fólk að vera ekki snemma í því að eignast börn svo ég verði ekki langalangafi,“ segir Sigurður í gríni.

Heldurðu að þú verðir hundrað ára?

„Já, já, ég er búinn að segja krökkunum mínum, sem eru flest rúmlega sextug, að ég ætla ekki að hætta hérna fyrr en ég er búinn að koma þeim inn á elliheimili. Ég get þá komið til þeirra á laugardögum með kandís og malt handa þeim. Og sagt þeim íþróttaréttir þegar ég heimsæki þau.“

Hefurðu ekkert smitað afkomendurna af íþróttabakteríunni?

„Nei, þau hafa ekkert farið út í þetta. Það virðist ekki vera nógu krassandi, genið. Ég er alveg sér á parti.“

TÍSKA



Fatamarkaður á Kaffibarnum

Laugardaginn 4. febrúar verður haldinn markaður á Kaffibarnum, Bergstaðastræti 1, með notuðum herra- og dömufatnaði, vínýlplötum og list. Markaðurinn er opinn frá klukkan 16.00-20.00.



Karen Millen
34.990 kr.
Kjöll í fallegu sniði.



Stella McCartney sumar 2017.



Húrra Reykjavík
4.995 kr.
Sólgleraugu frá Komono.



Lindex
5.595 kr.
Flott taska.



Company's
24.995 kr.
Fáguð hönnun frá danska hönnunarhúsinu Dyrberg/Kern.

Smekklegur skrifstofustíll

Í sumartískunni má sjá svokallaða skrifstofutísku lifna við. Þá er átt við tísku sem einkennist af fremur hefðbundnum gamaldags skrifstofustíl líkt og víðum skyrtum og buxum, rykfrökkum og röndóttu skyrtuefni í bland við tvíd. Þessi tíska hentar til að mynda vel á þessum tíma árs þegar loftslagið er ekki byrjað að bjóða upp á léttu og sumarlega blómakjóra, sem tilheyra iðulega sumrinu að miklu leyti.

Sigurborg Selma Karlsdóttir sigurborg@mbl.is



Galleri 17
8.995 kr.
Við og síð skyrta sem hentar vel við, til að mynda, brúnt mittisbelti.



GK Reykjavík
64.995 kr.
Falleg kápa frá Filippu K.



Karen Millen
20.990 kr.
Viðar og vel sniðnar buxur.



Mulberry sumar 2017.



Céline sumar 2017



Vila
9.900 kr.
Notaleg yfirpeysa.



Netaporter.com
36.300 kr.
Leðurtaska frá hönnunarhúsinu A.P.C. Atelier de Production et de Création.



Esprit
9.495 kr.
Hvít og víð skyrta.



Vero Moda
3.990 kr.
Skyrta með bundnum ermum.



Hermès sumar 2017.



Maia
11.990 kr.
Skyrta með skemmtilegum pífum.



Hvítir skór eru heitir um þessar mundir.



Götutískan í Kaupmannahöfn

Tískuvikunni í Kaupmannahöfn lauk í gær. Þar mættu margar af þekktustu tískufyrirmyndum Skandinavíu í sínu fínasta pússi.

Sigurborg Selma Karlsdóttir
sigurborg@mbl.is



Fáguð og litrík samsetning.

Pernille Teisbæk klæðir sig vel á meðgöngunni.



Stórar úlpur eru vinsælar.



Síður blómakjól, rokkaður upp með því að klæðast grófum gallabuxum undir.



Ljósmynd/Style du monde



Dóttir hjónanna í hönnun foreldra sinna.

FRUMSÝNDI FÖTIN Á SNAPCHAT

Barnaföt frá Kanye og Kim

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian West tilkynnti á Snapchat-reikningi sínum í vikunni að hún og eiginmaður hennar, tónlistarmaðurinn Kanye West, væru byrjuð að hanna barnafatalínu. Kim sýndi fýsta sýnishorn af því sem koma skal á Snapchat, þar sem dóttir hennar var klædd í gulan palliættukjól og mokkakakka. Hjónin hafa bæði reynslu í fatahönnun en Kim rekur eigin verslun og fatamerki og Kanye hannar tískufatnað undir merkjunum Yeezy og YEEZY by Adidas.



Kanye West og Kim Kardashian er margt til lista lagt.



Dior
7.599 kr.
BB-kremið Diorskin Nude gefur fallega áferð.



Lindex
1.495 kr.
Sólgleraugu í töff formi.



Móðern
151.920 kr.
Draumalampinn minn frá Mantis.



Í þessari viku...

Sigurborg Selma
sigurborg@mbl.is

Stuttermabolir koma sterkir inn í sumar. Þá sýndu tískuhús á borð við Christian Dior og Chanel klassíska stuttermaboli með áletrun á sýningum sínum fyrir sumarið 2017. Þetta trend er að tröllríða tískuheiminum um þessar mundir. Þess má geta að „Coco Cuba“-stuttermabolurinn frá Chanel er uppseldur í heiminum, en hann kostaði um 100 þúsund krónur.



Úr sumarlinu Dior 2017.

Chanel Cruise Collection 2016/2017.



Zara
9.995 kr.
Sjúklegir silfur-skór úr Zöru.

Asos.co.uk
5.800 kr.
Flottar gallabuxur frá Monki.

FERÐALÖG



Leiksvæði út um allt

Það er afar auðvelt að finna skemmtileg útivistarsvæði sem höfða til barna í Bæjaralandi og alls staðar má finna íssala til að kæla sig niður í hitanum.

Í Bæjaralandi er hægt að verða sér úti um gistingu á bóndabýli og fá suður-þýska sveit beint í æð.



Getty Images/Stockphoto

Bæjaraland með börnum

Náttúrulegt Disney-umhverfi, með alvöru kastölum, kláfum og ævintýraskógum, er að finna í Suður-Þýskalandi, Bæjaralandi.

Júlía Margrét Alexandersdóttir julia@mbl.is



Hinn dulúðugi Neuschwanstein-kastali sem Lúðvík Bæjarakonungur bjó að eins í í nokkra mánuði áður en dó en lagði líf sitt og sál í að hanna og byggja.

Bæjaraland nær yfir stórt svæði en það er sama hvar borið er niður, alls staðar er eitthvað áhugavert að skoða og gera. Þetta er fyrirtaks áfangastaður fyrir fjölskyldufólk, umhverfið er rólegt og fyrir utan að öllum líður eins og þeir séu staddir í ævintýrinu um Heiðu eru ýmiss konar afþreyingarmöguleikar í hverju horni.

● Höfuðborg Bæjarlands er hin gullfallega München og í þessari þriðju stærstu borg Þýskalands eru möguleikarnir óteljandi fyrir barnafjölskyldur. Fyrir það fyrsta má enginn vera þekktur það að hafa sleppt því að fylgjast með **klukknauspílinu í „Nýja ráðhúsinu“** (Neues Rathaus) í München sem er þó meira en 100 ára gamalt, þar sem borgarráð og borgarstjóri hafa aðsetur. Klukknauspílið er það fimmta stærsta í Evrópu, með 43 stórum bjöllum og á tveimur stórum hjólum en það var

tekið í notkun fyrir 108 árum. Klukknauspílið er eins konar lítið leikhús; sýnir riddaraleik í hertogabrukkaupi frá 1586 og dansinn er uppruninn í München. Á veturna er klukknauspílið tvisvar á dag, klukkan 11 á morgnana og 12 á hádegi og þrisvar á sumrin þegar það er líka hringt í eftirmiðdaginn, kl. 17.

● Í München er einnig að finna Das Spielzeugmuseum sem er **leikfangasafn í klukkuturni** gamla ráðhússins. Safnkosturinn er gömul og einstök leikföng, evrópsk og bandarísk, sem gefa innsýn í hvernig það var að vera barn í Evrópu á áratugum og öldum áður. Þá er hinn gríðarstóri **dýragarður í München, Hella-brunn**, afar skemmtilegur, með allt sem góður dýragarður þarf að hafa til að bera, allt frá ljönum til ísbjarna. Þá má ekki gleyma ævintýrlegri **leikfangaverslun** og jafnframt þeirri stærstu í borginni,



Í Bæjaralandi eru víða skemmtilegir vatnsleikjagarðar.



Í Zirndorf er skemmtigarður helgaður einum vinsælustu leikföngum íslenskra barna, Playmobil. Garðurinn er stór og með mikið af útileiksvæðum og hægt að eyða öllum deginum á svæðinu.

Obletter Spielwaren, sem er að finna á togri í gamla kjarna miðborgarinnar, á Karlplatz. Í München er líka endalaust af fall-egum gördum til að rölta um í og eiga góða stund. Má þar mæla með **ensku gördunum** og svo **Botanischer Garten** í úthverfi München, Nymphenburg. Þar er líka heill ævintýraheimur fiðrilda.

- Í Bæjaralandi eru næstum 7.000 **bóndabýli** sem bjóða upp á gistingu svo að það er upplagt að bóka nokkrar nætur í sveitasælu og leyfa ungviðinu að prófa svona heimagistingu þar sem þau fá suðurþýska sveit beint í æð.
- Það er líka **Legoland** í Þýskalandi, nánar tiltekið í Gunzburg, sem er mitt á milli München og Stuttgart. Skemmtigarðurinn fær afar góða dóma á Tripadvisor, með leiktækjum og ævintýraveröld úr legókubbum.
- Mörgum börnum mun eflaust finnast **Neuschwanstein-kastalinn** eitthvað kunnuglegur og er það ekki skrítið því Disney notaði hann sem fyrirmynd fyrir kastalann í teiknimyndinni um Pýrnirós. Kastalinn var byggður á 19. öld af Lúðvíki II., konungi Bæjarlands, sem hafði miklar skoðanir á framkvæmdunum – lét breyta teikningum fram og til baka og má því í raun segja að þetta hafi að lokum orðið hans verk. Þegar kastalinn var loksins tilbúinn gat konungurinn aðeins búið þar í nokkra mánuði áður en hann dó. Höllin er ótrúleg bygging og innviðirnir ekki síðri. Neuschwanstein er sett saman úr orðunum nýr, svanur og steinn og það er svolítið skemmtilegt verkefni að reyna að finna hvar svanir leynast í skreytingum hífýlanna, sem er afar víða.
- Það er ekki aðeins til Legoland í Þýskalandi, það er líka til **Playmo-land**. Playmoskemmtigarðurinn er í Zirndorf og er öðruvísi en Legoland að því leyti að í honum eru ekki hröð tívolítæki heldur alls kyns svæði til leikja sem krakkarnir geta spreytt sig á; rennibrautir, vöndarhús, klifursvæði fyrir aðeins eldri krakkana og endalaust af playmo í öllum stærðum og gerðum til að skoða og leika sér að og í garðinum er afar skemmtilegt vöndarhús. Skemmtigarðinum er skipt upp í svæði eftir einstökum playmo-þemum og þá er ákaflega flott playmo-verslun á svæðinu. Sundföt eru þarfaping sé farið yfir sumartímann í garðinn þar sem víða er hægt að busla í vatni.
- Einn flottasti **spa-vatns-leikjagarður Evrópu** heitir Galaxy



Europa-Park er stærsti skemmtigarður Þýskalands og margverðlaunaður.

Thermenwelt Erding og sameinar fullkomna spa- og hvíldaraðstöðu fullorðinna og fjörukt vatnsleikjastæði barna í einum garði. Fyrir fullorðna eru endalausir möguleikar á nuddi, gufuböðum, snyrtingum, flotlaugum og öllu sem tilheyrir rólegri gæðastund og svo hafa börnin nóg fyrir stafni í aðeins meiri ærslum. Þess má geta að garðurinn er margverðlaunaður.

Öllum líður eins og þeir séu staddir í ævintýrinu um Heiðu


- Fyrir þá sem vilja laflétt adrenalín-kikk er **Egidi-Buckel** í Sankt Englmar skemmtileg leið til að njóta skógarnáttúrunnar. Boðið er upp á ferð í 11 km löngum skemmtislaða á teinum í fallegu skógarumhverfi og ýmiss konar öðrum leiktækjum og trampólínum, klifurveggjum og fleiru. Aðgangur í garðinn er ókeypis nema borga þarf sérstaklega í ákveðin tæki.
- **Europa-Park** í bænum Rust í Baden-Württemberg er stærsti skemmtigarður Þýskalands og margverðlaunaður fyrir gæði. Þar má finna allt sem hægt er að hugsa sér í skemmtigarði, stór og smá leiktæki þar sem smærri og stærri eftirlíkingar af frægustu byggingum Evrópu er að finna um allan garðinn. Þetta er garður sem er hægt að eyða öllum deginum í og þess vegna þó nokkrum.
- Börnum þykir ekki síður en fullorðnum mikið ævintýri að **fara upp á hæsta fjall Þýskalands**, Zugspitze. Með gamaldags lest er til dæmis

hægt að fara frá Zugspitzelestarstöðinni í Garmisch-Partenkirchen að vatninu Eibsee, þaðan með sporvagni að kláflum sem svo færir fólk upp í 2.600 metra hæð. Þegar upp er komið er útsýnið áuðvitað dásamlegt en ferðamátinn upp eftir er ekki síður ævintýri.

- Gamli bærinn í **Rothenburg** er eins og hann sé ekki af þessum heimi. Fyrir utan hið magnaða miðaldaumhverfi sem hægt er að gleyma sér í má ekki gleyma að ganga á borgarmúrnum en hægt er að ganga hringinn í kringum gamla bæinn og kíkja út um götin sem varðmennirnir notuðu. Skoðið alvöru gauksklukkur og takið jafnvel eina heim með ykkur og kikið svo við í fallegustu jólabúð Evrópu og kaupið eitthvað fallegt og útskorið á jólatréð.
- Í litla bæjarfélaginu Pöing, sem er um 11 kílómetra austur af München, er að finna falinn demant. Fólk borgar lágan aðgangseyri og fær svo að rölta um á frekar stóru skógarsvæði þar sem **mörg villt dýr ganga laus**, svo sem kanínur og dádýr sem þú mátt gefa að éta. Þar eru líka úlfar á birnir á lokaðri svæðum og falleg náttúruleg leiktæki að finna fyrir börn upp að 12 ára aldri.
- **Königssee** er vinsæll ferðamanna- staður hjá Þjóðverjum sjálfum en er fremur ósnertur af túristum annars staðar frá. Sigling á þessum undurfagra stað er ómissandi fyrir þá sem eru á ferð í nágrenni Berchtesgaden. Á bátnum eru sagðar óteljandi sögur af vatninu og fjallaútsýnisins notið. Í Suður-Þýskalandi er hægt að stunda ýmiss konar **vatnasport** og ekki úr vegi að leigja hjólabát fyrir fjölskylduna eða reyna fyrir sér á seglbretti.



Það eru margar góðar ástæður fyrir því að heimsækja Rothenburg, meðal annars ein flottasta jólaskrautsverslun Þýskalands sem þar er að finna.





RAFLAGNIR

fyrir heimili, iðnaðar- og verslunar- húsnæði



Hafnargötu 61 | 230 Reykjanesbær
Sími: 421 7104

Reykjavíkurbréf^{03.02.17}

Preytumerki eftir þúsund ár

Akvörðun Breta um úrsögn landsins úr Evrópusambandinu veldur tilfinningalegu róti. Jafnt flokkar sem fjölskyldur sundrast um þá afstöðu. Þetta er eðlilegt.

Barátta og bið

Í áratugi hafa „efasemdarmenn“ barist fyrir sínum málstað. Þeim tókst að koma í veg fyrir að Bretland yrði þátttakandi í hinni sameiginlegu mynt. Lítill ágreiningur er uppi um það að hefði sá leikur tapast hefði baráttan verið úr sögunni. Þorri þeirra sem töldu sig bærasta til að tjá sig um efnahags- og fjármál höfðu stór orð um hvað myndi gerast skæru Bretar sig úr leik og héldu pundinu. Fjármálahverfið „City“ myndi líða undir lok sem slíkt. Fjárhagslegt tjón Breta yrði yfirþyrmandi. Landið félli úr úrvalsdeild þjóða og yrði áhrifalítið áhorfandi að mikilvægustu ákvörðunum ESB á fleygiferð þess inn í efnahagslega yfirburði á heimsvísu. Allt það hjal og hótanir í bland reyndist innistæðulaust.

Um árabil hefur varla nokkur Breti mælt fyrir því að landið myndi endurmeta afstöðu sína til þátttöku evrunnar. Þvert á móti hafa menn þakkað sínum sæla þegar blasað hefur við hvernig sameignlega myntin hefur leikið þorra þjóðanna sem köstuðu sjálfstæðri mynt á glæ. En áfram var barist fyrir því að breska þjóðin fengi að greiða atkvæði á ný um veru sína í sambandinu, sem hefur lögheimili í brennandi húsum, eins og það hefur verið orðað. Þrír helstu flokkar Breta streittust á móti þessu ákalli: Íhalds-, Verkamanna- og Frjálslyndi flokkurinn. Þeir töluðu niður til efasemdarmanna og sendu þeim tóninn. Lengst af átti sá hópur undir högg að sækja og var jafnvel lýst sem þreytandi þráhyggjumönnum. En fylgjendum fjölgaði smám saman og talsmennirnir urðu liprari og marktækari en áður. Ítök efasemdarmanna urðu merkjanlegri innan flokkanna en áður, einkum Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins. Óhjákvæmilegt var að taka nokkurt tillit til þeirra og varasamt að halda þeim röddum alveg utan við ríkisstjórn. Frjálslyndi flokkurinn hefur litið á sig sem eins konar dótturfélag ESB, rétt eins og Smáfylkingin og flokksbrotið úr Sjálfstæðisflokknum, sem nú mælast með um 5% fylgi hvort.

Mikið vit þegar litið er um öxl

Við erum öll, hér á landi sem annars staðar, miklu snjallari og útsjónarsamari um lausnir álitamála þegar við getum horft um öxl og leyst þau í fortíðinni. Þegar orðunum „eftir á að hyggja“ er skotið framan við tiltekið spursmál er lausnin oftast betri en sú sem við komumst að þegar málið var uppi. Það á til dæmis við um tímasetningu á þjóðaratkvæði Breta um ESB. Eftir á að hyggja er augljóst að skynsamlegra hefði verið fyrir elítuna

og sjónarmið hennar að láta undan kröfunni um þjóðaratkvæðið miklu fyrr. Það hefði auðvitað átt að gera þegar fylgið við útgöngu var orðið töluvert en fjarri því þó að vera sjónarmið meirihlutans. Eftir á að hyggja hefði verið betra að kjósa áður en Grikklandi hrundi og Spánn, Írland og Portúgal urðu hölt á báðum. Og það hefði, eftir á að hyggja, verið miklu betra að kjósa um þetta mál áður en milljónir flóttamanna höfðu sett álfuna á annan endann og endalausir neyðarfundir leiðtoga ESB opinberuðu það leyndarmál að álfunni væri stjórn að af álfum.


Eftir á að hyggja var það mikil áhætta, svo stappaði nærri bilun, hjá efasemdarmönnum um ESB að vera uppi með kröfur um þjóðaratkvæði svo fljótt. Þeir gátu ekki treyst því að stjórn málalega elítan tæki þá ekki á orðinu og pakkaði þeim léttilega saman í kosningum. Þá væru Bretar ekki á leiðinni út úr ESB. En sennilega, líka eftir á að hyggja, máttu þeir treysta því að elítan myndi af oflæti sínu og nafntoguðum hroka neita öllum kröfum um þjóðaratkvæði á meðan hún taldi sig hafa tögl og hagldir og fátt að óttast.

Andstöðunni vex afl

En vaxandi framgangur UKIP í Bretlandi, flokks Nigel Farage, sem ESB-aðdáendur segja heimsmeistara í lýðskrumi, jafnvel fremri Trump vini sínum, ýtti undir áhyggjur stóru flokkanna. Menn gætu vissulega spurt þeirrar spurningar hvers vegna flokkur sem fékk aðeins einn þingmann kjörinn í kosningunum 2015 og kom ekki einu sinni formanni sínum á þing skjóti stórflokkum skelk í bringu. Svarið er það að flokkurinn sem fékk aðeins einn þingmann kjörinn varð á aðra mælikvarða óbeinn sigurvegari kosninganna og setti stöðuna í uppnám.

Hin opinbera og almenna afstaða er sú að David Cameron og flokkur hans hafi verið glæstur sigurvegari þessara kosninga. Flokkur forsætisráðherrans náði óvænt hreinum meirihluta í breska þinginu, fékk 330 af 650 þingmönnum og fjölgaði þingmönnum sínum um 24 og fékk 36,1% atkvæðanna. Þessi ágæti sigurvegari, Íhaldsflokkurinn, bætti þó aðeins við sig 0,8 prósentustigum í kosningunum. Verkamannaflokkur Ed Miliband er sagður hafa fengið útreið í kosningunum enda sagði formaðurinn af sér í kjölfar þeirra. Verkamannaflokkurinn bætti þó við sig 1,5 prósentustigum, á móti 0,8 prósentustigum Íhaldsflokksins. En það skipti ekki máli því Verkamannaflokkurinn, sem vann meira á en Íhaldsflokkurinn, tapaði 26 þingsætum en höfuðandstæðingurinn bætti við sig 24 þingsætum.

Stórsigurvegari kosninganna, í þingsætum talið, var SNP, Skoski þjóðarflokkurinn. Hann fékk 56 þingmenn kjörna og bætti við sig 50 þingsætum. Flokkurinn fékk þó aðeins 4,7% atkvæða á landsvísu en UKIP fékk 12,6 prósent atkvæðanna og



varð þriðji stærsti flokkur landsins, fékk þó aðeins 1 þingmann. En þessar 3,6 milljónir kjósenda, sem fengu aðeins einn þingmann í sinn hlut, fengu fulla vigt í þjóðaratkvæðinu um Brexit.

Fjölmiðlar veraldar, þar á meðal sumir breskir, velta sér upp úr „the popular vote“ í Bandaríkjunum til að milda ósigur Hillary Clinton og gefa til kynna að sigur Trumps sé ekki marktækur. Íhaldsflokkurinn fékk 330 þingmenn kjörna í kosningunum 2015. Hefði UKIP fengið þingmenn í sama hlutfalli væri Farage nú leiðtogi rúmlega 120 þingmanna í breska þinginu í staðinn fyrir þennan eina þingmann sem flokkurinn fékk og er raunar uppsigað við Farage. En þessi sigur UKIP segir ekki alla söguna. Það er varla um það deilt að hefði David Cameron ekki, sér þvert um gerð, lofað því að halda þjóðaratkvæði um veru Breta í ESB, fengi hann meirihluta, hefðu Farage og hans menn unnið miklu meiri sigur og Íhaldsflokkurinn komið særður frá kosninganóttinni.

Margt má læra af bresku þingi

Það er fróðlegt og oft ánægjulegt að gefa breska þinginu gaum. Þá er átt við þann þátt þingstarfanna sem greint er frá í erlendu sjónvarpi og iðulega í beinum útsendingum, sem mjög margir Íslendingar hafa aðgang að. Eins og fyrr sagði úrskurðaði áfrýjunardómstóll að ríkisstjórnin yrði að bera það undir þingið vildi hún fylgja þjóðaratkvæðinu eftir með tilkynningu um að úrsagn-



Morgunblaðið/Ásdís

Það var allt annað upplit á umræðu breska þingsins en þess íslenska varðandi fyrirmæli Trumps um tímabundna lokun á aðgengi sjö ríkja, sem vegna upplausnar og stjórnleysis geta ekki veitt sömu upplýsingar um þá sem beiðast landgöngu og öðrum ríkjum er gert að útvega.

arferlið væri formlega hafið. Málið var því lagt fyrir þingið. Þótt þetta sé eitt stærsta mál bresku þingsögunnar þurfti aðeins rétt rúmlega dag í umræðu um það og atkvæðagreiðslu.

Í breska þinginu eru 650 þingmenn en 63 á því íslenska. Það er ekki sæti fyrir þriðjung þingmanna í salnum. Þegar mest liggur við er því staðið á göngum og með veggjum salarins. Það er aldrei kvartað yfir þessu þannig að mark sé á því tekið. Á breska þinginu mæta allir prúðbúnir til þingstarfa. Það hefur ekki komið fram krafa um þau mannréttindi að fá að mæta eins og druslur til starfa í þingsalnum, eins og náðst hefur fram á Alþingi á síðustu árum. Er það sjálfsagt á meðal helstu afreka þingsins á þeim tíma.

Uppfylla þarf lágmarkskröfur

Íslensk ríkisstjórn ákvað vorið 2013, eins og sjálfsagt var, að afturkalla formlega með þingsályktun „dauða“ samþykkt um umsókn að ESB. Ríkisstjórninni dugði ekki heill vetur til þess erindis. Málið var sett á dagskrá næsta vetrar á eftir en

ríkisstjórnarmeirihlutinn guggnaði. Sama þingið og hafði þó náð því fram umfram það breska og bandaríska að menn mega ráfa eins og druslur fyrir framan sjónvarpsvélarinnar í þinghúsinu og sýna beint virðingu sína fyrir starfanum og stofnuninni.

Í breska þinginu er reglan sú að láti þingmaður sem farið hefur út af sporinu ekki skipast við ávitur þingforseta er algjörlega óvíst að honum verði nokkru sinni gefið orðið það sem eftir lifir kjörtímabils. Fari svo er ólíklegt að kjördæmi hans, hvort sem er flokkurinn eða kjósendur, velji þann sama aftur til framboðs. Síðasta áratuginn hefur Alþingi orðið fyrir hverju áfallinu af öðru, þar sem það birtist fólkinu í landinu svo helst minnir á stjórnlaust heimili fyrir vandræðaunglinga. Umræður „um fundarstjórn forseta“ eru aðeins táknræn myndbirting alls þessa. Alvarlegri mynd þess stjórnleysisins er t.d. að forystumenn stjórnarflokka með ríflegan þingmeirihluta hafi ekki döngun í sér til að afgreiða þingsályktun, sem er óhjákvæmilegt að afgreiða, hafi slík tillaga verið lögð þar fram.

Það fordæmi leiðir til þess að ekki væri óvarlegt að álykta að núverandi ríkisstjórn sé naumast meirihlutastjórn. Á það mun sjálfsagt reyna fyrir en síðar.

Boðleg umræða

Það var allt annað upplit á umræðu breska þingsins en þess íslenska varðandi fyrirmæli Trumps

um tímabundna lokun á aðgengi sjö ríkja, sem vegna upplausnar og stjórnleysis geta ekki veitt sömu upplýsingar um þá sem beiðast landgöngu og öðrum ríkjum er gert að útvega.

Leiðtogi Verkamannaflokksins, Jeremy Corbyn, hefur um langt skeið haft horn í síðu Bandaríkjanna og ekki farið dult með það. Hann gekk á forsætisráðherrann, Theresu May, varðandi „ferðabann“ Donalds Trump. Skoðanir Corbyns leyndu sér ekki en hann var þó ætíð innan allra kurteisismarka.

May forsætisráðherra upplýsti að hún hefði önnur sjónarmið en forseti Bandaríkjanna í þessum efnum. Því yrði ekki gripið til sambærilegra aðgerða í Bretlandi. Hún teldi að auki að aðgerðin væri sennilega gagnslítill og kynni fremur að ýta undir sundrunu en hið gagnstæða.

Corbyn hamraði járníð og vildi vita hvenær May hefði fengið að vita af þessum fyrirætlunum Trumps og spurði aftur og aftur hvort forsætisráðherrann hefði ekki mótmælt þeim harkalega á fundi þeirra og myndi gera það í framhaldinu.

May svaraði því til að ef það fælist í spurningunni hvort hún hefði fengið formlega að vita fyrir fram um þessar áætlanir forsetans væri svarið nei. En væri spurningin hins vegar sú, hvort hún hefði vitað af þessum ráðagerðum Trumps væri svarið svo sannarlega já.

Hún hefði vitað af þessum áætlunum fyrir fram eins og allir aðrir, því Trump hefði hvað eftir annað boðað að þetta myndi hann gera næði hann kjöri. Theresa May sagðist aldrei ætla sér að veitast ómaklega og með ónotum að leiðtoga mikilvægasta bandamanns Bretlands, Bandaríkjanna. Sama leiðtoga og hefði á fundi með sér nýverið lýst yfir 100% stuðningi við NATO, sem væri fagnaðarefni, enda væri ekki ágreiningur á milli ríkjanna um að Evrópuarmur NATO þyrfti í framtíðinni að leggja meira af mörkum til þess samstarfs en áður. Forseta sem jafnframt hefði heitið sér og Bretlandi öflugum persónulegum stuðningi við nýja fríverslunarsamninga, þegar sumir aðrir hótuðu að leggja steina í götu þeirra. Forsætisráðherrann þaggaði svo endanlega niður í leiðtoga stjórnarandstöðunnar með því að segja að hún myndi aldrei fara að dæmi Corbyns og leggjast í eltingarleik við fyrirsagnir og upphróp-anir. Formaður Verkamannaflokksins gæti sín vegna farið fyrir mótmælum en hún færi fyrir þjóðinni og málstað hennar.

Samanburður

Mikið hefði verið notalegra ef einhver á hinu þúsund ára gamla þingi hefði haft burði til að bera sig þannig að á dögunum. Þar virtist hver einasti maður vera í fyrirsjáanlegum eltingarleik við upphrópanir og fyrirsagnir og reyna að fá sem flest stig í þeim lítillfjörlega leik. Kannski með símann opinn og telja „like“. Enginn virtist hafa gert minnstu tilraun til að spyrja sjálfan sig, eða einhvern annan, ef fátt hefði verið um svör heima fyrir, um hvað þetta mál snerist.


Í þetta sinn hefði óskiljanleg umræða um „fundarstjórn forseta“ í 15 klukkutíma sennilega verið skárri.

Það er ekki oft sem sú umræða hefur vinninginn.

En hún hefði unnið þarna.

Loksins.

			HLÝÐN- AR	SKELIN	SKRIFA v AFURÐ	MYNT	LÍK	ÍLÁT	UTAN- BÓK- AR	MELIR
	GR- AD- UNG- UR									
	DÝT- UR					KVEN- NAFN KROPP- AR				
	VEG- UR- INN						FROST- SKEMMD URCAR			
	ÁVÖXTUR							FRUMEFNI ÚRKOMA FISKUR		
	HEGNIR	UXUM								
TRYGG- UR				FSAR- PLÖGS- MENN GUD						
MAÐUR			GELU- NAFN + HNOÐA GLATA							RÖNG
ERUM Í VAFA						DEILUR VOTAR			HETJU- KVÆÐI	
STEFNA				ÝLFER- ANDI VEISLU						
GUD		AUMA MANNS- NAFN					HORAD UXANA			
Á FÆTI	↓				HÚSDÝR ÓHREINT		ANDI			
		GLÖGGAR GÝTUR					HERMA EFTIR RÖÐRAR- MAÐUR			
FSALLS- BRÚN				FEIT- IN	PÚKAR			TÚVÍ- HLJÓÐI BELJAKA		
BÚUM AÐ						PEGAR MANNS- NAFN			MANNS- NAFN v FORFABIR	
SOGN				DASEMD GERIR AUBUGAN						SKOLL- ANN v NOA
FARA ÚR SKORÐUM	↓						ANGEAR AREID- ANLEGA			
FÉLAG			URGUR KUNN- ATTU					FRUM- EFNI KEMST		
	↓	SIGTI DROLLA			VÆTAN GREIN- IR					
RÄÐN- ING							ESPI NOKKRA			
RAF- EIND			STÉTTAR MANNS- NAFN					VANTAR VERÐA ORÐLAUS		
HINN										
SER- HLÍFID				FUGL- AR		EFLD MULD- UR NAGLA			DJARF- AÐI FYRIR	
		REYFI HUGAR- BURÐUR								
STARI							BLYNDUR RÆKTUÐI LÖNDIN			
HVATA			AUD- AR			GUD	FLYTI UNG- VÍÐI			REIDAR v ELSKA
KROPPA + STÆKKAD										
MÁL- FRÆÐI- SKAMMI- STÖFUN		HUGADIR BENAR						LÍKAMS- HLUTI SKELLÓTT		
		KINDUM VÍSA		SEDLAR LJÚKA					KVEIK- UR	
	TÖN- STIGAR VIÐLAG						ÖGN UR- GANGUR			
GLAP- IR						HAMA- GANGUR JNEMMA				
MÆLT MÁL			SAUR		TÍMA- BIL KIND		KÚGA LEIT			
SKORTUR + BORÐA										
ÓHAGG- AN- LEGAR						TELPU- HNOKK- INN				




Morgunblaðið/Árni Sæberg

Eftir hvern og heitir hvað?

Sennilega eru fá kennimörk í Reykjavík jafn oft mynduð og listaverk þetta sem er við Sæbrautina. Þar nema margir staðar og taka myndir, enda er bakgrunnurinn skemmtilegur og sibreytilegur og ræður þar sólarljós, veður og skipaferðir inn og út sundin. Eftir hvern er þetta listaverk og hvað heitir það?

Svar: Listaverkið Sólfarið er eftir Jón Gunnar Arnason. Það var afhjúpað á almennisdegi Reykjavíkurborðgar, 18. ágúst árið 1990.



- LÁRÉTT**
- 1. Frussa báli að eldfæri. (8)
 - 5. Aðaldraugurinn Daníel einn er aðsteðjandi. (11)
 - 10. Smá sambland getur valdið veseni hjá kærustupari. (11)
 - 11. Áfengið og þrjár áttir fyrir sinn. (8)
 - 12. Rugluð er æf mannelskri út aumingjaskap. (12)
 - 13. Við með hávaða valdi truflun. (7)
 - 14. Loforð handa steikjandi. (9)
 - 17. Frú Elsa varð að endingu mjög trúuð. (7)
 - 18. Sé bera leggi og skemmi þá. (9)
 - 19. Sorgmædd hita í ofni á heimferð. (8)
 - 22. Skrýtin á námstímabili (10)
 - 23. Tengikló sem notar mikið rafmagn? (9)
 - 24. Bjóða Samúel frá Bandaríkjunum velkominn og óska honum til hamingju. (8)
 - 27. Pan fær lítið brot af Íkarusi, ást og ensku óðagoti. (11)
 - 29. Skærgulir blandast enn í flusi. (10)
 - 30. Tónverk sem hæfir handlögnum. (9)
 - 32. Kaldur lindi á skipshlið. (8)
 - 33. Sé litinn á opi hjá mjög snjóðum. (10)
 - 34. Fiskimaður auk kóralrauðrar tapaði gulli. (10)
 - 35. Bróðir Kastró lifi syngjandi. (8)

- LÓÐRÉTT**
- 2. Lést eyðublað hjá Mjólkursamsölunni enn hjá þeim hafa mikilvægt hlutverk fyrir rétti. (11)
 - 3. Tap ruglar jarl þegar hann sker í búta. (7)
 - 4. Gönuhlaup að strönd hjá svarandi. (7)
 - 6. Lygi hjá Keflavíkurflugvelli ruglar rit sem sýnir þá með blað fellt í gróf. (10)
 - 7. Sé kunningja Elíasar læknis með barnaleikfangi. (9)
 - 8. Flaustrið til fjarlægra landa. (7)
 - 9. Kastað inn í útúrdúrin. (9)
 - 10. Rör leggja og drepa. (9)
 - 15. Dyr sjarmera með töfrahlutum. (12)
 - 16. Seigla karamella. (6)
 - 20. Sé Atla Sigurðsson með landakort. (5)
 - 21. Hinn ítalski og Linda smærri eru friðsamari. (12)
 - 23. Ein sá ryk hjá keimlíkum. (10)
 - 24. Sænskur á einhvers konar skrímsli. (8)
 - 25. Snjókoman kennd við franskan dauða færir okkur steytil. (8)
 - 26. Skilja að og sjá að gramm er ekki natríum. (8)
 - 27. Við bílastæði er samið ú-óp í erlendu landi. (8)
 - 28. Hringanórinn fær drykk frá söngvarnum. (8)
 - 31. Á slæm og verkfæri. (6)



KROSSGÁTUVERÐLAUN

Verðlaun eru veitt fyrir rétta lausn krossgátunnar. Senda skal þátttökuseðil með nafni og heimilisfangi ásamt úrlausnum í umslagi merktu: Krossgáta Morgunblaðsins, Hádegismóum 2, 112 Reykjavík. Frestur til að skila krossgátu 5. febrúar rennur út á hádegi 10. febrúar. Vinningshafi krossgátunnar 29. janúar er Bryndís Guðbjartsdóttir, Eyrgata 32, 820 Eyrarbakka. Hún hlýtur í verðlaun bókina Tvisaga eftir Ásdísi Höllu Bragadóttur. Forlagið gefur út.



Nafn

Heimilisfang

Póstfang

LYKILORDAGÁTAN

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

31

32

33

34

35

E

S

N

B

A A B D D E E F G H I I J K L M N O O P R S T U U V X Y Y Z A E O

LYKILORD FYRRI VIKU

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

31

32

E

S

N

B

Y D D A D U R R O A D I
O U Y J A U D
P R Y D G A R D O K K
S K D I N A
S K R U D I U S L I N N
A L K U N D
U R K A S T B R A G G I
T V N R F R
P V A D U R U R H R A K
R L P E E S
A A M R L E N N O F N
I O U X I T R
N I P U R N A M U B A E R

Nr:2017-5

Orðlengingin

Hvaða bókstaf þarf að bæta inni orðin neðan til að búa til fjögur ný fimm stafa orð? Ekki má breyta röð stafanna í orðunum.

ÞÓTT ÆFÐI OTUR DEKK

Stafakassinn

F

Þrautin er að fylla í reitina með sex þriggja stafa orðum og nota eingöngu stafi úr textanum að neðan.

A A F K K O R T Ý

Fimmkrossinn

Er hægt að búa til tvö fimm stafa orð með því að nota textann neðan? Já það er hægt ef sami bókstafur kemur fyrir í báðum orðum. Hvern staf má aðeins nota einu sinni.

FRÁVIKINU

V

Lausnir fyrri viku

Orðlengingin
BLÁIR SÆIST LEIGU LYGIN
Stafakassinn
ARK GJÁ NÁLAGN RJÁ KÁL
Fimmkrossinn
ANNAR SANDA

LESBÓK



Drynpunginn í Dimmu

Pungarokksveitin Dimmu kemur fram á tónleikum á Hard Rock Cafe við Lækjargötu á laugardagskvöld og hefst þeir kl. 22. Dimmufélagar eru við upptökur á nýrri plötu en ákváðu að halda nú eina tónleika.



„Ég sé verkin ekki standa ein og sér, heildarupplifunin er nauðsynleg,“ segir Ilmur Stefánsdóttir um sýningu sína í Hafnarhúsinu.

Morgunblaðið/Einar Falur

Þorir ekki að hætta að puða

„Ætli þetta sé ekki sprottið af ákveðinni angist yfir því að stoppa aldrei,“ segir Ilmur Stefánsdóttir um sýningu sína, *Panik*, sem var opnuð í Listasafni Reykjavíkur fyrir helgi. Konur puða þar látlaust á 12 skjáum í verksmiðjuumhverfi sem minnir á leikmynd.

Einar Falur Ingólfsson efi@mbl.is

Hér er mikið streð og puð og pauf – mikil panik,“ segir Ilmur Stefánsdóttir myndlistarkona þegar við göngum á milli og rýnum í myndbandsverkin tólf á sýningu hennar sem opnuð var í gær í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Sýninguna kallar hún *Panik* og þar hefur Ilmur skapað eins konar órætt verksmiðjuumhverfi í hráum A-sal safnsins; þarna eru saltbingir, loftræstirör og túður, fiskikör og lóðréttar járnstangir kringum gráar burðarsúlur salarins. Sum myndbandsverkanna eru inni í loftræstitúðum á súlunum, öðrum varpað upp í loft, á vegg eða á salthauga. Í þeim má sjá nærmyndir af puðandi kvenmannslikömum íklæddum ólíkum æfingafötum, líkómum sem endurtaka sömu taktvissu hreyfingarnar, út í eitt. Svo er það hljóðið, einnig taktvíst og verksmiðjulegt svo minnir á vinnslusali frystihúsa; hvert myndbandsverk með sinn takt, sinn hljóðheim, en yfir og allt um kring er annað hljóðverk sem Salka Valsdóttir hefur unnið úr hljóðum hinna stöku verka í þessari heildstæðu innsetningu.

Konan í myndbandsverkunum hamast við eitthvað sem hefur ekki augljósan tilgang og er alveg óstöðvandi. „Ætli þetta sé ekki sprottið af

ákveðinni angist yfir því að stoppa aldrei,“ segir Ilmur hugsí.

– Er það pressa nútímalífsins?

„Já, ætli það ekki. Og einhvers konar ótti, án þess að vita við hvað. Og þess vegna þorir maður ekki að hætta að puða, í algjörru panik!“ segir hún.

Hlutgerving konunnar

Ilmur hefur unnið jöfnum höndum við myndlist og leikmyndasköpun. Hún lauk námi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1995 og framhaldsnámi í myndlist við Goldsmiths College í London árið 2000. Hún hefur haldið fjölda einka- og samsýninga og lagt stund á gjörningalist hérlandis og erlendis. Samtímis hefur Ilmur hannað leikmyndir og búninga fyrir Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið og víðar.

Ilmur ítrekar að uppsprettan að sýningunni sé sú tilfinning að vera í panik, eða finnast maður vera að hlaupa undan einhverju, án þess að geta alveg skilgreint hverju. „Ég er ekki að draga fram neikvæða mynd af þessari panik, þetta er einhvers konar orka. Ég upplifi myndbands-hlutana svolítið eins og hreyfljósmyndir og þá er líka í þeim ákveðið málverkselement. Þótt það sé látlaus hreyfing innan myndanna eru þær líka kyrrar, síendurtekið það sama. Þetta er eins og að rugla



„Ég get hvorki andmælt tengslum við feminískar eða kynferðislegar vísanir þegar verkin eru upplifuð,“ segir Ilmur. Hér er stilla úr einu myndbandsverki.

barni, hreyfing en þó róandi. Það má sækja sér hugarró í hreyfinguna.

Þegar ég byrjaði að vinna sýninguna var ég ekki búin að sjá útfærsluna alveg fyrir mér en ég ákvað að vinna út frá líkamsræktartækjum og útfæra hugmyndirnar með líkamlegu atgervi. „Og hún telur upp hvaða líkamsræktartækjum konurnar hamast á: „Þetta eru þrekhjól, reiðhjól, hamsturshjól, stígvél, trampólín – og trimmformvél. Veistu hvað það er? Hún á að gera mann

stinnari og hristir vöðvana! Í henni er eins konar belti sem maður setur utan um sig og það hristir mann þar til það verður mjög óþægilegt. Og þetta er erfitt og reynir á magavöðvana.“

Það er því Ilmur sjálf sem sjá má í myndbandsverkunum þótt höfuð konunnar sjáist aldrei og alltaf séu þetta nærmyndir af hluta líkamans. Notar hún sjálf svona líkamsræktartæki?

Hún hugsar sig brosandí um.

Svarar svo neitandi. „En hér má sjá einhvers konar þörf fyrir sífellda hreyfingu. Ég var virkilega þrekuð eftir upptökurnar. Á bak við hvert verk geta verið þrjátíu eða fleiri tölur og ég kom oft skjálfaði af þreytu út úr vinnustofunni.

En við sjáum bara líkama í verkunum, tólf einstaklinga sem hamast.“

– Er þetta íslenska konan? Sem snýst og hamast, konan sem setur í þvottavélina, hleypur í vinnuna, heldur heimilinu gangandi og endurtekur rútínuna í sífellu?

„Ég gengst sjálf við því að vera á barmi taugaáfalls marga daga ársins!“ Hún glottir. „En í verkunum má vissulega fá tilfinningu fyrir ákveðinni hlutgervingu konunnar. Þessi líkami hér,“ segir hún um eitt verkið sem við horfum á, „er til dæmis nánast eins og gína eða dauður hlutur, eins og vél sem á bara að ganga.“

Viðkvæmt og kvenlegt

Í hráum sýningarsalum dregur innsetning Ilmar fram tilfinningu fyrir iðnaðarumhverfi sem taktviss og á stundum ágeng hljóðmyndin ýtir undir. Svo eru það saltíð, stillansasúlur, fiskikör og loftræstistokkar. Má spyrja listakonuna um táknræna merkingu alls þessa?

„Saltíð er eins og útfelling vegna

MÆLT MEÐ



Leikararnir Hera Hilmarsdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson fara á kostum í leikritinu **Andaðu** sem sýnt er í Lónó til 20. febrúar. Gagnrýnandi Morgunblaðsins gaf sýningunni fjórar og hálfa stjörnu.



Dansleikhúsverkið **Fubar** verður sýnt í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag kl. 20. Verkið er eftir Sigríði Soffíu Nielsdóttur dansara, við tónlist eftir Jónas Sen og er unnið út frá tíma, sem er snúið á haus.



Áhugafólk um kvikmyndir og sögur úr íslenskum veruleika ætti ekki að missa af **Hjartasteini** sem verðskuldað rakar að sér verðlaunum. Rýnir Morgunblaðsins gaf henni fjórar og hálfa stjörnu.



Boðið er upp á leiðsögn fyrir alla fjölskylduna á laugardag kl. 11 um sýninguna á verkum **Nínu Tryggvadóttur** í Listasafni Akureyrar. Að lokinni leiðsögn er gestum boðið að búa til listaverk, innblásið af verkum Nínu.



Vetrarhátíð var sett á fimmtudag og stendur út helgina. Í tilefni hátíðarinnar eru allskyns viðburðir í menningastofnunum á höfuðborgarsvæðinu, skammdegið lýst upp með sköpunarkraftinum.



„Þetta eru þrek hjól, reiðhjól, hamsturhjól, stigvél, trampólín – og trimm-formvél,“ segir Ilmur um tæki sem konurnar í myndbandsverkunum hamast á.

alls þessa amsturs,“ svarar hún að bragði. „Útfelling vegna vinnunnar eða hamagangsins. Ég vinn líka með loftræstikerfi byggingarinnar og það er eins og sumar konurnar séu inni í húsinu og þetta sem við upplifum þrýstist úr öllum opum hússins.“

– Það leiðir okkur að kvenlegri túlkun; verkin eru í loftræstitúðum eins og móðurlífi og fæðast þaðan inn í salinn.

„Ég get ekki neitað því. En ég er kona. Ef ég væri maður myndi ég mögulega tjá mig á sama hátt en ég get ekki vitað það því ég er kona.“

– Svo er óneitanlega kynferðislegur undirtónn í myndbandsverkunum, þar sem er sífellt skak, horft inn í eins konar göng og eitthvað verið að hnoðast.

„Algjörlega. Ég get hvorki andmælt tengslum við femínískar eða kynferðislegar vísanir þegar verkin eru upplifuð. Vissulega er ákveðið munúðarfullt element í þeim.

Það er eitthvað viðkvæmt og kvenlegt hér en um leið eitthvað gróft og hart. Eins og bara hús-ið sjálft, þessi grófi og harði arkitektúr. Svo hafði ég sterka þörf fyrir að láta, eins og ég sagði, einhverja hluta verkanna koma út úr súlunum; mögulega eru einhverjir einstaklinganna fastir inni í húsinu.

En allt þetta rými, sem er orðið svona verksmiðjulegt á meðvitaðan hátt, má líta á sem eins konar leikmynd – innsetningarleikmynd sem er mér svo eðlileg og tengir alla þættina saman. Ég sé verkin ekki standa ein og sér, heildarupplifunin er nauðsynleg.“

Heimar renna saman
Ilmur starfar mikið innan leikhúsa og hefur til að mynda skapað sviðsmyndirnar í leiksýningunum Njálu, Dúkkuheimilinu, Hreinsun, Tengdó

og Músum og mönnum, og unnið til nokkurra Grímuverðlauna fyrir. Hvaða áhrif hafa myndlistin og leikhúsið á hvort annað í störfum hennar?

„Það hefur áhrif á báða vegu,“ segir hún. „Í leikhúsinu held ég að ég taki mér oft heilmikið pláss, meðal annars vegna þess að ég er vön að vinna sem sjálfstæður höfundur. Ég lít á mig sem leikmyndahöfund og tek mikinn þátt í að móta hvernig sýningin er túlkuð. Út frá innviði sýninga, skilaboðum og erindi þeirra móta ég heildarmyndina með hinum listrænu stjórnendunum. Hér í myndlistinni er ég höfundurinn en er samt að vinna að einhverju leyti eins og í leikhúsinu, hvað það varðar að hér nær sýningin yfir heilt rými og að einhverju leyti er þessi salur hér orðinn sviðið. Nema að áhorfendur fá að ganga inn á það, þeir sitja ekki fyrir utan og horfa á það gegnum ímyndaðan fjórða vegginn.“

Ilmur bætir við að hún geti ekki áttað sig fyllilega á því en ekki sé ósemnilegt að þessi sýning sé eins og hún er vegna reynslu hennar í leikhúsinu. „Ég læri sífellt betur að vinna sem höfundur í leikhúsi, að taka sterka og stærri þátt í því hvaða leiðir eru farnar, og svo finnst mér að myndlistin mín njóti sín vel með ákveðnum leikhúslegum túlkunum í myndlistarrými.

Mér finnst ég vera að ná á einhvern stað þar sem þetta tvennt er að renna saman – og það er mjög góð tilfinning. Leikhúsið er samstarf, þar er þessi fína lína milli þess að hlusta vel en hafa líka sterka rödd. Það tekur tíma að læra það en sá þroski nýtist líka í myndlistinni.

En fyrst og fremst vinn ég hér með eigin innsæi og leyfi því að flæða. Sumt þroskast best inni í manni, órætt, og nærist vel án orða – þótt samtalið geti líka verið gott.“

TENGDU PUNKTANA OG SJÁÐU MYNDINA BIRTAST.

RÓÐU HUGANN OG NJÓTTU ÞESS AÐ TENGJA TIL AÐ SJÁ FALLEGAR TEIKNINGAR AF ÞEKKTUM BORGARTÁKNUM BIRTAST.

KOMIN Í NÆSTU VERSLUN OG Á EDDA.IS

edda
WWW.EDDA.IS

Melissa Dream

- töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur

Í gegnum aldirnar hefur sitrónumelis (Lemon balm) jurtin, Melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna.

Þessi vísindalega samsetta náttúruvara er hönnuð til að stuðla að góðum endurnærðum nætursvefn án þess að innihalds efni sem hafa sljóvgandi áhrif.

Sitrónumelis (Lemon balm) taflan inniheldur náttúrulegu aminosýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B vítamín, sem stuðlar að eðlilegri taugastarfsemi.

Auk þess inniheldur taflan mikið magn magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.

„Hvílist betur með Melissa Dream“
Lísa Geirsdóttir

Útsölastaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á www.icecare.is


LESBÓK



Argentínski rithöfundurinn Eugenia Almeida, höfundur Rútunnar.

Enginn getur yfirgefið þorpið

Skáldsagan *Rútan* eftir argentínska rithöfundinn Eugenia Almeida kom út í vikunni í íslenskum búningi Katrínar Harðardóttur. *Rútan*, *El colectivo*, var fyrsta



skáldsaga Almeida, en hún hefur starfað í leikhúsi, útvarpi og sjónvarpi. Bókin hlaut ýmis verðlaun, meðal annars Premio las dos Orillas, en aðrar bækur hennar, *La pieza del fondo* og *La tensión del umbral*, hafa einnig verið verðlaunaðar.

Sögusvið *Rútunnar* er smáþorp í Argentínu þar sem ungir elskendur sitja á bar og bíða eftir rútunni. Það gerir Antonio Ponce

einnig, miðaldra vel stæður lögfræðingur, en Victoria systir hans er á förum úr þorpinu. Allt virðist með felldu en þegar rútan birtist gefur ökumaðurinn í og hverfur í átt til borgarinnar án þess að nema staðar. Það endurtekur sig svo næsta dag og fljótlega kemur í ljós að enginn getur yfirgefið þorpið – fúarnir safnast saman í sínu fínasta þússi, sífellt fleiri og fleiri, til þess eins að sjá rútuna þjóta framhjá kvöld eftir kvöld.

Í bókinni byggir Almeida á andblæ þess tíma er herforingjastjórn réð ríkjum í Argentínu, Almeida var ellefu ára þegar herforingjarnir hrökkluðust frá völdum, og því hvert mágsefjun og skilyrðislaus hlýðni við yfirvöld leiðir okkur. Í þorpinu eru vegatálmur settir upp sem koma í veg fyrir að fólk geti komið til þorpsins og yfirgefið það og eina samgönguleiðin er á valdi stjórnvalda.

Kristínu Svövu Tómasdóttur finnst ómetanlegt að hafa aðgang að texta á sínu eigin máli.



Morgunblaðið/Golli

Ljóð tuttugu og fimm alda

Bókaforlagið Partus gefur út tvær bækur með þýddum ljóðum, annarsvegar eitt af helstu ljóðum kúbverskrar bókmenntasögu og hinsvegar safn lýrískra ljóða grískra og rómverskra frá fyrri öldum og fram á okkar daga.

Árni Matthíasson amim@mbl.is

Fyrir stuttu sendi bókaforlagið Partus frá sér tvær ljóðaþýðingar, annars vegar þýðingu Kristínar Svövu Tómasdóttur

á ljóðinu *Pungi eyjunnar* eftir kúbverska skáldið Virgilio Piñera og hinsvegar *Mundu, líkami*, sem er safn þýðinga Þorsteins Vilhjálmssonar á grískum og latneskum ljóðum eftir ýmsa höfunda.

Ljóð Virgilio Piñera (1912-1979), *Pungi eyjunnar*, *La isla en peso*, fjallar um Kúbu, kúbverska sögu, menningu og sjálfsmynd. Ljóðið kom út á bók 1943 og varð mjög umdeilt, þótti klúrt og ekki í anda þeirrar menningarstefnu sem þá var ríkjandi.

Segja má að Piñera hafi síðan smám saman horfið úr kúbversku menningarlífi á árunum eftir byltingu, enda þótti hann ekki sýna réttan byltingaranda, aukin heldur sem hann var samkynhneigður og fór ekki leynt með það. Á síðustu árum hefur vegur hans þó farið vaxandi að nýju og nú er hann talinn með höfuðskáldum Kúbu.

Langt ferli

Kristín Svövu Tómasdóttir segir að það hafi verið svolítil glíma að fást við Piñera, „enda er þetta langt ferli, ég byrjaði á þýðingunni 2010. Það er líka dálítið absurd andi í ljóðinu sem gerir að verkum að maður getur ekki alltaf treyst röklegu samhengi. Það er líka langt af ljóði að vera og þar sem ljóðaþýðingar eru oft þess eðlis að maður þarf að hugsa dálítið vel um hvert orð og hverja línu var þetta töluverð áskorun en skemmtilegt sem slík.“

– Það er orðið þýsna langt síðan þetta ljóð var samið og síðan gefið út. Í því er ákveðin menningarleg

skírskotun, eitthvað sem við kannski grípum ekki eða skiljum ekki nógu vel sjötíu árum síðar.

„Piñera er áhugaverður sem höfundur almennt, skrifaði líka smásögur og skáldsögur og leikrit, og ég reyndi að lesa í kringum ljóðið. Ég las mér líka til almennt og það lá alltaf fyrir að ég myndi vera með eftirmála þar sem ég reyni að skýra aðeins samhengið fyrir íslenskum lesendum. Frá því ég las ljóðið fyrst fannst mér það þó virka á einhvern hátt og það væri alls ekki gamaldags. Mér finnst það ferskt í dag og mér finnst einmitt skemmtilegt hvernig það er bæði mjög kúbanskt og er að fjalla um það sem gerist í samhengi sem er mjög framandi Íslendingum en líka nútímalegt. Þetta er rosaalega flott skrifað, flott myndmál og flottur texti, en svo er Piñera líka að skrifa um eyju, það að vera á eyju, og hann er líka í glímu við þjóðarsjálfsmynd sem er náttúrulega eitthvað sem ég þekki og hef mikinn áhuga á í íslenskum skáldskap. Það eru því bæði hliðstæður og framandi hlutir.“

Skemmtilegt að þýða ljóð

„Mér finnst mjög skemmtilegt að þýða ljóð þó þetta sé kannski óvenjulegt af því það er svo langt, en þegar ég er að lesa ljóð hugsar ég oft: þetta væri gaman að þýða. Það er mér mjög eðlilegt því þýðingar ganga svo mikið út á það að deila með öðrum einhverju sem maður er mjög hrifinn af.

Ég er líka ljóðskáld og er hrifin

Easy2Clean

Mött veggmalning sem létt er að þrifa

– frábær fyrir heimili þar sem ýmislegt gengur á

Svansvottuð
betra fyrir umhverfið, betra fyrir þig.

SérEfni

Síðumúla 22 | Sími 517 0404 | serefni.is

Opið: 8-18 virka daga 10-14 á laugardögum



Þorsteinn Vilhjálmsson segir að íbúar fornaldar hafi verið nákvæmlega eins og við, en líka ótrúlega ólíkir okkur.

Morgunblaðið/Eggert



Mörg þessara kvæða hafa ekki verið til á íslensku og þetta eru tungumál sem ekki margir geta lesið á, en það er niðurlægjandi fyrir þjóðerniskenndina að fólk sé að lesa þessi ljóð á ensku.

af ljóðaupplestri og samfélaginu í kringum ljóðlistina, samskiptapartinum. Það er að mörgu leyti auðveldara að fást við það í ljóðum en í prósa og það eru mikil samskipti á milli ljóðskálda því ljóð eru smærri í sniðum og auðveldara að vinna með þau í þýðingum. Svo er það svo að þó það sé ánægjulegt að geta lesið texta á frummálinu þá er líka ómetanlegt að hafa aðgang að honum á sínu eigin máli.“

Ljóð tuttugu og fimm alda
Mundu, líkami hefur að geyma ljóðapýðingar Þorsteins Vilhjálmssonar úr grísku og latínu. Elsta ljóðið í bókinni er frá 6. öld fyrir Krist og það yngsta frá tuttugustu öld. Ljóðin, sem eru eftir grísku skáldin Saffó, Peognis, Straton og Kavafis og latnesku skáldin Catullus, Ovidius og Martialis, fjalla um ást, þrá, hatur og háttsemi á opinskáan hátt, svo opinskáan reyndar að tíðkast hefur að ritskoða þau í þýðingum. Í þýðingum Þorsteins eru þau þó ósnýrt.

Þorsteinn Vilhjálmsson rekur sögu þýðinganna svo að hann hafi verið að kenna fornfræði í MR og þá langað til að fjalla um styttri lýrísk ljóð grísk. Hann komst þá að því að mjög fá slík ljóð hafa verið þýdd, „og þau sem hafa verið þýdd hafa ekki verið þýdd vel. Svo hafa ekki þau áhugaverðustu verið þýdd, meðal annars vegna ákveðinna ritskoðunarsjónarmiða. Ég ákvað því að ég þyrfti að þýða þau sjálfur.“

- Þegar maður rýnir í gamlan grískan og rómverskan texta kemst maður fljótt að því að menn voru býsna opinskáir og óheflaðir í málfari og kannski líkari okkur en maður hefði haldið.

„Eitt það áhugaverðasta við þetta er að maður kemst að því að þeir hafa verið nákvæmlega eins og við, ótrúlega orðljótir og grófir og með hugann við kynfæri og subbuskap, en hinsvegar eru þeir svo ótrúlega ólíkir okkur og þetta tvennt blasir við, jafnvel í sama ljóðinu. Fyrir þessum skáldum eru þetta þó ekki andstæður.“

Hin lýríska ljóðahefð lifir
Í *Mundu, líkami* eru ljóð allt frá sjöttu öld fyrir Krist og fram á okkar daga, því eitt ljóðanna, sem heitir einmitt Mundu, líkami, er eftir tuttugustu aldar skáldið Konstantínos Kavafis. Þorsteinn segist hafa valið Kavafis vegna áhrifa Sardis (1. til 2. öld e.Kr.) á ljóð hans, en líka vegna þess að hann vildi ekki hólfa af hina klassísku fornöld eins og hún sé eitt-hvað eitt og takmarkað. „Mér finnst að ljóðahefðin, hin lýríska ljóðahefð, lifi áfram, alla leið til Kavafis. Hann er því með til að benda á að það sé samfella.

Mörg þessara kvæða hafa ekki verið til á íslensku og þetta eru tungumál sem ekki margir geta lesið á, en það er niðurlægjandi fyrir þjóðerniskenndina að fólk sé að lesa þessi ljóð á ensku, til dæmis, sem er það sem ég hefði þurft að gera fyrir nemendur mína í MR hefði ég ekki þýtt þau

sjálfur. Það hefði verið vandræðalegt að láta þau lesa ljóðin á ensku, það er svo mikil uppgjóf tungumálsins.“

NÝ SENDING FRÁ BELID !

Rafkaup

Ármúla 24 - s. 585 2800 - www.rafkaup.is
Opið virka daga 9-18, laugardaga 11-16

Ljós á mynd:
POP frá BELID

BÓKSALA 25.-31. JANÚAR	
Allar bækur	
1	Löggan Jo Nesbø
2	Átta vikna blóðsykurkúrin Michael Mosley
3	Schritte International 2 B+cd
4	Absolutely True Diary of a Part-time Indian Alexie Sherman
5	Aflausn Yrsa Sigurðardóttir
6	Almenn jarðfræði Jóhann Ísak Pétursson/ Jón Gauti Jónsson
7	Schritte Intern 3 kursb+arbei
8	Synt með þeim sem drukkna Lars Mytting
9	Heiða Steinunn Sigurðardóttir
10	Tvísaga Ásdís Halla Bragadóttir
Listinn er tekinn saman af Eymundsson.	
Barnabækur	
1	Vöggvísurnar okkar Ymsir höfundar
2	Sirkusráðgátan Martin Widmark
3	Leyndarmál Lindu 3 Rachel Renne Russell
4	Þín eigin hrollvekja Ævar Þór Benediktsson
5	Hótelráðgátan Martin Widmark
6	Stjörnuskoðun Sævar Helgi Bragason
7	Dagbók Kidda klaufa 8 Jeff Kinney
8	Spurningabókin 2016 Bjarni Þ. Guðjónsson/ Guðjón Ingi Eiríksson
9	Litli prinsinn Antoine de Saint-Exupéry
10	Þabbi prófessor Gunnar Helgason

ÉG ER AÐ LESA

Linda Vilhjálmssdóttir

Ég hef verið að lesa Napólísögur Eleni Ferrante. Mér finnst þessar bækur mjög sérstakar, eitthvað sem maður getur ekki komist í annars staðar. Stíllinn hjá henni er mjög sérstakur og skemmtilegur og svo finnst mér líka að hún sé að segja mjög raunsanna sögu af samskiptum kvenna.

Ég lagði frá mér fjórðu bókina um tíma og fór að lesa jólabækur, Steinar Braga og Hermann Stefánsson, en byrjaði svo á henni aftur og er að verða búin með hana. Svo er ég alltaf að lesa ljóð líka.

Ég fékk í jólagjöf bók með þýðingum Þórs Stefánssonar á ljóðum franskra skáldkvenna, *Frumdrög að draumi*. Hún er ljómandi góð. Ég las *Mennska í myrkrinu* með þýðingum hans á ljóðum frönskumælandi skálda frá arabahheiminum og finnst þessi mjög góð viðbót. Svo las ég líka *Hvítsvítu* eftir Athena Farrokhzad og hún er ansi góð og sérstök. Það er eins og hún sé að segja setningarnar, lítur ekki út eins og ljóð á blaðinu, en það er rosaleg hrynjandi í þessu og góð þýðingin hjá honum Eiríki Erni Norðdahl.

Linda Vilhjálmssdóttir er ljóðskáld og rithöfundur.



LESBÓK

Úr örygginu í eplin


SJÓNVARP Stöð 2 hefur í kvöld, sunnudag, sýningar á nýrri spennuþáttaröð frá BBC í fjórum hlutum. Í þáttunum, sem nefnast Apple Tree Yard, leikur Emily Watson miðaldra vísindamann og gifta tveggja barna móður, Yvonne Carmichael, sem lifir öruggu en nokkuð tilbreytingarlitlu lífi í úthverfi Lundúna. Það breytist sem hendi sé veifað þegar hún fer að halda við dularfullan mann (Ben Chaplin) sem hún kynnist í þinghúsinu, eftir að hafa miðlað upplýsingum til þingnefndar. Eitt-hvað fer illilega úr böndunum en þegar við fyrst hittum Carmichael er hún í vörslu lögreglu, augljóslega grunuð um glæp. Að því búnu er spólað níu mánuði aftur í tímann. Tveir fyrstu þættirnir hafa verið sýndir í Bretlandi og hafa vakið mikla athygli og umtal.



Emily Watson sem Yvonne Carmichael.

Grunaður um stuðning við Trump

MÁLMAUR Að finna listamann í Bandaríkjunum sem styður Donald Trump, nýbakaðan forseta, virðist vera eins og að leita að nál í heystakki. Þess vegna vakti það óskipta athygli þegar Tom Araya, söngvari og bassaleikari Slayer, birti á dögunum fótósjöppaða mynd af Trump og hljómsveit sinni á Instagram-reikningi Slayer. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að Araya var ekki að lýsa yfir stuðningi við Trump, heldur fannst honum gjörningurinn einfaldlega myndinn. Talsmaður Slayer segir sveitina aldrei hafa lýst opinberlega yfir stuðningi við einstaka stjórnmálamenn og munu aldrei gera.



Tom gamli Araya er alltaf sami spaugarinn.



Kolbrún Björnsdóttir.

Laugardagsmorgnar

RÁS 2 Laugardagsmorgnar nefnist nýr morgunþáttur Rásar 2 og er hann á dagskrá frá klukkan 9 til 12 á laugardagsmorgnum. Í þættinum er fjallað um dægurmál, samfélagsmál, umhverfismál, góð ráð gefin og hinna hliðinni á þekktu fólki brugðið upp. Umsjón hafa Kolbrún Björnsdóttir, sem lengi var í morgunútvarpi Bylgjunnar, og leikararnir og útvarpsmennirnir Gunnar Hansson og Felix Bergsson.

Af byltingu



Hjalte Kristgeirsson

RÁS 1 Annar hluti þáttarins Ungverska byltingin 1956 af þremur er á dagskrá Rásar 1 klukkan 15 í dag, laugardag, 23. október síðastliðinn voru liðin 60 ár frá ungversku byltingunni og 4. nóvember 60 ár frá því að Sovétmenn sendu skriðdreka inn í Búdapest og kæfðu byltinguna í blóði. Hjalte Kristgeirsson var ungur námsmaður í Ungverjalandi á þessum tíma og næstu ár á eftir. Hjalte segir frá þessum atburðum, gefur yfirlit um sögu Ungverjalands og greinir þá krafta sem voru að verki. Umsjón hefur Ævar Kjartansson.



Sigurður Hlökkversson, Siggi Hlökk.

Er hver?

BYLGJAN Sigurður Hlökkversson, Siggi Hlökk, sér um þáttinn Veistu hver ég var? á Bylgjunni alla laugardaga milli klukkan 16 og 18:30. Í þessari „gleðistund“ íslensku þjóðarinnar er áhersla lögð á tónlist árianna 1975 til 1995, auk þess sem Siggi ræðir við hlustendur og slær á lauffléttu strengi. Hermt er að „stemmarinn“ sé óvída meiri á byggðu bóli.



U2 árið 1987; Larry Mullen Jr., Adam Clayton, The Edge og Bono.

Hafa enn í fullu tré

U2 hefur aldrei látið fortíðina flækjast fyrir sér en í sumar brjóta fjórmenningarnir odd af oflæti sínu og leika sína vinsælustu plötu, The Joshua Tree, í heild sinni á tónleikum í tilefni af þrítugsafmæli hennar.

Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is

Fimmta breiðskífa írsku rokkhljómsveitarinnar U2, The Joshua Tree, féll strax í frjóa jörð þegar hún kom út í byrjun mars 1987, bæði hjá leikum sem lærðum. Hún hefur selst í bílförnum allar götur síðan og rofið 25 milljón eintaka múrinn. Þegar spekingar koma saman til að ræða bestu og áhrifamestu breiðskífur rokk sögunnar ber The Joshua Tree iðulega á góma.

Eigi að síður hafa aðdáendur U2 örugglega ekki átt von á því að haldið yrði sérstaklega upp á þrítugsafmæli plötunnar í ár enda hefur sveitin verið þekktari fyrir að horfa fram á veginn en að góna í baksýnis-speglana. En viti menn, U2 gerði heyrinkunnugt í síðasta mánuði að sveitin hygðist gera einmitt þetta. Veislan fer þannig fram að platan verður leikin í heild sinni á ríflega þrjátíu tónleikum á risastórum leikvöngum í Norður-Ameríku og Evrópu í allt sumar. Fyrstu tónleikarnir verða í Vancouver 12. maí og þeir síðustu í Brussel 1. ágúst. U2 verður á heimavelli í Dublin 22. júlí.

Eins og heitar lummur

Aðdáendur sveitarinnar létu ekki segja sér þetta tvisvar og seldist yfir milljón aðgöngumiða á fyrsta sólarhringnum. Eftir það var auka-tónleikum bætt við á ýmsum stöðum, svo sem Lundúnum og Róm.

U2-liðar eru frægir fyrir að vera

samfélagslega meðvitaðir og ekki kemur á óvart að það var einmitt breytt staða heims mála sem varð til þess að þeim varð hugsað til The Joshua Tree á þessum tímamarki. U2 vannur nú að glænýrri breiðskífu, Songs of Experience, og skyndilega fóru fjórmenningarnir að efast um erindi hennar við heiminn.

„Bíðum nú hægir, piltar – við þurfum að gefa okkur tíma til að hugsa um þessa plötu og hvernig hún tengist því sem er á seyði í heiminum,“ segir hinn beinskeytti gítarleikari The Edge í samtali við tónlistartímaritið Rolling Stone.

„Hún er að mestu leyti, alla vega 80%, samin fyrir 2016 og á fyrri hluta þess árs og nú geta allir verið sammála um að heimurinn hefur tekið breytingum,“ heldur hann áfram. „Með kjöri Trumps hefur pendúllinn skyndilega sveiflast hraustlega í hina áttina.“

Þá reis The Joshua Tree skyndilega eins og Fönix úr öskunni. „Við vorum að velta afmæli plötunnar fyrir okkur og þá áttuðum við okkur á því, merkilegt nokk, að ástandið hefur eiginlega farið í hring. Platan var samin á miðjum níunda áratugnum, meðan Reagan og Thatcher voru við völd í Bandaríkjunum og Bretlandi, og á þeim tíma var mikil ólga. Thatcher var að berjast við að binda enda á verkfall námananna og svik af ýmsu tagi áttu sér stað í Mið-

Ameríku. Nú er engu líkara en við séum komin á sama stað aftur. Ég held að það eigi ekki við um neitt annað sem við höfum gert og við hugsuðum með okkur: Vá, þessi lög hafa öðlast nýja merkingu og nýjan tilgang í dag, sem átti alls ekki við fyrir þremur til fjórum árum.“

Platan endurfædd

Af sömu ástæðu segir The Edge þá hafa verið sammála um að setja nýju plötuna í salt og velta í rólegheitunum fyrir sér hvort hún væri í raun og veru það sem U2 vildi leggja til heimsálaumræðunnar við þessar breyttu aðstæður.

Meðan félagarnir gera það upp við sig þykir þeim upplagt að halda upp á afmæli The Joshua Tree, enda platan endurfædd í þessu samhengi.

„Við höfum aldrei leyft okkur að halda upp á fortíðina, þar sem við horfum alltaf fram á veginn, en þetta er einstakt tækifæri – og einstök plata,“ segir The Edge. „Þess vegna snúum við okkur nú glaðir í bragði að gamalli plötu sem á samt svo brýnt erindi.“

Bono og The Edge eldsprækir á tónleikum.

Ekki endilega í réttri röð

U2 hefur átt óvenju langan og farsælan feril; flestir líta þó líklega á The Joshua Tree sem hápunktinn. Þar er að finna nokkur af frægustu og vinsælustu lögum sveitarinnar, svo sem Where the Streets Have No Name, I Still Haven't Found What I'm Looking For, With or Without You, Red Hill Mining Town og In God's Country. The Edge staðfestir í samtalinu við Rolling Stone að öll lögín verði leikin á tónleikaferðinni í sumar en ekki endilega í þeirri röð sem þau eru á plötunni. Vinsælustu lögín eru fremst á plötunni og mögulega þarf að hita áhorfendur aðeins upp áður en að þeim kemur. Sum lögín hefur U2 ekki leikið opinberlega mjög lengi og sum jafnvel aldrei.



Lokaþáttur Fanga

SJÓNVARP Lokaþáttur íslensku glæpaseríunnar Fanga, í leikstjórn Ragnars Bragasonar, verður sýndur á RÚV í kvöld. Undanfarna fimm sunnudaga höfum við kynnst Lindu, Brynju, Rögggu og hinum föngunum í kvennafangelsinu og erfðleikunum sem þær glíma við í sínu lífi. Réttarhaldið yfir aðalsöguhetjunni, Lindu, stendur nú sem hæst og í síðasta þætti sakaði hún föður sinn loksins opinberlega um sífjaspell. Tvær grímur eru farnar að renna á móður hennar og fróðlegt verður að sjá málstað hvors hún tekur á endanum, dóttur sinnar eða eiginmanns. Þá var illa komið fyrir hinni tápmiklu Brynju, sem losnað hafði úr haldi, og meðferðarfulltrúinn Breki var líka dottinn í það. Hvaða svör verður okkur boðið upp á í lokaþættinum?



Unnur Ösp Stefánsdóttir sem hin tápmikla Brynja.

Ljósmynd/Lilja Jónsdóttir

Mastodon yrkir um tímann

MÁLMUR Progggoðin í Mastodon hafa hent í enn eina konseptplötuna, Emperor of Sand, og kemur hún út 31. mars nk. Að þessu sinni er viðfangsefni fjórmenninganna sjálfur tíminn og spinna þeir vef kringum mann sem dæmdur er til dauða í stórbrotinni eyðimörk, þar sem illskan ræður ríkjum. „Dauðleikinn er okkur efst í huga að þessu sinni,“ segir Troy Sanders, söngvari og bassaleikari, „og í þeim skilningi er platan óður til ferils okkar í heild sinni en hann spannar sautján ár. En við erum líka að bregðast við því sem hefur gerst undanfarna tvö ár. Raunverulegir atburðir eru okkur alltaf innblástur.“



Morgunblaðið/Styrmir Kári

Troy Sanders á Rokkjötnum í Valhöllinni 2015.



Þorsteinn Garðarsson hjá Sjónvarpsbúðinni með þetta líka myndbandstæki.

MYNDBANDSTÆKIÐ: IN MEMORIAM

Myndbandingar

Í tækinu

Orri Páll Ormarsson
ormi@mbli.is



Fyrir skemmstu bærust mér til eyrna þau ömurlegu tíðindi að framleiðslu á myndbandstækjum og -spólum hefði endanlega verið hætt í þessum heimi. Ég er ekki maður tæknínýjunga og fyrir vikið er þessi staðreynd mér þungbær.

Myndbandstækinu kynntist ég fyrst um og upp úr 1980; þá bjó ekki nokkur venjulegur maður að slíku tæki á sínu heimili en hægt var að leigja þau á þar til gerðum leigum ásamt myndbandsspólum. Í minningunni var þetta gert svona einu sinni í mánuði, yfir eina helgi, og önnur verkefni sett til hliðar meðan furðuverkið fékk óskipta athygli fjölskyldu og oftast en ekki vína. Gott ef vinum manns fjölgaði ekki hreinlega þessar helgar. Alltént tímabundið.

Ekki var farið út í viðskipti af þessu tagi fyrir minna en fimm til sex kvikmyndir í einu og þarna höfðu menn í fyrsta skipti tækifæri til að gerast sínir eigin dagskrárstjórar; ekki láta einhvern mann í jakkafötum fyrir sunnan ráða því á hvað þeir horfðu hverju sinni.

Raunar þurfti íðulega að miðla málum; einkum þegar horft var með mömmu og pabba, enda smekkurinn misjafn. Þarna var ég mest fyrir bandaríska vestra og fengu þeir jafnan að fljóta með.

Hefur hann verið áður?

Svokallaðar smásiur nutu líka hylli á þessum árum og mikið var á sig lagt til að komast yfir alla vega eina slíka í hverju akkordsglápi. Seríurnar voru venjulega í þremur hlutum og þegar seinasta hlutanum var skellt í tækið var faðir minn ósjaldan með sömu spurninguna: „Hver er þetta? Hefur hann verið

áður?“ Og átti þar við aðalpersónuna í seríunni.

Einn af fyrstu mönnunum til að eignast myndbandstæki var Magnús móðurbróðir minn enda hefur hann alla tíð staðið tæknilega framarlega. Hann veðjaði á þeim tíma á Beta-max-kerfið sem sérfræðingar spáðu lengra lífi en VHS. Þeir höfðu rangt fyrir sér. Beta-spólurnar voru smærri og meðfærilegri en VHS-spólurnar og Maggi kom sér hratt upp góðu safni efnis sem hann tók upp úr sjónvarpinu – sem hefur örugglega verið kolólöglegt. Vona að hann lendi ekki í vandræðum út af þessu núna! Hann átti til dæmis mikið af hinum merku tónlistarþáttum Skonrok(k)i og alla Stiklupætti Ómars Ragnarssonar. Þá er mér alltaf minnisstæð kaldastríðsháðsádeilu-myndin One, Two, Three með James Cagney. Hana keypti ég síðar á DVD og lánaði aðstoðarráttgjafa þessa blaðs hana fyrir allnokkru. Minni hann hér með á að skila henni!

Magnús móðurbróðir bjó fyrir sunnan og fyrir vikið hafði ég, búsettur á Akureyri, takmarkaðan aðgang að Beta-tækinu hans. Til allrar hamingju átti annar frændi minn fyrir norðan, Þórarinn Sveinn, líka myndbandstæki, VHS. Sá ágæti maður lenti reglulega í ferðalögum og þá fengum við tækið hans gjarnan lánað. Það var þeirrar mergjuðu náttúru að skyrpa spólunum reglulega út úr sér svo þær magalentu á miðju stofugólfinu. Þá var ekki annað að gera en standa á fætur og skella þeim aftur í tækið.

Mín fjölskylda eignaðist sitt fyrsta myndbandstæki laust fyrir jóln 1985. Það notaði ég sér í lagi til að taka upp beinar útsendingar frá ensku knattspyrnunni og sit nú á mörg hundruð leikjum. Fyrir nokkrum árum óskaði vinur sonar míns eftir því að fá að skoða þetta merka safn og fylgdi því eftir með eftirfarandi spurningu: „Hvenær horfirðu á þetta allt?“

Því var fljótsvarað: Aldrei!

ROBERTS OG DAVIS Í NÝRRI MYND

Snertu ekki barnið mitt!

Kvikmyndir Stórleikkonurnar Julia Roberts og Viola Davis munu leika í nýrri kvikmynd sem byggist á bókinni *Small Great Things* eftir Jodi Picoult en hún fjallar um kynþáttafordóma. Vefurinn Deadline greinir frá þessu. Davis mun leika ljósmóður sem hvítt par, sem hefur andstyggð á öðrum kynþáttum, bannar að snerta nýfætt barn sitt. Barnið deyr og ljósmóðirin er dregin fyrir dómstóla sökuð um morð. Sagan er lauslega byggð á sönnum atburðum.

Ekki liggur fyrir með hvaða hlutverk Roberts mun fara en Deadline gerir því skóna að hún muni leika verjandann í málinu.

Ekki kemur fram hver muni leikstýra myndinni en framleiðandi verður Marc Platt, sem framleiddi söngvamyndina *La La Land* sem þykir líkleg til að hreppa Óskarsverðlaunin síðar í þessum mánuði.

Viola Davis hefur líka verið nefnd í því samhengi en hún þykir fara á kostum í sinni síðustu mynd, *Fences*. Vann meðal annars til Golden Globe-verðlaunanna og Screen Actors Guild-verðlaunanna fyrr á þessu ári.



Viola Davis veitir Screen Actors Guild-verðlauninum viðtöku á dögnum.

Julia Roberts lék síðast í *Money Monster* ásamt George Clooney og gamanmyndinni *Mother's Day*.

Small Great Things er önnur bók Picoult sem ratar á hvíta tjalðið en hún skrifaði einnig *My Sister's Keeper*. Það var Cameron Diaz sem fór með aðalhlutverkið í þeirri mynd.

Þetta verður ekki í fyrsta skipti sem Roberts og Davis leika saman en þær voru líka í *Eat Pray Love* eftir Ryan Murphy árið 2010.

Hvorki liggur fyrir hvenær tölur á *Small Great Things* hefst né hvenær hún verður frumsýnd.

FERMING

í Blómavali

Árituð kerti

Hanskar

Áritaðar sálmaþækur

Áprentaðar servíettur

ÚTVARP OG SJÓNVARP



Vantar þig auka-pening?

Dreifingardeild

Morgunblaðsins leitar að dugmiklu fólki 13 ára og eldra, til að bera út blöð.

Blaðburður fer fram mánudaga til laugardaga og þarf að vera lokið fyrir kl. 7 á morgnana.

Allar nánari upplýsingar í síma 569 1440 eða dreifing@mbl.is

Hafðu samband í dag

og byrjaðu launaða líkamsrækt strax á morgun.
www.mbl.is/laushverfi

Allir blaðberar Morgunblaðsins fara í blaðberaklúbbinn sem veitir ýmis fríðindi. Eins og til dæmis:

- **Fjallakofinn** 15% afsláttur af SCARPA gönguskóm og 10% afslátt af öðru.
- **Lemon** 20% afslátt á öllum Lemon stöðum.
- **SmáraTívoli** 20% afsláttur af tímakortum.
- **Bakameistarinn** 10% afsláttur af eigin framleiðslu.
- **Sambíóin** Mánudagsbíó, afslættir af miðum á mánudögum.
- **Edda útgáfa** 25% afsláttur á bókum.
- **Dalía blómaverslun** 10% afsláttur.
- **Lín design** 15% afsláttur.
- **Istore** 4% afsláttur af tölvum og ípad. 10% afsláttur af fylgihlutum.
- **Stilling** 12% afsláttur.
- **Örninn reiðhjólaverslun** 10% afsláttur.

Morgunblaðið

RÚV

07.00 ► KrakkaRÚV
10.15 ► Krakkafréttir vikunnar (e)
10.35 ► Ævar vísindamaður (*Umhverfið*)
11.00 ► Silfríð Umræðubátturinn Silfríð snýr aftur.
12.10 ► Andri á flandri í túristalandi (e)
12.40 ► Keep Frozen (e)
13.50 ► Reykjavíkurleikar: Listhlaup á skautum Bein útsending
15.30 ► Reykjavíkurleikar: Keila Bein útsending
17.00 ► Stórmót ÍR Mótið var fyrst haldið árið 1997 á 90 ára afmæli ÍR. Síðan hefur það vaxið hratt.
17.30 ► Menningin 2017
17.50 ► Tákn málsfréttir
18.00 ► Stundin okkar Í
18.25 ► Sírkussjómennirnir Þáttaröð um fjóra félaga sem ferðast um heiminn.
18.55 ► Kódinn – Saga tölvunnar (e)
19.00 ► Fréttir
19.25 ► Íþróttir
19.35 ► Veður
19.45 ► Landinn Þáttur um lífið í landinu.
20.15 ► Bítarnir að eilífu – Lucy in the Sky with Diamonds Nokkrir tónlistarmenn kryfja ódauðleg Bítalög en hver þáttur fjallar um eitt tiltekið lag.
20.25 ► Paradísarheimt Í nýrri þáttaröð ræðir Jón Ársæll Þórðarson við fólk sem á við geðrænan vanda að stríða.
21.00 ► Fangar . Líf Lindu og fjölskyldu hennar umturnast þegar hún er fangelsi eftir að hafa ráðist á föður sinn. B. börnum.
21.55 ► Svikamylla (*Bedrag*) Danskir sakamálaþættir um siðleysi og klækjabrögð í frumskógi fjármálaheimsins. Bannað börnum.
23.00 ► Norrænir bió dagar: Bréf til konungs (*Brev til kongen*) Kvikmynd um sexmenninga sem fara í dagsferð til Oslóar frá flóttamannabúðunum. Bannað börnum.
00.15 ► Útvarpsfréttir í dag-skrárlök

Sjónvarp Símans

08.00 ► America's Funniest Home Videos
08.20 ► King of Queens
09.05 ► How I Met Y. Mother
09.50 ► American Housewife
10.15 ► The Mick
10.35 ► Superstore
11.00 ► Dr. Phil
13.00 ► The Tonight Show
14.20 ► The Biggest Loser
15.50 ► The Office
16.20 ► The Muppets
16.45 ► Psych
17.30 ► The Good Place
17.50 ► No Tomorrow
18.35 ► Everybody Loves Raymond
19.00 ► King of Queens
19.25 ► How I Met Y. Mother
19.50 ► Rachel Allen: All Things Sweet
20.15 ► Chasing Life Þáttaröð um unga konu sem fær þær fréttir að hún sé með krabbamein.
21.00 ► Law & Order: Special Victims Unit fylgst er með sérsveit lögreglunnar í New York.
21.45 ► The Affair Þáttaröð um Noah Solloway sem hélt framhjá eiginkonu sinni og áhrifin sem það hafði á líf allra.
22.30 ► The Walking Dead Rick Grimes og félagar þurfa að glíma við uppvakninga og ýmsa svikara í baráttunni til að lifa.
23.15 ► Intelligence Gabriel Vaughn er með ígrædda örfloðu í heilanum sem gerir hann að fyrstu mannlegu ofurtölvunni.
24.00 ► Hawaii Five-0
00.45 ► Blue Bloods
01.30 ► Law & Order: SVU
02.15 ► The Affair
03.00 ► The Walking Dead
03.45 ► Intelligence

Hringbraut

20.00 ► Bryggjan
20.30 ► Ritstjórnir
21.00 ► Karl Ágúst og sonur
21.30 ► Mannamál
22.00 ► Þjóðbraut
23.00 ► Ferðalagió
Endurt. allan sólarhringinn.

Stöð 2

07.00 ► Barnaefni
12.00 ► Nágrannar
13.45 ► Meistaramánuður
13.55 ► Bright Lights: Starring Debbie Reynolds and Carrie Fisher
15.30 ► Masterchef Professionals – Australia
16.15 ► The Heart Guy
17.05 ► Gulli byggir
17.35 ► Flúr & fólk
18.00 ► Heimsókn
18.30 ► Fréttir
18.55 ► Sportpakkinn
19.10 ► The Simpsons
19.35 ► Kevin Can Wait
20.00 ► Satt eða logið Íslensk útgáfa af hinum geysivinsælu þáttum Wo-uld I lie to you? -
20.35 ► The Witness for the Prosecution Þegar vellauðug yfirstéttarfrú finnst myrt á heimili sínu í London þá upphéfst snúin lögreglurannsókn
21.20 ► Apple Tree Yard Yvonne lifir hefðbundnu lífi í útverfi London ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum.
22.15 ► Taboo
23.15 ► 60 Minutes
24.00 ► Suits
00.45 ► Six
01.35 ► Shameless
02.30 ► Amy
04.35 ► Murder in the First
05.20 ► Backstrom

Bíóstöðin

07.40/14.45 ► Semi-Pro
09.10/16.20 ► Away & Back
10.45/18.00 ► Hyde Park On Hudson
12.20/19.35 ► Funny People
22.00/03.30 ► Phone Booth
23.25 ► What Lies Beneath
01.35 ► Bessie

N4

18.00 ► Að Norðan
18.30 ► Hvítir mávar
19.00 ► Að sunnan
19.30 ► Hvað segja bændur? (e)
20.00 ► Föstudagsþáttur
20.30 ► Auðæfi hafsins (e)
21.00 ► Nágrannar á norðurslóðum
Endurt. allan sólarhringinn.

Stöð 3

16.20 ► Last Man On Earth
16.45 ► Schitt's Creek
17.10 ► Weird Loners
17.35 ► Sullivan & Son
18.00 ► The Goldbergs
18.25 ► Married
18.50 ► Raising Hope
19.15 ► The New Girl
19.40 ► Modern Family
20.05 ► Bob's Burgers
20.30 ► American Dad
20.55 ► Out There
21.20 ► Longmire
22.05 ► The Sopranos
23.05 ► Grimm

Stöð 2 sport

06.40 ► South. – West Ham
08.20 ► Watford – Burnley
10.00 ► WBA – Stoke
11.40 ► Newcastle – Derby
13.20 ► Man. C. – Swansea
15.50 ► Leicester – Man. U.
18.10 ► Barcel. – A. Bilbao
19.50 ► Celta – Real Madrid
21.30 ► Road to the S. Bowl
22.30 ► Super BOWL 51

Stöð 2 sport 2

07.00 ► Everton – B.mouth
08.40 ► T.ham – M.brough
10.20 ► Chelsea – Arsenal
12.00 ► Hull City – Liverpool
13.40 ► Road to the S. Bowl
14.40 ► B. Munch. – Schalke
16.20 ► Valur – Keflavík
18.00 ► Þór Þ. – KR
19.40 ► Celta – Real Madrid
21.50 ► kórufoltakvöld
23.30 ► Man. C. – Swansea

Krakkastöðin

07.00 ► Barnaefni
18.00 ► Strumparnir
18.22 ► Hvellur keppnisbíll
18.34 ► Stóri og litli
18.46 ► Gulla og græn.
19.00 ► Hrúturinn Hreinn

INN

20.00 ► Borgin Kiddi K tekur þúlsinn á borgarlífinu
22.00 ► Hrafnaping
23.00 ► Hvíta tjaldið Umsjón: Þórir Snær
23.30 ► Eldhús meistaranna Maggi ferðast um landið. Endurt. allan sólarhringinn.

Rás 1 92.4 • 93.5

06.55 Morgunbæn og orð dagsins. Séra Arndís G. Bernhar-dsdóttir Linn flytur.
07.00 Fréttir.
07.03 Gími, grúsk og glóriur.
08.00 Morgunfréttir.
08.05 Á tónsviðinu.
09.00 Fréttir.
09.03 Samtal. Gísli Sigurðsson og Ævar Kjartansson ræða við Edward H. Huijbens um sjálfsmynd einstaklinga og hópa.
10.00 Fréttir.
10.05 Veðurfregnir.
10.15 Bók vikunnar. Ámi Kristjánsson ræðir við gesti þáttarins, Árna Bergmann og Kötlu Hólm Þórhildardóttur, um bók vikunnar, 1984 eftir George Orwell.
11.00 Guðsþjónusta í Neskirkju. Séra Steinunn Amprúður Björnsdóttir predikar. Organisti: Steingrímur Þórhallsson.
12.00 Hádegisútgáfa.
12.20 Hádegisfréttir.
12.40 Veðurfregnir.
13.00 Sögur af landi. Landsbyggðin, höfuðborgin og allt þar á milli.
14.00 Viðsjá.
15.00 Ungverska byltingin 1956. Byltingin í Ungverjalandi 1956. Aðdragandi, eðli og eftirköst. Hjalti Kristgeirsson segir frá.
16.00 Síðdegisfréttir.
16.05 Myrkir músíkdagar 2017. Hljóðritun frá tónleikum Kammersveitar Reykjavíkur í Norðurljóssal Hörpu 28. janúar sl.
17.25 Orð af orði.
18.00 Kvöldfréttir.
18.10 Reykjavíkurnætur. (e)
18.50 Veðurfregnir.
18.53 Dánarfregnir.
19.00 Óskastundin. (e)
19.40 Fólk og fræði. Sattamiðun er ævaform aðferð sem er beitt við lausn ágreinings. (e)
20.10 Orð um bækur. (e)
21.05 Gestaboð. (e)
22.00 Fréttir.
22.05 Veðurfregnir.
22.10 Heimur óperunnar. Forleikir og hljómsveitarkafar úr óperum frá fyrri hluta 19. aldar og fram undir miðja 20. öld
23.10 Frjálsar hendur.
24.00 Fréttir.
00.05 Næturútgáfa Rásar 1.

Omega

14.00 ► Samverustund
15.00 ► Joel Osteen
15.30 ► Cha. Stanley
16.00 ► S. of t. L. Way

16.30 ► Kall arnarins
17.00 ► T. Square Ch.
18.00 ► K. með Chris
18.30 ► Ísrael í dag

19.30 ► G. göturnar
20.00 ► B. útsending
21.00 ► Filadelfía
22.30 ► Kvikmynd

Erlendar stöðvar

ANIMAL PLANET

16.20 Treehouse Masters **17.15** Dr. Jeff: Rocky Mountain Vet
18.10 The Vet Life **19.05** Dr. Dee: Alaska Vet **20.50** Treehouse Masters **20.55** Gator Boys **22.45** Man, Cheetah, Wild (2x60)
23.40 O'Shea's Big Adventure

BBC ENTERTAINMENT

15.50 Police Interceptors **16.35** Motorheads **17.25** Rude (ish) Tube **19.25** Live At The Apollo **20.10** The Graham Norton Show **21.00** Live At The Apollo **21.45** Uncle **22.15** Rude (ish) Tube
DISCOVERY CHANNEL
15.00 Edge of Alaska **16.00** Alaska Mega Machines **17.00** Cars That Rock with Brian Johnson **18.00** Salvage Hunters **19.00** Mighty Trains **20.00** You Have Been Warned **21.00** Everest Rescue **22.00** Gold Rush **23.00** Alaska

EUROSPORT

15.45 Cross-Country Skiing **16.30** Live: Athletics **17.30** Luge **18.00** Chasing History **19.00** Live: Snooker **22.00** Equestrianism **23.00** Ski Jumping
NATIONAL GEOGRAPHIC
16.15 Death Of A Mars Rover **17.00** Feast Of The Grizzly **17.10** Inside The American Mob **17.48** Hippo Vs Croc **18.37** World's Deadliest **19.00** Facing. **19.26** Feast Of The Grizzly **20.00** The Story Of God With Morgan Freeman **20.15** Hippo Vs Croc **21.00** Before The Flood **21.03** Insect Wars **21.52** Wild Winter **22.41** Feast Of The Grizzly **23.00** Highway Thru Hell **23.30** Hippo Vs Croc **23.55** Antarctica

ARD

16.15 Tagesschau **16.30** Nadia. Auf der Suche nach dem ziemlich besten Leben **17.00** Sportschau **17.30** Bericht aus Berlin **17.49** Gewinnzahlen Deutsche Fernsehlotterie **17.50** Lindenstraße **18.20** Weltspiegel **19.00** Tagesschau **19.15** Tatort **20.45** Anne Will **21.45** Tagesthemen **22.05** tit – titel thesen temperamente **22.35** Song for Marion
DR1
15.35 HåndboldSøndag: Team Esbjerg-Györi (k), direkte **17.30** TV AVISEN med Sporten og Vejret **18.00** Den frosne planet **18.50** Bag om den frosne planet **19.00** Arvingerne III **20.00** 21 Søndag **20.40** Sporten **20.50** Camilla Läckbergs Isprinsessen **22.45** Kærestesorger
DR2
15.20 Kellys helte **17.40** Kampen om hampen **19.00** Los Angeles' vilde hunde **20.00** Felix og Vagabonden II **20.45** Vi ses hos Clement **21.30** Deadline **22.00** JERSILD minus SPIN **22.50** Triple Cross – verdenskrigens mester-spion
NRK1
15.45 Sport i dag **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Hvem tror du at du er? **20.15** Valkyrien **21.00** Innafor: Kjøp meg **21.45** Meg-lerne **22.00** Kveldsnytt **22.15** Presten **22.45** Hva feiler det deg? **23.25** Mesternes mester
NRK2
12.00 V-cup hopp: Kvinner **13.30** Anno **14.30** Skavlan **15.30** Norge rundt og rundt

15.55 Hovedscenen: Daniil Trifonov solist med Berlin Filharmoniske Orkester **17.25** Mitt yrke: Lektor **17.30** Åtte årstider **18.10** Kjoretøy fra den kalde krigen **18.20** Tema: Hvordan mette verden?: Spis – ikke kast **19.15** Tema: Hvordan mette verden?: Utan mat og drikk **20.00** Nyheter **20.10** Silik ble de Beatles **21.00** R – Slå først, slå hardest **22.40** Stemmene i hodet **23.20** Tellus

SVT1

11.50 Vinterstudion med SM-veckan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Lokala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sportspegeln **18.30** Rapport **18.55** Lokala nyheter **19.00** Så ska det låta **20.00** Innan vi dör **21.00** Akuten **21.50** SVT Nyheter **21.55** Jag ålskade våldet **22.55** Mord och inga visor **23.40** Elits-tyrkans hemligheter

SVT2

10.00 Styr den opp **11.00** SVT Nyheter **11.05** Kuling 265 dagar om året **11.20** Skicross: Världscupen Feldberg **13.00** Marley **15.20** Sverige idag på romani chib/kalderash **15.25** SVT Nyheter **15.30** Sverige idag på mellan-kieli **15.35** Isklättring i Vettisfossen **16.00** Kortfilmsklubben – engelska **16.26** Kortfilmsklubben – franska **16.46** Kortfilmsklubben – spanska **17.00** Finska segrar **17.30** Bastubaletten **18.00** Världens natur: Den förbjudna floden **18.50** Vinter **19.00** Idévärlden **20.00** Aktuellt **20.15** Agenda **21.00** Dokument utifrån: Låt öknens grönska **21.55** Gudstjänst **22.40** Skörheten **23.40** 24 Vision



MJÚKÍS ÁRSINS 2017

Mjúkís



— MED —
PISTASÍUHNETUM

1L



Mjúkís ársins 2017 er klassískur pistasíúís. Rjómakennd áferð og mildur hnetukeimur einkenna þennan ís sem nýtur sín vel bæði einn síns liðs og með öðrum Mjúkísum.

NATUZZI Italia

leðursófi á frábæru verði

Dado Model 2822

L214 cm leður ct.10

299.000,-

L174 cm leður ct.10

259.000,-



Framleiðsla Natuzzi Italia fer fram í ítölskum verksmiðjum.

Leður, viður og áklæði eru unnin af handverksmönnum sem eru sérfræðingar á sínu sviði á Ítalíu.

Markmið Natuzzi liggur í að veita viðskiptavinum sínum bestu gæði á sem samkeppnishæfasta verði.

100% made in Italy
www.natuzzi.com

Skeifunni 8 | Sími 588 06

Casa

Morgunblaðið

SUNNUDAGUR 5. FEBRÚAR 2017



Ristað brauð og hafragrautur er vinsæll morgunmatur hérlandis.

Morgunmaturinn heima

Að Íslendingar borði morgunmatinn heima hjá sér vekur athygli.

„Ef þú ert Ameríkani sem fær sér að borða í bílnum alla morgna á leiðinni í vinnuna, þá ertu ekki að borða morgunmatinn eins og þeir snæða hann á Íslandi.“ Svo skrifar greinahöfundur Huffington Post í grein sem birtist á vefsíðu bandaríska fjölmiðilsins á föstudag en hún fjallar um ólíkar morgunverðarvenjur nokkurra þjóða, þar á meðal Íslendinga.

Að Íslendingar borði morgunmatinn heima hjá sér vekur helst athygli greinahöfundar enda eru vegalengdirnar talsvert styttri hérlandis milli heimahúsa og vinnustaða en gengur og gerist í Bandaríkjunum og víðast hvar erlendis. Vitnað er í Auði Ösp Ólafsdóttur, eiganda bloggsíðunnar og ferðahjónustufyrirtækisins I heart Reykjavík, en hún segir að meðan margir Íslendingar byrji morguninn á ristuðu brauði og kaffi borði aðrir stóra skál af hafragraut og margir taki lýsi, enda bráðnaúðsynlegur vítamínjafi í skammdeginu.



Bandaríkjamenn þurfa margir að setta sig við það að borða morgunmatinn í bílnum.

GAMLA FRÉTTIN

Hrópyrði í stað raka

„Heildarmyndin af útvarps- umræðunum, sem fram fóru í gærkvöldi um tillögu Sjálfstæðismanna um þingrof og nýjar kosningar í sumar var sú, að Sjálfstæðismenn báru þar mikinn sigur af hólmi. Allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar gáfust upp við að svara þeirri fyrirspurn Ólafs Thors, formanns Sjálfstæðisflokksins, hvort vinstri stjórnin hefði efnt lofordin, sem flokkar hennar gáfu kjósendum fyrir alþingiskosningarnar á s.l. sumri.“

Með þessum orðum hófst frétt á baksíðu Morgunblaðsins fyrir réttum sextíu árum, 5. febrúar 1957. Ekki er útilokað að Tíminn, Alþýðublaðið og Þjóðviljinn hafi séð téðar umræður í öðru ljósi, en dagblöð voru hvergi feimin við að draga taum sinna flokka á



Bjarni Benediktsson



Hermann Jónasson



Ólafur Thors

þessum árum. Þarna sat vinstri- stjórn undir forystu Hermanns Jónassonar, formanns Framsóknarflokksins.

Enn fremur sagði í frétt blaðsins: „Síðari ræðumaður Sjálfstæðisflokksins í umræðunum, Bjarni Benediktsson, l. þm. Reykvíkinga, komst m.a. að orði

á þessa leið, eftir að hafa rakið svik ríkisstjórnarinnar í hverju málinu á fætur öðru: – Þannig fer þegar hentistefnan er látin ráða, loford eru gefin, sem ekki er hægt að standa við, hrópyrði eru notuð í stað raka, valdabaráttan í stað leitar að raunverulegum vanda þjóðfélagsins.“

ÞRÍFARAR VIKUNNAR



Richard Stallman
eðlisfræðingur



Freysteinn Jóhannsson
blaðamaður



Mandy Patinkin
kvikmyndaleikari